




JAFNRÉTTISÞING

2011





JAFNRÉTTISÞING

2011

Skýrsla velferðarráðherra um stöðu og
þróun jafnréttismála

Jafnrétti kynjanna í tölum

Velferðarráðuneytið
Febrúar 2011



Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Febrúar 2011

Umbrot og hönnun kápu: Hugsá sér! (hugsaser.is)
Prentun: Prentsmiðjan Víðey

ISBN: 978-9979-868-60-6



EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA UM STÖÐU OG ÞRÓUN JAFNRÉTTISMÁLA

I. INNGANGUR	7
II. STAÐA OG ÞRÓUN JAFNRÉTTISMÁLA.	13
A. STJÓRNSÝSLAN.	13
i. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja.	13
ii. Kynjasamþætting	13
iii. Kynjuð fjárlagagerð.	14
iv. Bæklingur fyrir erlendar konur á Íslandi	15
v. Hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ráðuneytanna	15
B. ÁHRIF EFNAHAGSPRENGINGA Á KYNIN.	16
i. Jafnréttisvaktin.	16
ii. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis – kynjafræðilegt sjónarhorn	18
C. ATVINNUMÁL KVENNA OG KARLA.	19
i. Atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði.	19
ii. Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs	22
iii. Kynbundinn launamunur	27
iv. Kynbundið náms- og starfsval	32
v. Staða kvenna og karla innan opinberrar stjórnsýslu	36
vi. Staða karla og kvenna hjá dómstólum	39
vii. Kyn og völd.	40
viii. Konur í forystu fyrirtækja.	41
D. STJÓRN MÁLAÞÁTTTAKA KVENNA OG KARLA	43
i. Alþingi.	43
ii. Sveitarstjórnir	45
iii. Stjórnlagáping.	48
E. AÐGERÐIR GEGN KYNBUNDNU OFBELDI	48
i. Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum	48
ii. Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum	48
1. Símakönnun.	49
2. Rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd	50
3. Rannsókn hjá grunnskólum	50
4. Rannsókn hjá heilbrigðisþjónustu	51
5. Rannsókn hjá félagasamtökum	51
6. Rannsókn hjá lögreglu.	52



iii. Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi 2011–2015	52
iv. Verkefnið Karlar til ábyrgðar.	52
v. Mansal	53
vi. Breytingar á almennum hegningarlögum í tengslum við kynbundið ofbeldi	54
1. Kaup á vændi gerð ólögleg	54
2. Nektarsýningar bannaðar með öllu	56
vii. Kvennaathvarf	56
viii. Stígamót	57
ix. Starfsemi Neyðarmóttöku á Landspítala	58
x. Fjöldi mála vegna brota á ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga	60
F. HEILBRIGÐISMÁL	60
i. Barneignir á Íslandi.	60
ii. Fóstureyðingar	61
iii. Tæknifrjógvun	61
iv. Bólusetning gegn HPV-smíti og leghálskrabbameini	62
v. Lífsvenjur og heilsa.	62
G. Forsjá barna við skilnað foreldra	63
H. MENNTAMÁL, FJÖLMIÐLAR OG RANNSÓKNIR Í KYNJAFRÆÐUM	64
i. Menntamál.	64
ii. Kynin í fjölmiðlum	65
iii. Rannsóknir	66
1. Hagskýrslugerð hjá Hagstofu Íslands.	66
2. Öndvegissetrið EDDA	66
I. KYN OG LOFTSLAGSMÁL	67
J. Erlent samstarf á sviði jafnréttismála.	67
i. Sameinuðu þjóðirnar	67
1. Kvennanefndin	69
2. Samningurinn um afnám allrar mismununar gegn konum	69
ii. Samstarf á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagsvæðið og Evrópuráðsins	69
1. Almennt	69
2. Progress-áætlunin	70
3. Daphne III	70
iii. Norðurlandasamstarf á sviði jafnréttismála	71
iv. Jafnréttisskólinn.	72
K. KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA	72
L. Dómar Hæstaréttar Íslands í jafnréttismálum.	73
i. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 686/2008, frá 24. september 2009	73
ii. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 25/2009, frá 10. október 2009	73



VIÐAUKI – KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI

Mannfjöldi, íbúar og fjölskyldur	76
<i>Tafla 1 Mannfjöldatölur - yfirlit ára 2009 og 2010</i>	<i>76</i>
<i>Mynd 1 Miðársaldur Íslendinga árin 2010 og 1950</i>	<i>76</i>
<i>Mynd 2 Fjölskyldugerðir, ekki einstaklingar, árið 2010</i>	<i>77</i>
<i>Mynd 3 Foreldrar í launuðu fæðingarorlofi eftir fæðingarári barns 2008</i>	<i>77</i>
<i>Mynd 4 Brottluttir frá Íslandi, án aðfluttra</i>	<i>78</i>
<i>Mynd 5 Hjónavígslur og lögskilnaðir á Íslandi frá 1997 til 2009</i>	<i>78</i>
Stjórnsmál	79
<i>Mynd 6 Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir kyni 1983 til 2009</i>	<i>79</i>
<i>Mynd 7 Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni 1963 til 2009</i>	<i>80</i>
<i>Mynd 8 Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn eftir kyni frá 1978 til 2010</i>	<i>80</i>
Áhrifastöður	81
<i>Mynd 9 Framkvæmdarstjórar eftir kyni</i>	<i>81</i>
<i>Mynd 10 Hlutfall kynja meðal stjórnarformanna 100 stærstu fyrirtækja landsins</i>	<i>81</i>
<i>Mynd 11 Hlutfall karla og kvenna meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu fyrirtækja</i>	<i>82</i>
<i>Mynd 12 Hlutfall karla og kvenna meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu</i>	
<i>fyrirtækja landsins</i>	<i>82</i>
<i>Mynd 13 Konur og karlar í áhrifastöðum á Íslandi árin 2009 og 2010.</i>	<i>83</i>
<i>Mynd 14 Aðalmenn í bankaráði Seðlabanka Íslands 1991 til 2011</i>	<i>83</i>
Vinnumarkaður	84
<i>Mynd 15 Hlutfall kynja meðal starfsstétta árið 2009</i>	<i>84</i>
<i>Mynd 16 Hlutfall fyrirtækja með 25 starfsmenn og fleiri sem hafa</i>	
<i>jafnréttisáætlun 2008</i>	<i>84</i>
<i>Mynd 17 Atvinnuþátttaka karla og kvenna á Íslandi.</i>	<i>85</i>
<i>Mynd 18 Heildarlaun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði</i>	<i>85</i>
<i>Mynd 19 Þróun atvinnuleysis meðal karla og kvenna á Íslandi</i>	<i>86</i>
<i>Mynd 20 Heildarlaun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði</i>	<i>87</i>
<i>Mynd 21 Starfandi eftir starfsstéttum</i>	<i>87</i>
<i>Mynd 22 Regluleg laun (meðaltal f. fullvinnandi) á almennum vinnumarkaði</i>	<i>88</i>
<i>Mynd 23 Kyn stjórnarmanna fyrirtækja eftir atvinnugreinum</i>	<i>88</i>



<i>Mynd 24 Forstöðumenn ríkisstofnana eftir ráðuneytum</i>	89
Menntun	90
<i>Mynd 25 Skráðir nemendur í skólum á háskólastigi eftir kyni 1980 til 2009.</i>	90
<i>Mynd 26 Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði og kyni</i>	90
<i>Mynd 27 Starfsfólk eftir starfsheiti við háskóla á Íslandi 2010</i>	91
<i>Mynd 28 Menntun meðal 25 til 64 ára árið 2009.</i>	91
Heilbrigðismál.	92
<i>Mynd 29 Lífslíkur við fæðingu 1931 til 2009.</i>	92
<i>Mynd 30 Meðalaldur Íslendinga 1910 til 2010</i>	92
<i>Mynd 31 Vismenn á stofnunum fyrir aldraða á Íslandi</i>	93
<i>Mynd 32 Ófrjósemisaðgerðir karla og kvenna á Íslandi.</i>	93
<i>Mynd 33 Fóstureyðingar 1983 til 2009.</i>	94
<i>Mynd 34 Krufningar eftir kyni 1997 til 2009</i>	94
Kynbundið ofbeldi.	95
<i>Mynd 35 Hlutfall íslenskra og erlendra kvenna af skjólstaðingum Kvennaathvarfs</i>	95
<i>Mynd 36 Komur á neyðarmóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss 2005 til 2010</i>	95



I. Inngangur

Tvö ár eru liðin frá því að síðasta jafnréttisþing var haldið í janúar 2009. Lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, gera ráð fyrir að velferðarráðherra boði til jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum. Alþingiskosningar voru síðast haldnar vorið 2009. Í ljósi þess hversu skammur tími var liðinn frá því að jafnréttisþing var síðast haldið var ákveðið að miða við að jafnréttisþing yrði aftur haldið að tveimur árum liðnum. Verður þingið því haldið í annað skipti 4. febrúar 2011 á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Skýrsla þessi um stöðu og þróun jafnréttismála er lögð fyrir jafnréttisþingið, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laganna, en skýrslunni er ætlað að gefa yfirlit yfir stöðu og þróun jafnréttis kynja á helstu sviðum samfélagsins, svo sem á vinnumarkaði hvað varðar þróun kynbundins launamunar, atvinnuþátttöku kvenna og karla, þátttöku kvenna og karla í stjórnámum og kynjahlutfallið í opinberum nefndum, ráðum og stjórnnum. Jafnframt gera löggin ráð fyrir að í skýrslunni komi fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Þar sem slík áætlun hefur ekki verið í gildi frá síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 er ekki að finna slíka umfjöllun í skýrslunni. Hins vegar lagði ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í nóvember 2010 og fór fyrri umræðan fram í þinginu 20. janúar 2011.

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM ÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM TIL FJÖGURRA ÁRA.

Sú tillaga að þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem er til umræðu á Alþingi er með nokkuð breyttu sniði frá því sem verið hefur. Í stað þess að telja upp verkefni eftir hverju ráðuneyti er áætluninni skipt í kafla eftir áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar hvað varðar jafnrétti kynja. Þar ber fyrst að nefna verkefni sem miða að því að tryggja að stjórnvöldin viðhafi vinnubrögð sem eru til þess fallin að auka jafnrétti kynja í samfélaginu. Áhersla er lögð á að stjórnvöld samþætti kynjasjónarmið inn í alla stefnumörkun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Sérstaklega er talið þýðingarmikið að kynjasamþættingu sé beitt í öllu fjárlagaferlinu og er því lagt til sérstakt verkefni þar sem gert er ráð fyrir að kynjuð fjárlagagerð sé innleidd í áföngum á árunum 2011–2014. Afar brýnt þykir að bæði kynin komi að málum við ákvarðanatöku og stefnumótun og er því áfram áhersla á að ráðuneytin nái 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir. Fellur það í hlut sérstakrar ráðherranefndar að fylgja eftir úrbótum innan stjórnkerfisins á þessu sviði.

Kynbundinn launamunur er viðvarandi vandamál á innlendum vinnumarkaði og er því mikilvægt að gripið verði til raunhæfra aðgerða til að koma megi í veg fyrir þann launamun. Lagt er því til í tillögu ráðherra að gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun. Þýðingarmikið er að þróaðar verði nokkrar aðgerðir til að aðstoða þá sem taka ákvarðanir um laun á innlendum vinnumarkaði við að nota sömu viðmið við að ákvarða laun kvenna og karla. Enn fremur er sérstök áhersla lögð á fæðingarorlof feðra enda hætta á að þær skerðingar sem orðið hafa innan fæðingarorlofskerfisins hafi meiri áhrif á fæðingarorlof feðra en mæðra. Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs hefur einnig verið talin mikilvægur þáttur við að koma á jafnrétti kynjanna í samfélaginu.

Sérstakur kafli skýrslunnar fjallar um kyn og völd. Þar er sjónum beint að þátttöku kvenna í sveitarstjórnarmálum en eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2010 voru konur tæp 40% allra fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum og eru þær í meirihluta í sextán sveitarstjórnnum. Sveitarstjórnarstigið verður sífellt mikilvægara enda annast það flest það sem tengist daglegu lífi fólks. Lítið hefur hins vegar áunnist í fjölgun kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Í því skyni að jafna hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gegnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Er að því stefnt að hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja verði ekki minni en 40% í lok árs 2013. Ef árangur á að nást verður að auka fræðslu og stuðning við fyrirtækin og efla gagnagrunn um konur sem gefa kost á sér til stjórnunarstarfa.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum gerir ráð fyrir að ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi verði gerð. Þar eru bundnar vonir við að niðurstöður rannsóknar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið lét gera á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum verði nýttar við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar. Er gert ráð fyrir að sjónum verði beint að réttarkerfinu og ofbeldismönnum og aðstoð við þá. Þung áhersla er á að náð verði árangri við að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Er meðal annars gert ráð fyrir að verkefnið *Karlar til ábyrgðar* verði eflt og sérstakri fræðsluferferð verði hleypt af stökkunum sem beinist að mögulegum kaupendum vændis.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á samfélag jafnaðar, jafnréttis og réttlætis í menntamálum þannig að inntak kennslu, kennsluhættir og námsumhverfi stuðli að markmiðum jafnréttismenntunar. Í þingsályktunartillögunni er að finna verkefni sem veita öllum jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína í námi, listsköpun, íþróttum og öðrum áhugamálum. Enn fremur er stefnt að því að skapa rannsóknarumhverfi sem fellur jafnt að kvenlægu og karllægu gildismati.

Aukið jafnrétti er forsenda fyrir betri, öruggari og réttlátari heimi. Áhersla hefur verið lögð á jafnrétti kynja í mannréttindastarfi íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi þar sem talað hefur verið fyrir bættri stöðu kvenna og aukins jafnréttis kvenna og karla. Einkum hefur verið lítið til aðkomu kvenna í friðarviðræðum, uppbyggingarstarfi að



átökum loknum og öðrum friðarferlum, sem og að konur séu virkari þátttakendur í ákvarðanatöku á sviði loftslagsmála og viðbrögðum við loftslagsmálefnum. Er gert ráð fyrir að áfram verði áhersla lögð á jafnrétti kynja á þessum vettvangi.

Það er mat stjórnvalda að eftirfylgni og sérfræðiaðstoð við framkvæmd verkefna sé mikilvæg forsenda fyrir góðum árangri. Samhliða því að jafnréttisstarf jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verði eftl er þeim ætlað það hlutverk að sinna eftirfylgni við áætlunina í jafnréttismálum. Í því sambandi mun sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja, sem staðsettur er innan forsætisráðuneytis, gegna miðlægu hlutverki við að veita faglega ráðgjöf og stuðning. Þá er gert ráð fyrir að ráðherranefnd kynja beiti virku aðhaldi við framkvæmd verkefna.

FRAMFARIR Á VETTvangi STJÓRNmÁLA.

Áfangasigar í átt að jafnrétti kvenna og karla náðust bæði í alþingiskosningum vorið 2009 og sveitarstjórnarkosningum vorið 2010. Í alþingiskosningunum 2009 náðu 36 karlar (57,1%) og 27 konur (42,9%) kjöri og fjölgaði um sjö konur meðal þingmanna frá kosningunum 2007. Hafa ekki fyrr jafnmargar konur verið kjörnar sem aðalmenn á þing en áður hafði hlutfall kjörinna kvenna farið mest í 35% eftir niðurstöðu kosninga vorið 1999.

Ný ríkisstjórn tók við 1. febrúar 2009 undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur sem þá var jafnframt fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra á Íslandi. Enn fremur var þetta fyrsta ríkisstjórnin sem skipuð var jafn mörgum konum og körlum þar sem fimm konur og fimm karlar gegndu embættum ráðherra. Eftir kosningarnar vorið 2009 var skipuð ný ríkisstjórn undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur. Nokkrar breytingar hafa orðið á ráðherraskipan ríkisstjórnarinnar frá því hún tók við í maí 2009 en þess hefur þó ávallt verið gætt að hlutur annars kynsins fari ekki undir 40%.

Sama þróun átti sér stað á sveitarstjórnarstiginu en vorið 2010 voru kjörnir samtals 512 aðalmenn í sveitarstjórnir en þar á meðal voru 308 karlar (60,2%) og 204 konur (39,8%). Konur hafa ekki áður verið jafn margar meðal sveitarstjórnarmanna en hlutfall þeirra var 35,9% árið 2006. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum er hæst (45%) í sveitarfélögum með 300–999 íbúa þar sem var bundin hlutfallskosning en hlutfall kjörinna kvenna er herra í bundnum en óbundnum kosningum.

JAFNRÉTTI HVERGI MEIRA EN Á ÍSLANDI.

Í skýrslu Alþjóðæfnaahagsráðsins (World Economic Forum) sem kom út í október 2010 kemur fram að jafnrétti kynjanna er hvergi meira en á Íslandi. Norðurlöndin skipa efstu þrjú sæti listans, þar sem Noregur er í öðru sæti og Finnland er í því þriðja. Í skýrslunni var lagt mat á jafnrétti kynja í stjórnmálum, menntun, atvinnu og heilbrigði. Aðferðafræði skýrslunnar mældi stöðu kvenna samanborið við stöðu karla innan landanna en gerði ekki samanburð á stöðu kvenna milli landa. Nokkuð var um að lönd færðust til á listanum milli ára. Af þeim ríkjum sem mæld hafa verið frá 2006, hafa 86% sýnt framför í jafnréttismálum en 14% ríkja fer aftur.



Ísland skipaði efsta sætið þegar horft var til aðgengis að menntun og stjórn málaþátttöku. Einnig skipti atvinnuþátttaka kvenna miklu máli fyrir heildarniðurstöðu landsins. Sérstaklega var bent á að launamunur karla og kvenna á Íslandi væri ennþá mjög mikill og að jafnrétti hefði ekki verið náð þegar litið væri til aðgengis kvenna að stjórnunarstöðum. Í skýrslu Alþjóða efnahagsráðsins var sérstaklega fjallað um að á Íslandi hafi verið sett lög, sem taki gildi 2013, sem skylda fyrirtæki, með fleiri en 50 starfsmenn, til að tryggja jafnt hlutfall kynja í stjórnnum.

KYNBUNDIÐ OFBELDI OG MANSAL.

Niðurstöður liggja fyrir í rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum sem félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Rannsóknarsetri í barna og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að annast og verða niðurstöðurnar meðal annars kynntar á jafnréttisþingi. Rannsóknin skiptist í sex rannsóknarverkefni. Fyrsta verkefnið fól í sér símakönnun þar sem hringt var í 3000 konur af öllu landinu á aldrinum 18–80 ára. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að rúm 22% kvennanna sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma frá sextán ára aldri. Um 20% kvennanna kváðu ofbeldið hafa verið líkamlegt en 6% sögðu ofbeldið hafa verið kynferðislegt. Enn fremur gefa niðurstöðurnar til kynna að flestar konur sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum skilja eða slíta samböndum sínum við gerandann en rúmlega helmingur þeirra kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi eru fráskildar í dag (51%).

Í kjölfarið fylgdu rannsóknir hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, þar á meðal varðandi þætti er lúta að barnavernd, leik- og grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og frjálsum félagasamtökum. Niðurstöður rannsókna þykja veita mikilvægar upplýsingar um hvernig þessum málum er varðað ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum er farið hjá þessum aðilum. Starfsfólk innan félagsþjónustu sveitarfélaga, í leik- og grunnskólum og heilbrigðisþjónustu töldu þörf á aukinni fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum og þá sérstaklega á þeim einkennum sem það ætti að leita eftir. Innan lögreglunnar var almenn ánægja með þá kennslu sem veitt er í Lögregluskólanum um meðferð mála af þessum toga.

Árið 2010 voru liðin 35 ár frá kvennafrídeginum 24. október 1975. Af því tilefni voru stofnuð samtök um kvennafrídaginn 2010 sem nefndust *Skotturnar*. Undir yfirskriftinni *Já – ég þori, get og vil* var boðað til kvennafrídags 25. október 2010 og konur voru hvattar til standa upp frá vinnu sinni og ganga út af vinnustöðum sínum kl. 14:25 þann dag. Efnt var til kröfugöngu frá Hallgrímskirkju og var útidagskrá haldin á Arnarhóli í Reykjavík. Fór fram dagskrá víða um landið á sama tíma. Dagskráin var helguð baráttu kvenna gegn kynferðisofbeldi. Í tilefni af kvennafrídeginum var enn fremur haldin alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík 24. október 2010 um kynferðisofbeldi.

Ríkisstjórnin samþykkti fyrstu íslensku aðgerðaáætlunina gegn mansali í mars 2009 en áætlunin gildir til ársloka 2012. Á grundvelli áætlunarinnar var skipað sérstakt sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal en hlutverk teymisins er nokkuð víðtækt. Er því meðal annars ætlað að tryggja yfirsýn og þekkingu á mansalsmálum á Íslandi,



fylgja eftir vísbendingum um mansal og sinna skráningu ætlaðra mansalsmála. Á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun teymisins hefur það fjallað um mál níu ætlaðra þolenda mansals, sjö kvenna og tveggja karla. Meðal þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á grundvelli aðgerðaráætlunarinnar gegn mansali er fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókonar við hann um mansal frá árinu 2000 (Palermó-bókunin).

Í apríl 2009 samþykkti Alþingi breytingu á almennum hegningalögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, þar sem kaup á vændi var gert refsivert. Skiptir ekki máli í hvaða formi greiðslan er en hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta. Löggjöf af þessu tagi er oft nefnd sænska leiðin og gengur út frá því að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannlíkamann sem söluvöru. Þá samþykkti Alþingi í mars 2010 breytingar á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum, þar sem nektarsýningar í atvinnuskyni á veitingastöðum voru bannaðar. Felst í því jafnframt fortakslaust bann við að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

KARLAR UM BORD.

Velferðaráðherra hefur skipað starfshóp til að gera tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðum um jafnrétti kynja og auka aðild karla að jafnréttisstarfi. Starfshópurinn er eingöngu skipaður körlum en samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er heimilt að grípa til sérstakra aðgerða til að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem hallar á annað kynið. Gert er ráð fyrir að hópurinn fjalli um hvernig auka megi náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra, skoða áhrif staðalímynda kynjanna á stöðu karla í samfélaginu, hlutverkaval og þátttöku þeirra í verkefnum fjölskyldunnar. Ljóst er að gera þarf greiningu á stöðu karla í samfélaginu og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku á nýjum og breyttum forsendum.

BETUR MÁ EF DUGA SKAL.

Áfangasigrum á einstökum sviðum ber að fagna en ljóst er að þó nokkuð er í land svo jöfnum áhrifum kvenna og karla verði náð á öllum sviðum í íslensku samfélagi. Sérstaklega þarf að gæta þess við uppbyggingu samfélagsins að jafnrétti kynjanna verði haft að leiðarljósi og konum og körlum verði tryggð þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera sem og áhrifastöðum innan stjórnkerfisins. Þar gegnir Jafnréttisstofa mikilvægu eftirlitshlutverki en hún hefur meðal annars óskað skýringa hjá ráðuneytum ef þau virða ekki ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum.

Mikilvægt er að áfram sé fylgst vel með áhrifum efnahagsþrenginganna á líf kvenna og karla en leiða má að því líkur að afleiðingar þeirra kunní að vera misjafnar á kynin. Í því sambandi þarf sérstaklega að horfa til þess hvernig skerðingar innan



velferðarkerfisins kunna að hafa misjöfn áhrif á konur og karla. Í því sambandi hefur verið bent á að breytingar innan heilbrigðiskerfisins í kjölfar niðurskurðar geti leitt til þess að ólaunuð umönnun sjúkra og aldraðra lendi frekar á konum en körlum. Enn fremur hefur mörgum verið umhugað um að áhrif skerðingar innan fæðingarorlofskerfisins hafi frekar áhrif á nýtingu fedra á rétti sínum til fæðingarorlofs heldur en mæðra. Mikilvægt er að stjórnvöld haldi vöku sinni og leitist við að rétta við stöðuna þar sem þess er þörf um leið og aðstæður leyfa í ríkisfjármálum.

Þegar hagur vænkast þurfa stjórnvöld ekki síður að vera meðvituð um hvernig gæðum samfélagsins er skipt og hvers vegna. Mikilvægt er að fram fari frekari greining á því hverjir eru notendur þeirra fjármuna sem ríkið útdeilir. Það er ekki nægjanlegt að stjórnvöld séu meðvituð um jafnrétti kynja þegar harðnar á dalnum heldur verður ávallt að tryggja að íbúar njóti gæða samfélagsins óháð kyni hvort sem er á tímum góðæris eða þrenginga.



II. Staða og þróun jafnréttismála.

A. STJÓRNSÝSLAN

i. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja.

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja hefur verið starfandi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. september 2009. Í nefndinni sátu félags- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og dóms- og mannréttindaráðherra auk forsætisráðherra sem er formaður nefndarinnar. Eftir 1. janúar 2011 situr velferðarráðherra í stað félags- og tryggingamálaráðherra og innanríkisráðherra í stað dóms- og mannréttindaráðherra. Hlutverk nefndarinnar er einkum að samþætta kynja- og jafnréttismál inn í stefnumörkun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, samhæfa starf hennar og fylgja eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

ii. Kynjasamþætting.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að gera kynjasamþættingu (e. *gender mainstreaming*) að viðteknum vinnubrögðum innan stjórnsýslunnar í samræmi við 17. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Kynjasamþætting felur í sér að spurt er ákveðinna spurninga og ákveðinni aðferðafræði er beitt við alla ákvarðanatöku og stefnumótun. Með aðferðinni er gert ráð fyrir að kyn verði grundvallarforsenda þegar verið er að móta nýja stefnu eða taka ákvarðanir á opinberum vettvangi. Markmiðið er að flétta sjónarhorn kyns (e. *gender perspective*) inn í alla stefnumótun innan samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Jafnréttisstofa hefur unnið að sérstöku verkefni um kynjasamþættingu en verkefnið hlaut styrk úr *Progress*-áætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu með því að kynna aðferðafræði kynjasamþættingar og þróa leiðir til að koma henni í framkvæmd. Í ágúst 2009 kom út bókinn *Jöfnum leikinn, handbók um kynjasamþættingu* ásamt litlum bæklingi og bókamerki til kynningar. Handbókin er mjög hagnýt við framkvæmd kynjasamþættingar en í henni er farið í gegnum skilvirkar aðferðir auk þess sem dæmi eru gefin um íslensk samþættingarverkefni. Dæmin sýna hvernig stuðla má að auknum gæðum í þjónustu og öllum starfsháttum stofnana og fyrirtækja með jafnrétti að leiðarljósi. Í mars 2010 kom út önnur bók í tengslum við verkefnið sem nefnist *Jöfnum leikinn, kynjasamþætting og jafnréttisáætlanir*. Er sú bók sérstaklega ætluð stjórnendum hjá ríkinu. Enn fremur kom út bæklingurinn *Jöfnum leikinn* í apríl 2010 en honum er ætlað að kynna ávinning kynjasamþættingar fyrir stofnanir og fyrirtæki jafnframt því að reynast nothæft tæki við gerð jafnréttisáætlana.

Í tengslum við verkefnið um kynjasamþættingu hefur einnig verið haldinn fjöldi námsskeiða. Í maí 2009 var blásið til námskeiðs fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneyta, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðra starfsmenn ráðuneyta um grundvallaratriði kynjasamþættingar. Kennari var Ann Boman, sænskur sérfræðingur um kynjasam-



þættingu sem komið hefur að uppbyggingu kynjasambættingar hjá sænskum stjórnvöldum. Önnur námskeið voru í höndum starfsfólks Jafnréttisstofu þar sem fjallað var um grundvallaratriði sambættingar, undirbúning að sambættingarverkefnum og hagnýtar aðferðir við framkvæmd slíkra verkefna.

iii. Kynjuð fjárlagagerð.

Kynjuð fjárlagagerð felur í sér að kynjasambættingu er beitt í öllu fjárlagaferlinu. Aðferðin byggist á þeirri forsendu að ákvarðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart kynjunum, hvort sem um er að ræða ákvarðanir um tekjur eða gjöld. Ákveðin frumgreining þarf að fara fram á því hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir fjárlaga hafa á kynin og þegar það liggur fyrir þarf að meta hvernig unnt sé að sambætta jafnréttissjónarmið almennri fjárlagagerð. Kynjuð fjárlagagerð krefst ekki einnar fjárlagagerðar fyrir konur og annarrar fyrir karla. Hins vegar er gert ráð fyrir nánari athugun á áhrifum fjárlagagerðar sem og frekari greiningu á því hverjir eru notendur þeirra fjármuna sem ríkið útteilir. Þessi aðferð gerir markmiðasetningu hnitmiðaðri og ýtir þar með undir skilvirkari nýtingu á almannafé. Tilgangurinn er meðal annars að auka jafnrétti og tryggja að borgararnir njóti gæða samfélagsins óháð kyni.

Í lok apríl 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar var að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Verkefnisstjórnin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra en þar kom fram að ljóst væri að kynjuð fjárlagagerð krefðist viðamikils undirbúnings, ekki síst í formi fræðslu og handleiðslu við framkvæmd hennar. Einnig þótti ljóst að ekki væri unnt að taka öll fjárlögin fyrir í einu. Verkefnisstjórnin lagði því til að við stefnumótun og gerð frumvarps til fjárlaga 2011 yrðu stigin fyrstu skrefin við kynjaða fjárlagagerð. Fjármálaráðherra fór að tillögu verkefnisstjórnarinnar og óskaði eftir því við ráðuneytin að þau tilnefndu eitt tilraunaverkefni í kynjaðri fjárlagagerð samhliða vinnu við frumvarp til fjárlaga 2011. Verkefnin voru kynnt í frumvarpi til fjárlaga 2011 en gert er ráð fyrir að niðurstöður verði kynntar í frumvarpi til fjárlaga 2012. Í maí 2010 var ráðinn verkefnisstjóri sem sinnir fræðslu og handleiðslu fyrir hönd verkefnisstjórnarinnar og hefur jafnframt umsjón með samtals tuttugu tilraunaverkefnum sem ráðuneytin lögðu til. Þessum verkefnum er fylgt enn frekar eftir í tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum sem félags- og tryggingamálaráðherra lagði fram á Alþingi í nóvember 2010. Þar er lagt til að kynjuð fjárlagagerð verði innleidd í áföngum á árunum 2011 til 2014 en í því skyni verði efnt til tilraunaverkefna í ráðuneytum og stofnunum sem hafi að markmiði að þróa verkferla og aðferðir við undirbúning kynjaðra fjárlaga. Stefnt er að því að nýta þau verkefni til fyrirmyndar fyrir þær breytingar sem síðan verða innleiddar í allt fjárlagaferlið.

Fræðslu um kynjaða fjárlagagerð hefur verið sinnt á ýmsan hátt. Ráðstefna um kynjaða fjárlagagerð var haldin í nóvember 2009 á vegum fjármálaráðuneytisins. Ráðstefnan var sérstaklega ætluð ráðherrum, ráðuneytis- og skrifstofustjórum í ráðuneytum, forstöðumönnum ríkisstofnana, þingmönnum og þá sérstaklega fulltrúum í fjárlaganefnd Alþingis, fjármálastjórum stofnana, embættismönnum í norrænu samstarfi og sérfræðingum um jafnréttismál. Gera má ráð fyrir að kynjuð fjárlagagerð sé flestum framandi hugtak enn sem komið er og var því leitast við að skýra út hugmyndafræðina og aðferðirnar sem hún byggir á. Dæmi um áhrif ákvarðana um ríkisútgjöld á kynin voru sérstaklega skoðuð.



Í upphafi árs 2010 gaf fjármálaráðuneytið út handbók undir yfirskriftinni *Kynjuð fjárlagagerð: handbók um framkvæmd*, sem ætlað er að varpa ljósi á aðferðafræði kynjaðrar fjárlagagerðar og vera til leiðbeiningar fyrir þá sem koma að gerð fjárlaga. Handbókin kom fyrst út á vegum Evrópuráðsins sumarið 2009 en höfundur bókarinnar er Sheila Quinn, sérfræðingur í jafnréttismálum, sem hefur komið að fjölmörgum verkefnum í kynjaðri fjárlagagerð á Bretlandi og víðar.

Sérstök námsstefna var haldin í október 2010 í samstarfi við alþjóðlega jafnréttisskólann (*GET Programme*) þar sem dr. Elisabeth Klatzer, austurrískur sérfræðingur í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð flutti erindi. Þar var meðal annars fjallað um forsögu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar auk þess sem tekin voru dæmi um notkun hennar og hvaða leiðir séu áhrifaríkar við innleiðingu hennar. Námsstefnan var meðal annars ætluð ráðherrum, embættismönnum í Stjórnarráðinu, þeim sem vinna að tilraunaverkefnum á sviði kynjaðrar fjárlagagerðar innan Stjórnarráðsins, þeim sem koma að fjárlaga- eða fjárhagsáætlanagerð hjá ríki og sveitarfélögum, þingmönnum og þá sérstaklega fulltrúum í fjárlaganefnd þingsins, fulltrúum stéttarféлага, fræðafólki, femínistum sem og öllum þeim sem áhuga hafa á kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Enn fremur hafa verið haldin nokkur námskeið fyrir þá sem vinna að framangreindum tilraunaverkefnum innan Stjórnarráðsins en jafnframt eru haldnir reglulegir samráðsfundir með þeim. Þá hafa verið haldnar kynningar um kynjaða fjárlagagerð í flestum ráðuneytum.

iv. Bæklingur fyrir erlendar konur á Íslandi.

Þann 6. janúar 2011 gaf Jafnréttisstofa út bækling með mikilvægum upplýsingum fyrir erlendar konur á Íslandi. Bæklingurinn ber heitið *Réttur þinn* og er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, taílensku, rússnesku og arabísku. Í bæklingnum eru ýmsar gagnlegar upplýsingar um reglur og venjur sem almennt tíðkast í íslensku samfélagi en þar á meðal eru upplýsingar um jafnrétti kynjanna, fjármál, hjónabandið, sambúð, þunganir og getnaðarvarnir, ofbeldi í nánnum samböndum, hjónaskilnað, forsjá barna, gjafsókn, umgengnisrétt barna við báða foreldra sína, dvalarleyfi, meðlagsgreiðslur, barnabætur, fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur. Þar má einnig finna vísanir í frekari upplýsingar um aðstoð, svo sem símanúmer, heimilisföng og heimasíður ýmissa stofnanna og félagasamtaka.

Efni bæklingins og útgáfa hans var styrkt af *Progress*-áætlun Evrópusambandsins og Þróunarsjóði innflytjendamála og unnin í samstarfi við Stígamót og Mannréttindaskrifstofu Íslands auk fleiri stofnana og félagasamtaka í því skyni að tryggja að allar þær upplýsingar sem þörf er á séu til staðar í bæklingnum. Bæklingurinn er bæði prentaður og gefinn út rafrænt til þess að auðvelda útbreiðslu og aðgengi.

v. Hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ráðuneytanna.

Kynjakvóti var lögfestur í fyrsta skipti á Íslandi árið 2008 og er hann í 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar kveður á um að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarféлага [skuli] þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Lögin tóku gildi á fyrri hluta ársins 2008 og var starfsárið 2009 því fyrsta árið þar sem unnt var að gera upp nefndarskipanir á grundvelli laganna.



Þegar gögnin voru tekin saman kom í ljós að kynjahlutfall í nefndum á vegum ráðuneytanna er nú 40% konur og 60% karlar þegar á heildina er litið. Þetta er breyting frá árinu 2008 þegar hlutur kvenna var 37% og 36% árið 2007. Ef litið er til skipana hvers ráðuneytis fyrir sig kemur í ljós að helmingur þeirra hefur meðaltal kvenna undir 40%. Það eru dóms- og mannréttindaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti), fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti), sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í fyrsta skipti fer hlutur kvenna upp fyrir 50% í félags- og tryggingamálaráðuneytinu (nú velferðarráðuneyti) en hlutur kvenna þar er nú 51%. Ef eingöngu er litið til skipana á starfsárinu 2009 er kynjahlutfallið nokkuð jafnara eða 44% konur á móti 55% karla. Árið 2008 var hlutur kvenna 43% en karla 57% og árið 2007 var hlutur kvenna 37% á móti 63% karla. Það má því segja að löggjöfin hafi haft töluverð áhrif á nýskipanir þegar við innleiðingu laganna árið 2008.

Þess ber þó að geta að breytingar á skipunum á milli ára voru töluverðar. Þegar skipanir á starfsárum eru skoðaðar kemur í ljós að á starfsárinu 2008 var hlutur kvenna sem skipaðar voru í nefndir á vegum dóms- og mannréttindaráðuneytis 24% en 55% árið 2009. Eins var hlutur kvenna í nefndum samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis 24% árið 2008 en 43% árið 2009. Þetta er mjög jákvæð þróun. Skipanir efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis eru þó ekki eins jákvæðar en þau hafa öll skipað færri konur á starfsárinu 2009 en gert var á starfsárinu 2008.

Orðalag 15. gr. laganna gerir þó ráð fyrir að hlutfall kynja sé ekki minna en 40% í hverri nefnd, séu fulltrúar fleiri en þrír. Ef litið er til þess kemur í ljós að eingöngu 152 nefndir af 235 sem skipaðar voru á starfsárinu 2009 voru skipaðar í samræmi við 15 gr. eða 65%. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna skila Jafnréttisstofu yfirlit yfir skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð en Jafnréttisstofa metur síðan hvort tilefni sé til athugasemda. Jafnréttisstofa gerði athugasemd við allar 83 nefndirnar sem ekki voru skipaðar í samræmi við 15. greinina.

B. ÁHRIF EFNAHAGSPRENGINGA Á KYNIN.

i. Jafnréttisvaktin.

Þann 10. febrúar 2009 samþykkti ríkisstjórnin að setja á fót vinnuhóp, Jafnréttisvakt, til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna að tillögu félags- og tryggingamálaráðherra. Skipun hópsins var í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar þar sem fram kom að hún væri einhuga um að við endurreisn íslensks efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarháttanna yrði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi. Jafnréttisvaktin opnaði vefsvæði á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins þar sem óskað var eftir ábendingum frá einstaklingum, félögum og stofnunum sem gætu nýst í greiningu á áhrifum efnahagsástandsins á stöðu karla og kvenna. Þá voru allar ábendingar sem lutu að jákvæðum og uppbyggilegum leiðum til að úrbóta fyrir jafnrétti kynjanna vel þegnar.

Í skýrslu Jafnréttisvaktarinnar frá því í mars 2009 er lögð áhersla á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi ávallt jafnréttis- og kynjasjónarmið að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Þýðingarmikið sé að stjórnvöld tryggji konum jafnan hlut við skipanir í nefndir, ráð og stjórnir sem og jafnan aðgang að þeim stöðum í samfélaginu þar



sem ákvarðanir eru teknar. Í skýrslunni er að finna umfjöllun um áhrif kvenna og karla í endurreisn íslensks efnahagslífs, atvinnuleysi, viðbrögð kvenna og karla við atvinnuleysi, kynbundið ofbeldi og áhrif efnahagsþrenginganna á heilbrigðisstofnanir. Tekið er fram að sértækar aðgerðir í atvinnumálum geti ekki skilað árangri nema með hagsmunum allra að leiðarljósi og atvinnuskapandi aðgerðir verði að gagnast bæði konum og körlum. Þó þurfi að huga sérstaklega að þörfum þeirra karla sem eru án atvinnu og eiga frekar á hættu en konur að einangrast félagslega. Enn fremur þurfi mjög að gæta þess að hugsanlegar breytingar á heilbrigðisþjónustu taki mið af ólíkum þörfum kynjanna og þess gætt að umönnun sjúklinga auki ekki álagið á heimilin þar sem líklegra sé að ólaunuð umönnun aðstandenda lendi frekar á konum en körlum. Þá þurfi að vinna að forvarna- og viðbragðsáætlun vegna hættu á auknu ofbeldi í nánnum samböndum en reynsla erlendis frá sýni að hættan á slíku ofbeldi aukist samfara langvinnu atvinnuleysi og erfiðri skuldastöðu.

Ljóst var að verkefni Velferðarvaktar og Jafnréttisvaktar sköruðust nokkuð og þótti það jafnframt samræmast betur aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða að verkefni þeirra væru unnin saman. Var því ákveðið að fella verkefni Jafnréttisvaktarinnar undir starfsemi Velferðarvaktarinnar. Formaður Jafnréttisráðs tók sæti í Velferðarvaktinni og er framkvæmdastýra Jafnréttisstofu varamaður hans þar. Samhliða voru tengsl Velferðarvaktar við Jafnréttisstofu eflað.

Velferðarvaktin fól Evu Bjarnadóttur og Eygló Árnadóttur að kanna áhrif efnahagsþrenginganna á velferð kvenna. Samantekt var gerð á tölulegum upplýsingum sem gætu varpað ljósi á stöðu kvenna en jafnframt var stuðst við erlendar rannsóknir á áhrifum atvinnuleysis og efnahagslegra erfiðleika á konur. Einnig voru áherslur sérfræðihópa Velferðarvaktarinnar settar í samhengi kynjabreytunnar og almennar upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi metnar. Samantektin var gerð á grundvelli tölulegra kyngreindra upplýsinga sem lágu fyrir á tímabilinu október 2010 til janúar 2011 frá opinberum stofnunum og hagsmunasamtökum. Skortur á opinberum kyngreindum gögnum ollu ákveðnum vandkvæðum við upplýsingaöflun og takmarkar það verulega niðurstöður samantektarinnar.

Helstu niðurstöður samantektarinnar eru meðal annars þær að atvinnuleysi og atvinnuuppbygging hins opinbera virðist fylgja þekktu ferli. Fleiri karlar en konur misstu störf sín í upphafi efnahagsþrenginganna þegar störfum á almennum vinnumarkaði fækkaði verulega. Þegar leið á fór konum einnig að fjölga á atvinnuleysisráðum í framhaldi af fækkun starfa hjá hinu opinbera. Enn fremur kemur fram að stjórnvöld leggi áherslu á atvinnuuppbyggingu sem skapi hefðbundin karlastörf og því séu líkur á að aðgerðir stjórnvalda komi eingöngu til móts við atvinnuleysi karla en ekki kvenna. Gangi það eftir megi því leiða að því líkur að konur verði lengur án atvinnu en karlar.

Jafnframt kemur fram í samantektinni að niðurskurður innan fæðingarorlofskerfisins hafi haft töluverð áhrif á kynbundna nýtingu orlofsréttarins. Er þar fullyrt að tekjuskerðing sé það helsta sem letji karla til að taka fæðingarorlof en hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofsjóði hafa verið lækkaðar í 300.000 krónur. Það hafi leitt til þess að 49% karla í fæðingarorlofi hafa orðið fyrir skerðingu en 19% kvenna. Feður nýti því rétt sinn til fæðingarorlofs í minna mæli en áður en á sama tíma hafi nýting kvenna á fæðingarorlofi aukist samhliða aukinni fæðingartíðni síðustu ára.

Sérstaklega er fjallað um fjárhagslega stöðu kvenna í samantektinni. Þar kemur fram að fjárhagserfiðleikar einstæðra kvenna sem eiga ekki börn og einstæðra mæðra



hafa aukist. Vanskil lána hafa einnig aukist hjá einstæðum foreldrum en konur eru 91 % allra einstæðra foreldra. Fram kemur að stór hluti einstæðra foreldra (77%) telji sig eiga erfitt með að ná endum saman. Þá hafi lágtekjuhluftfall kvenna yfir heildina hækkað meira en hjá körlum. Sérstaklega hafi fjölgað í hópi kvenna á eftirlaunum sem ekki ná lágtekjumörkum.

Þá kemur fram í samantektinni að erlendar rannsóknir staðfesti tengsl atvinnuleysis og fjárhagserfiðleika við kynbundið ofbeldi. Ekki er fullyrt að ofbeldi gegn konum hafi aukist hér á landi frá október 2008 en athygli er vakin á fjölgun þeirra sem leita til Kvennaathvarfsins. Árið 2010 nýttu mun fleiri konur sér viðtalsþjónustu Kvennaathvarfsins en fyrri ár. Þar á meðal konur sem höfðu ekki áður leitað til athvarfsins en fleiri erlendar konur leituðu þangað en áður. Hins vegar verður ekki ráðið af upplýsingum um kynferðisbrot frá lögreglu eða komum á Neyðarmóttöku Landspítala að kynferðisbrotum hafi fjölgað meira undanfarin tvö ár en árin á undan.

ii. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis – kynjafræðilegt sjónarhorn.

Í fylgiskjali II við skýrslu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er að finna greiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor, og dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnt, unnu greininguna. Markmið greiningarinnar var að gera lesendur skýrslunnar betur í stakk búna til að skilja þann þátt sem kyn átti í þeim atburðum sem áttu þátt í falli bankanna, aðdraganda þess og þemu sem hafa kynjafræðilega skírskotun.

Í greiningunni kemur fram að könnun út frá þessu sjónarhorni sýni að samfélagslegar og menningarbundnar hugmyndir og orðræðna um kyn hafi leikið stórt hlutverk en langflestir aðalleikendur í bankahrúninu hafi verið karlar. Einnig kemur fram að menningarbundnar hugmyndir um kyn, það er kyngervi, hafi haft mikil áhrif en hugtakið vísi til hins félagsmótaða kynjamunar og menningarbundinna hugmynda um karlmennsku og kvenleika. Í greiningunni er meðal annars bent á að stóriðjuverkefni, skattalækkunar og aðgerðir í húsnæðismálum hafi kynbundnar afleiðingar sem almennt hafi komið körlum betur en konum. Enn fremur hafi fjármálakerfinu verið stjórnað af litlum hópi einsleitra karla. Fullyrt er að ráðandi karlmennskuhugmyndir, sem í senn byggjast á samkeppni og samtryggingu, hafi ýtt fjármálakerfi landsins út á ystu nöf og að hugmyndir um hæfni hafi byggst á ætluðu innsæi og snilld einstakra karla á kostnað ígrundunar og reynslu í samræmi við hugmyndir um stigveldi karlmennskunnar.

Í lok greiningarinnar eru teknar saman tillögur um hvernig markvisst jafnréttisstarf og kynjagreining geti minnkað líkurnar á að atburðirnir haustið 2008 endurtaki sig. Þar er meðal annars lagt til að Jafnréttisstofa fylgi markvisst eftir eftirlitsskyldu sinni á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur er lagt til að stjórnvöld fylgist með kerfislega mikilvægum fyrirtækjum og skoði hvernig megi fyrirbyggja að of mikið vald safnist á hendur fárra einsleitra hópa. Þá er lagt til að stjórnvöld taki tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða við mótun og framkvæmd skattastefnu og noti til þess samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og kynjaða fjárlagagerð. Fram kemur að mikilvægt sé að innleiða á markvissan hátt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stjórnsýslunni til þess að kynin geti átt jafnan aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku. Hið sama eigi við um mótun og framkvæmd atvinnustefnu og byggðastefnu og að leitast verði við að vinna gegn stöðluðum



kynhlutverkum í atvinnulífi og í byggðamálum. Þá er áhersla lögð á mikilvægi þess að stjórnvöld hvetji til gagnrýnnar umræðu og fræðslu um þjóðernishyggi og vinni gegn staðalímyndum um karla, konur og þjóðerni.

C. ATVINNUMÁL KVENNA OG KARLA.

i. Atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði.

Líkt og fram kemur í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 voru samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands samtals 177.300 manns starfandi að jafnaði á íslenskum vinnumarkaði árið 2007, þar af 96.600 karlar og 80.700 konur. Heildarfjöldi þeirra sem störfuðu á íslenskum vinnumarkaði hafði þá aukist um 7.800 manns frá árinu 2006 og hafði körlum fjölgað meira en konum. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru að jafnaði starfandi 178.600 manns á íslenskum vinnumarkaði árið 2008, þar af 97.100 karlar og 81.500 konur. Örlítill aukning varð því á fjölda þeirra sem að meðaltali voru starfandi á íslenskum vinnumarkaði árið 2008 frá því sem var árið 2007, bæði í hópi kvenna og karla, þrátt fyrir ört vaxandi atvinnuleysi vegna fækkunar starfa í kjölfar efnahagsþrenginga í lok árs 2008. Árið 2009 hafði heildarfjöldi starfandi minnkað í 167.800 en þar af voru 88.300 karlar og 79.500 konur. Á árinu 2009 hafði því starfandi einstaklingum fækkað frá árinu 2008 um 10.800 manns og hafði starfandi körlum fækkað mun meira en konum eða 8.800 karlar á móti 2.000 konum. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var hlutfall starfandi einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði sem mældist á árinu 2009 það lægsta sem mælt hefur síðan reglulegar mælingar hófust árið 1991. Litlar breytingar urðu milli árunna 2009 og 2010 en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 167.300 starfandi einstaklingar á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2010 að meðaltali eða 87.100 karlar á móti 80.200 konum. Af þessu sést að körlum sem starfa á íslenskum vinnumarkaði hefur haldið áfram að fækka og hefur þeim fækkað um 1.200 á milli árunna 2009 og 2010 á meðan starfandi konum hefur fjölgað um 700 á sama tíma þrátt fyrir að heildarfækkun starfandi hafi verið 500 einstaklingar. Atvinnuþátttaka karla var 87,1% árið 2008 en var komin niður í 84,7% árið 2009 en þá hafði atvinnuþátttaka karla ekki mælt lægri síðan mælingar hófust árið 1991. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var atvinnuþátttaka karla orðin enn lægri árið 2010 en þá mældist hún 84,5%. Til samanburðar var atvinnuþátttaka kvenna 77,8% árið 2008 en lækkaði niður í 77,1% árið 2009. Atvinnuþátttaka kvenna hækkaði síðan aftur í 77,6% árið 2010.

Eins og sjá má á töflu 1 hefur hlutfallsleg atvinnuþátttaka verið mest í aldurshópnum 25–54 ára á undanförunum árum. Mestar sveiflur hafa verið hjá aldurshópnum 16–24 ára en það er jafnframt fámennasti hópurinn og hefur sá hópur jafnframt haft minnsta viðloðun við vinnumarkaðinn. Í töflunni má enn fremur sjá að hlutfallsleg atvinnuþátttaka var meiri meðal ungra kvenna en ungra karla árið 2009. Sé litið til ársins 2007 þá var hlutfallsleg atvinnuþátttaka kynjanna svo til jöfn í þessum aldurshópi eða um 80% en á árinu 2009 var hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna 76,2% en karla í sama aldurshópi var 70,8%.

Tafla 1. Hlutfallsleg atvinnuþátttaka kvenna og karla eftir aldri.

Aldur	16–24	25–54	55–74	Alls
Karlar				
2004	71,2	94,2	71,1	85,0
2005	75,2	94,3	72,9	86,0
2006	77,4	95,6	73,7	87,5
2007	80,0	95,3	72,2	87,5
2008	77,4	95,0	73,4	87,1
2009	70,8	93,7	72,6	84,7
Konur				
2004	72,5	85,3	55,5	76,3
2005	79,2	85,1	57,7	77,8
2006	81,4	85,6	57,8	78,4
2007	80,1	85,4	60,2	78,6
2008	79,9	84,4	59,4	77,7
2009	76,2	84,7	58,8	77,1

Allt frá árinu 2006 og til ársins 2008 fór atvinnuleysi hér á landi minnkandi ár frá ári en fram kemur í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 að á árinu 2006 hafi skráð meðalatvinnuleysi kvenna mælst 1,8% og 1,4% árið 2007. Á sama tíma hafi skráð meðalatvinnuleysi karla mælst 0,9% árið 2006 og 0,8% árið 2007. Í kjölfar efnahagsþrenginga hér á landi sem hófust á árinu 2008 hafa hins vegar orðið breytingar á skráðu atvinnuleysi hérlendis. Þannig var skráð atvinnuleysi að jafnaði 1,3% árið 2006, 1,0% árið 2007 og 1,6% árið 2008. Skráð atvinnuleysi fór hratt vaxandi undir lok árs 2008 og var orðið 4,8% að meðaltali í desember 2008. Þessi aukning á skráðu atvinnuleysi hélt áfram á árinu 2009 en samkvæmt upplýsingum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi að jafnaði 8,0% á árinu 2009 en var hæst 9,1% í apríl 2009. Við upphaf efnahagsþrenginganna jókst skráð atvinnuleysi meðal karla meira en kvenna. Þannig var skráð atvinnuleysi meðal karla 1,5% árið 2008 en var komið upp í 8,8% árið 2009 á meðan skráð atvinnuleysi kvenna mældist 1,8% árið 2008 og 7,1% árið 2009. Í desember 2010 var skráð atvinnuleysi að jafnaði hið sama og mældist árið 2009 eða 8,0% sem jafngildir því að 12.745 manns hafi verið í atvinnuleit á þeim tíma. Á árinu 2010 náði atvinnuleysi hámarki 9,3% í febrúar og mars 2010. Í desember 2010 var skráð atvinnuleysi að meðaltali 7,3% meðal kvenna sem jafngildir 5.117 konum á móti 8,5% meðal karla sem jafngildir 7.628 körlum. Atvinnuleysi meðal karla mældist því minna að meðaltali í desember 2010 en árið 2009 á meðan atvinnuleysi kvenna mældist meira í desember 2010 en árið 2009.

Skráð atvinnuleysi að meðaltali meðal karla var það sama á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni árið 2008 eða 1,5% en árið 2009 var skráð atvinnuleysi að meðaltali meðal karla á höfuðborgarsvæðinu orðið 10,0% en var hins vegar 6,7% á landsbyggðinni. Skráð atvinnuleysi að meðaltali meðal kvenna var hins vegar 1,5% á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 á móti 2,4% á landsbyggðinni en árið 2009 voru



hlutfallslega fleiri konur án atvinnu á höfuðborgarsvæðinu eða að meðaltali 7,3% á móti 6,6% á landsbyggðinni.

Skráð atvinnuleysi jókst í öllum landshlutum á milli áráanna 2008 og 2009, bæði í heildina sem og meðal kvenna og karla. Minnsta breytingin varð á Vestfjörðum en þar mældist atvinnuleysi minnst bæði á árinu 2008 og á árinu 2009, bæði er varðar skráð atvinnuleysi í heild sem og meðal kvenna og karla. Líkt og árið 2007 mældist skráð atvinnuleysi mest á Suðurnesjum bæði á árinu 2008 eða 3,7% og á árinu 2009 eða 12,8%. Skráð atvinnuleysi meðal kvenna og karla mældist nánast hið sama á Suðurnesjum á árinu 2009 eða 12,8% meðal karla og 12,9% meðal kvenna. Til samanburðar má geta þess að á árinu 2008 hafði skráð atvinnuleysi meðal karla á Suðurnesjum mælst 2,8% á móti 5,0% hjá konum. Skráð atvinnuleysi meðal karla á Suðurnesjum jókst því meira en meðal kvenna á milli áráanna 2008 og 2009.

Fram kemur í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 að lítilsháttar hafi dregið úr fjölda vinnustunda bæði karla og kvenna á árunum 2006 og 2007 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Fram kemur að meðalvinnuvika á innlendum vinnumarkaði hjá fólki á aldrinum 16–74 ára hafi verið 42,2 klukkustundir á viku árið 2005 en hafi verið 41,9 stundir árið 2007. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur meðalvinnuvika á innlendum vinnumarkaði dregist enn frekar saman þar sem hún var 46,1 klukkustund á viku árið 2008, 39,6 stundir árið 2009 og 39,5 stundir árið 2010. Karlar störfuðu að meðaltali 46,2 klukkustundir á viku árið 2008 en sú tala var komin í 43,8 stundir á viku árið 2009 og 43,6 stundir árið 2010. Hins vegar voru vinnustundir kvenna að meðaltali á viku 35,8 árið 2008 og fækkaði þeim í 34,9 árið 2009 og í 34,8 árið 2010. Fjöldi vinnustunda hefur því nánast staðið í stað á milli áráanna 2009 og 2010, bæði meðal kvenna og karla, eftir að þeim hafði fækkað um tæplega tvær og hálf klukkustund hjá körlum á milli áráanna 2008 og 2009 og tæplega eina klukkustund hjá konum á sama tímabili. Ef eingöngu er litið til vinnustunda þeirra sem starfa í fullu starfi var meðalvinnutími á viku 46,3 klukkustundir á árinu 2008 og voru karlar þá með 48,9 stunda vinnuviku að meðaltali á móti 42,0 stunda vinnuviku kvenna. Á árinu 2009 sem og á árinu 2010 var meðalvinnutími á viku hjá þátttakendum á vinnumarkaði sem störfuðu í fullu starfi 44,8 klukkustundir á viku. Meðalvinnutími karla í fullu starfi árið 2010 var 47,0 klukkustundir á viku á móti 41,3 klukkustundum hjá konum. Af þessum samanburði má ráða að vinnustundum þátttakenda á vinnumarkaði sem starfa í fullu starfi hefur fækkað á viku, bæði meðal kvenna og karla. Jafnframt virðast konur í fullu starfi vinna færri klukkustundir á viku en karlar að meðaltali þó heldur hafi sá munur minnkað ef bornar eru saman tölur frá árinu 2008 annars vegar og árinu 2010 hins vegar.

Þeir sem starfa að jafnaði minna en 35 klukkustundir á viku teljast gegna hlutastörfum en á undanförunum árum hafa fleiri konur en karlar gegnt slíkum störfum. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 38.000 starfandi í hlutastarfi árið 2008 en þar af voru 9.700 karlar og 28.300 konur. Á árinu 2009 var fjöldi þeirra sem gegndu hlutastörfum kominn í 40.500 eða 11.200 karla og 29.400 konur og hafði körlum fjölgað



örlítið meira en konum á milli áráanna 2008 og 2009. Á árinu 2010 voru 42.500 starfandi í hlutastarfi á íslenskum vinnumarkaði en þar af voru 12.200 karlar á móti 30.300 konum. Mikill meirihluti þeirra kvenna sem gegndu hlutastörfum á árinu 2010 eða 16.100 voru á aldrinum 25–54 ára. Til samanburðar gegndu 16.700 konur á þessum aldri hlutastörfum árið 2007 og hefur því lítil breyting orðið milli ára hvað það varðar. Karlar sem gegndu hlutastarfi á árinu 2010 voru fjölmennastir á aldursbilinu 16–24 ára eða 5.000 þó skipting þeirra milli aldurs hópa sé öllu jafnari en meðal kvenna. Til samanburðar gegndu 3.100 karlar á aldursbilinu 16–24 ára hlutastörfum á árinu 2007.

ii. Samhæfing fjölskyldu- og atvinnulífs.

Þema Jafnréttisráðs árið 2010 var samræming fjölskyldu- og atvinnulífs en með því vildi ráðið stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um mikilvægi þessa málefnis. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2010 var haldinn árlegur hádegisverðarfundur sem Jafnréttisráð stóð fyrir í samstarfi við Jafnréttisstofu, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands og Samtök starfsmanna fjármálafrirtækja. Fundurinn fékk yfirskriftina *Frelsi til fjölskyldulífs! Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs*. Á fundinum voru flutt þrjú erindi sem fjölluðu um mikilvægi samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs frá ólíkum sjónarhornum. Flutningsmenn allra erindanna þriggja töldu styttingu vinnutíma sem eitt af grundvallaratriðunum þegar kemur að samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns er rannsókn sem Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson unnu árið 2010. Rannsóknin er byggð á könnun *International Social Survey Programme* frá árinu 2002 á fjölskyldulífi og breytingum á kynhlutverkum sem og tveimur hliðstæðum könnunum sem framkvæmdar voru hér á landi hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en jafnframt styrkti Jafnréttisráð framkvæmd kannananna.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að efnahagsþrengingar hér á landi frá því í lok árs 2008 hafi haft takmörkuð áhrif á fjölskyldulíf Íslendinga. Þvert á móti virðist sem ánægja fólks með fjölskyldulíf sitt hafi aukist lítilla frá því sem var fyrir efnahagsþrengingarnar. Það megi því ætla að áhrif efnahagsþrenginganna á fjölskyldulíf Íslendinga séu óbein og að áhrifin komi einkum fram í gegnum þætti eins og álag í vinnu, álag á heimili, árekstra á milli vinnu og heimilis, ágreiningu um heimilisstörf, atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur.

Fram kemur í niðurstöðum könnunarinnar að í einhverjum tilvikum hafi komið fram vísbendingar um að álag í vinnu og á heimilum sem og árekstrar þar á milli hefðu aukist. Aðrar breytur hafi hins vegar bent til hins gagnstæða eða til lítilla breytinga. Rannsakendurnir telja að það kunnist skýrast af því að vinnuálag hafi verið mikið á Íslandi fyrir efnahagsþrengingarnar. Í kjölfar þeirra hafi þar með dregið úr framboði auka- og yfirvinnu sem aftur kunnist að hafa aukið tíma einstaklinga til heimilislífs og dregið úr árekstrum milli fjölskyldu- og atvinnulífs. Rannsakendur telja þó að þörf sé á frekari greiningu í því skyni að skýra þessa þróun. Niðurstaða þeirra er framkvæmdu



rannsóknina er sú að þrátt fyrir að breytingar séu ekki á einn veg bendi greiningin til að vinnuálag, álag á heimili, árekstrar á milli vinnu og heimilis og ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa hafi áhrif á ánægju fólks með heimilislíf sitt en það sé í samræmi við það sem erlendar rannsóknir hafa sýnt. Því sé mikilvægt að fylgjast með þróun slíkra þátta á komandi misserum. Jafnframt er það niðurstaða þeirra að í síðari rannsóknum sé mikilvægt að veita viðkvæmum hópum sérstaka athygli, svo sem starfsfólki sem ráðið hefur verið til starfa tímabundið sem og fólki sem starfar í atvinnugreinum sem standa höllum fæti eða standa frammi fyrir sparnaðarkröfum. Einnig sé mikilvægt að greina nánar ólík áhrif þróunarinnar á aðstæður karla og kvenna.

Í apríl 2010 skipaði þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra sérstaka fjölskyldunefnd sem ætlað er að vera umræðu- og hugmyndahópur um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs en nefndin er skipuð í samræmi við tillögu formanns Jafnréttisráðs þar að lútandi. Nefnd þessi er enn að störfum en Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri er í forsvari fyrir hana.

Norræn velferðarkerfi eru þekkt fyrir öflugra þjónustu og greiðslukerfi sem tryggir íbúum landanna félagslegt öryggi. Eitt megineinkenni norrænna velferðarkerfa er hversu öflugan stuðning þau veita foreldrum ungra barna vegna umönnunar barna. Þrátt fyrir að Norðurlöndin eigi margt sameiginlegt á þessu sviði hefur þróunin undanfarna áratugi einnig leitt í ljós að þau hafa valið að fara nokkuð ólíkar leiðir til að tryggja foreldrum stuðning. Stærsta verkefni norræna jafnréttissamstarfsins á árunum 2009–2010 var norræn samanburðarrannsókn á fæðingarorlofi og áhrifum umönnunarstefnu Norðurlandanna fimm á stöðu og möguleika karla og kvenna á vinnumarkaði, velferð barna og jafnrétti kynjanna. Rannsóknin var í höndum rannsóknarhóps sérfræðinga á sviði umönnunarstefnu og kynjajafnréttis á Norðurlöndunum á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Embættismannanefndin um vinnumál (ÄK-A) styrkti einnig rannsóknina.

Rannsóknarverkefnið var kynnt á ráðstefnu sem var haldin í Reykjavík 22. október 2009 undir heitinu *Umönnunarstefna, börn og jafnrétti á Norðurlöndunum*. Lokaskýrsla verkefnisins undir sama heiti kom út í desember 2010 og er að finna á eftirfarandi vefsíðu: <http://www.norden.org/is/publikationer/2010-539>. Miklar umræður eiga sér nú stað víða í Evrópu um fæðingar- og foreldraorlof enda hefur dregið úr barnsfæðingum. Ljóst þykir að ekki tekst að auka atvinnuþátttöku kvenna öðruvísi en að komið verði til móts við fjölskyldur með bættri þjónustu. Fæðingar- og foreldraorlof á Norðurlöndum hefur því vakið mikla athygli víða um lönd ekki síst fæðingarorlof feðra á Íslandi en hvergi í heiminum mælist þátttaka þeirra meiri í umönnun barna.

Í kjölfar efnahagsþrenginganna sem hófust hér á landi síðari hluta ársins 2008 hefur ríkisstjórnin þurft að grípa til sparnaðaraðgerða vegna bágrar stöðu í ríkisfjármálum. Því hafa hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þrívegis verið lækkaðar á undanförunum misserum. Frá og með 1. janúar 2009 voru hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði lækkaðar í 400.000 krónur á mánuði úr 535.700 krónum. Vegna enn frekari aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum var hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði lækkuð



enn frekar frá 1. júlí 2009 og var þá miðað við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 437.500 króna þannig að mánaðarleg útgreiðsla sjóðsins til foreldris varð að hámarki 350.000 krónur.

Hámark greiðslna úr Fæðingarorlofs sjóði var lækkað enn frekar frá og með 1. janúar 2010 er hámarksgreiðsla var ákveðin 300.000 krónur á mánuði. Jafnframt var hlutfallið af launum yfir 200.000 krónum lækkað úr 80% í 75%. Þannig eiga foreldrar nú rétt á greiðslum sem nema 80% af fyrstu 200.000 krónum af tekjum þeirra en sem nemur 75% af þeim tekjum sem fara umfram þá fjárhæð en þó geta greiðslur úr Fæðingarorlofs sjóði aldrei numið hærri fjárhæð en 300.000 krónum á mánuði.

Ljóst þykir að hámark á útgreiðslur Fæðingarorlofs sjóðs kann að ganga gegn markmiðum laganna um fæðingar- og foreldraorlof sé hámarkið ákveðið mjög lágt miðað við tekjur foreldra á innlendum vinnumarkaði. Þegar litið er til tekjudreifingar kvenna og karla á innlendum vinnumarkaði hafa þótt líkur til að hámark á útgreiðslur Fæðingarorlofs sjóðs drægi frekar úr áhuga karla til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeir hafa enn að jafnaði hærri laun en konur. Má því gera því skóna að gengið sé mjög nærri markmiðum laganna með þeim breytingum sem gerðar hafa verið varðandi lækkun hámarksgreiðslna. Í athugasemdum við frumvörp þau er fólu í sér framangreindar breytingar á lögnum var því lögð áhersla á að um tímabundnar aðgerðir væri að ræða og því væri stefnt á endurskoðun á fjárhæð hámarksgreiðslna til hækkunar um leið og aðstæður í ríkisfjármálum gæfu tilefni til.

Í ágúst 2010 birti Fæðingarorlofs sjóður samantekt yfir tölulegar upplýsingar Fæðingarorlofs sjóðs 2001–2009. Skýrslan er fyrsta heildaryfirlit yfir tölulegar upplýsingar vegna fæðingarorlofstöku á Íslandi sem birt er og í raun fyrsta úttektin sem gerð hefur verið á tölfræðilegum upplýsingum um fæðingarorlofstöku á Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að nýting foreldra á töku fæðingarorlofs hafi verið mjög góð allt frá því að lögin tóku gildi árið 2001. Í samantekt Fæðingarorlofs sjóðs kemur meðal annars fram að sjóðurinn telur að breytingarnar þær sem gerðar hafa verið á lögnum um fæðingar- og foreldraorlof á undanförunum misserum geti hins vegar haft í för með sér ákveðna hættu á að feður dragi úr töku fæðingarorlofs vegna skerðingar á fjárhæðum en slíkt geti haft áhrif á það markmið laganna að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína sem og að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði. Að mati sjóðsins skipti það því miklu máli að þær breytingar sem gerðar hafa verið í sparnaðarskygni séu einungis tímabundnar og muni ekki festast í sessi. Slíkt sé nauðsynlegt ef tryggja eigi að báðir foreldrar nýti fæðingarorlofsréttindi sín til samvasta með barni sínu.

Þegar tölurnar sem fram koma í samantekt Fæðingarorlofs sjóðs eru skoðaðar má sjá að áhrif þeirra efnahagsþrenginga sem hófust haustið 2008 sé að einhverju leyti þegar farið að gæta. Þannig hefur orlofsgreiðslum til feðra fækkað um rúmlega 1% árið 2009 en á móti hefur orlofsgreiðslum til mæðra fjölgað um 4,6% á sama tímabili. Bráðabirgðatölur ársins 2010 gefa vísbendingu um enn frekari fækkun á greiðslum til feðra og að búast megi við því að orlofsgreiðslur til feðra verði 6–10% færri árið 2010 en þær voru árið 2009. Fækkunina árið 2010 má að mati Fæðingarorlofs sjóðs að hluta



rekja til þeirra lagabreytinga sem vörðuðu hámarksgreiðslur en einnig var búist við því að fæðingar yrðu færri árið 2010 samanborið við árið 2009, en staðfestar tölur frá Hagstofu Íslands liggja ekki fyrir. Í skýrslunni kemur þó fram að endanleg áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögnum í kjölfar efnahagsþrenginganna hér á landi sem hófust haustið 2008 eigi þó enn eftir að koma frekar í ljós.

Þegar skoðuð er hlutfallsleg skipting foreldra samkvæmt skráðu sambúðarformi hjá Þjóðskrá má sjá fækkun innan ákveðinna hópa feðra sem fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Sem dæmi hefur ókvæntum feðrum á aldrinum 31–40 ára sem fá slíkar greiðslur fækkað um 20% milli árana 2009 og 2010 þegar tekið er mið af bráðabirgðatölum fyrir árið 2010. Ef hlutfallsleg breyting eftir tekjum feðra sem fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði er skoðuð þá hefur ókvæntum feðrum með yfir 400.000 krónur í mánaðartekjur fækkað um 7% á milli sömu ára. Að mati sjóðsins geta ástæður þessarar fækkunar bæði varðað fyrrnefndar lagabreytingar sem og þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku efnahagslífinu og á innlendum vinnumarkaði.

Samkvæmt nýlegum gögnum Fæðingarorlofssjóðs fær hátt í fjórðungur feðra (25%) sem fá greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði enn yfir 400.000 krónur í laun á mánuði sé mið tekið af tölum ársins 2009 og bráðabirgðatölum fyrir árið 2010, eins og sjá má á töflu 2. Skýringin á þessu er að enn voru feður barna sem eru fædd fyrir árið 2009 að fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Árið 2009 var 6% af þeim fjölda feðra sem fékk greiðslur frá sjóðnum með 750.000 krónur í tekjur á mánuði eða meira.

Tafla 2. Fjöldi feðra sem fengið hafa fæðingarorlofsgreiðslur vegna barna sem fædd eru árin 2004–2010, raðað eftir tekjum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1*	2009/2**	2010*
<100 þús.	15	12	48	65	97	37	40	72
100–200 þús.	782	971	768	479	347	169	167	267
200–300 þús.	1.123	1.163	1.106	1.162	977	389	374	632
300–400 þús.	780	705	792	979	1.096	476	471	820
400–500 þús.	396	324	445	508	690	323	378	564
500–750 þús.	257	243	350	396	625	355	375	551
750–1.000 þús.	37	1	6	89	138	86	74	131
1.000 þús.+	20	2	4	50	78	51	51	82

*Tölur fyrir börn fædd árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar tölur.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Eins og sjá má á töflu 3 þá höfðu feður sem eru með hærri laun en 300.000 krónur á mánuði að meðaltali tekið flesta dagana í fæðingarorlofi fram til ársins 2008. Fjölda daga hjá feðrum hefur fækkað í öllum tekjuhópum milli árana 2009 og 2010 en mest hjá feðrum með 400.000 krónur eða hærri tekjur. Mest hefur fækkunin verið milli þeirra sem eignast börn á fyrri hluta árs 2009 og á árinu 2010.



Tafla 3. Meðalfjöldi daga sem feður tóku í fæðingarorlof vegna barna sem fædd eru árin 2004–2010, raðað eftir tekjum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1 ^{1*}	2009/2 ^{2*}	2010*
<100 þús.	93	80	100	94	95	83	92	92
100–200 þús.	93	95	94	95	97	94	91	83
200–300 þús.	96	99	98	99	100	99	95	84
300–400 þús.	102	103	101	101	102	99	97	79
400–500 þús.	105	110	106	101	103	104	94	75
500–750 þús.	112	109	104	108	111	105	90	78
750–1.000 þús.	105	57	91	110	107	100	90	75
1.000 þús.+	105	66	113	109	92	101	78	82

1. Vegna barna sem fædd eru janúar–júní 2009.

2. Vegna barna sem fædd eru júlí–desember 2009.

* Tölur fyrir börn fædd árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar tölur.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Þegar tekjur mæðra eru skoðaðar kemur í ljós að mæður eru enn með umtalsvert lægri tekjur en feður. Sem dæmi má nefna að 40% feðra sem fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru með yfir 400.000 krónur í meðaltekjur á mánuði en einungis tæplega 15% mæðra sem fá greiðslur úr sjóðnum hafi þær meðaltekjur á mánuði. Í þessu sambandi verður að taka fram að ekki er um eiginlegan samanburð að ræða en sem dæmi má nefna er mun algengara að konur séu í hlutastörfum en karlar.

Tafla 4. Fjöldi mæðra sem fengið hafa fæðingarorlofsgreiðslur vegna barna sem fædd eru árin 2004–2010, raðað eftir tekjum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1 ^{1*}	2009/2 ^{2*}	2010*
<100 þús.	67	59	76	301	282	174	161	305
100–200 þús.	2.118	2.178	2.027	1.417	1.307	585	546	990
200–300 þús.	824	738	870	1.094	1.208	550	587	1.154
300–400 þús.	264	249	318	436	582	333	374	726
400–500 þús.	90	84	92	156	267	181	181	343
500–750 þús.	34	44	50	112	185	109	156	195
750–1.000 þús.	9			12	28	15	28	41
1.000 þús.+	3			7	15	10	12	12

1. Vegna barna sem fædd eru janúar–júní 2009.

2. Vegna barna sem fædd eru júlí–desember 2009.

* Tölur fyrir börn fædd árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar tölur.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Lítill sem engin breyting hefur hins vegar orðið í fjölda daga sem mæður taka í fæðingarorlof enda þótt gæti aðeins fækkunar á dögum hjá mæðrum sem hafa að meðaltali 300–750.000 krónur í mánaðartekjur, sjá töflu 5.

1 Vegna barna sem fædd eru janúar 2009–júní 2009.

2 Vegna barna sem fædd eru júlí 2009–desember 2009.



Tafla 5. Meðalfjöldi daga sem mæður tóku í fæðingarorlof vegna barna sem fædd eru árin 2004–2010, raðað eftir tekjum.

Fæðingarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009/1*	2009/2*	2010*
<100 þús.	175	173	174	172	171	165	164	167
100–200 þús.	186	186	185	182	177	175	173	174
200–300 þús.	186	188	185	180	180	182	179	179
300–400 þús.	185	187	186	182	182	182	183	181
400–500 þús.	189	183	187	188	182	183	183	179
500–750 þús.	175	200	188	186	177	177	182	178
750–1.000 þús.	162	–	–	176	181	179	177	176
1.000 þús.+	160	–	–	167	175	180	177	175

1. Vegna barna sem fædd eru janúar–júní 2009.

2. Vegna barna sem fædd eru júlí–desember 2009.

* Tölur fyrri börn fædd árin 2009 og 2010 eru ekki endanlegar tölur.

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Enn fremur kemur fram í samantekt Fæðingarorlofssjóðs að nýting feðra á sameiginlegum réttindum foreldra til fæðingarorlofs fyrir árin 2009 og 2010 hafi aldrei verið minni. Þá kemur fram að allt til ársins 2008 hafi aukist fjöldi þeirra feðra sem tekur fæðingarorlof sem hluta af sameiginlegum réttindum foreldra til fæðingarorlofs en árið 2008 hafi feður tekið rúmlega 15 daga í fæðingarorlof að meðaltali sem voru hluti af sameiginlegum réttindum foreldra. Bráðabirgðatölur fyrir árin 2009 og 2010 gefa til kynna að feður hafi dregið úr töku á réttindum sínum og á það bæði við grunnréttindin og sameiginlegu réttindin. Þannig hefur meðalfjöldi daga hjá feðrum lækkað úr 103 dögum, fyrir börn fædd árið 2008 og í 79 daga fyrir börn fædd 2010, en hafa ber í huga að ekki er um að ræða endanlegar tölur þar sem foreldrar sem eignuðust börn eftir 1. júlí 2009 geta nýtt réttindi sín í allt að 36 mánuði. Hvað mæður varðar þá hefur meðalfjöldi daga ekki minnkað jafn mikið en mæður tóku að meðaltali 178 daga í fæðingarorlof vegna barna sem fæddust 2008 en 175 daga vegna barna sem fædd eru árið 2010.

iii. Kynbundinn launamunur.

Enn benda niðurstöður rannsókna til þess að ekki hafi tekist að uppræta kynbundinn launamun þrátt fyrir að nokkur mikilvæg skref hafi verið stigin í þeim efnum á undanförunum misserum en jafnrétti til launa hefur verið eitt helsta baráttumálið þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Líkt og vikið var að í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 var í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða IV að félags- og tryggingamálaráðherra skuli í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðsins sjá til þess að þróað verði fyrir 1. janúar 2010 „sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu



um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir“. Þá fylgdi sérstök bókun með kjarasamningum milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá því í febrúar 2008 þar sem áhersla var lögð á samvinnu samtakanna tveggja í jafnréttismálum á samningstímanum. Í þeirri bókun segir að „þróað verði vottunarferli sem fyrirtæki geti nýtt sér og feli í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar“. Þar segir einnig að undirbúningur skuli þegar hafinn og að stefnt sé að því að verkefninu ljúki fyrir lok árs 2009 eða á svipuðum tíma og áætlað sé að hliðstæðri vinnu ljúki sem kveðið sé á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í október 2008 gáfu félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins síðan út sameiginlega viljayfirlýsingu um að þau hygðust óska eftir viðræðum við Staðlaráð Íslands um að ráðið hefði umsjón með gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði hvað varðar laun, ráðningar og uppsagnir. Samningar náðust við Staðlaráð Íslands og í desember 2008 kom ráðið á fót svokallaðri tækninefnd sem hefur síðan unnið að gerð umrædds staðals. Við stofnun tækninefndarinnar áttu sæti í henni fulltrúar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti (nú velferðarráðuneyti) Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólanna, Kvenréttindafélagi Íslands, Félagi kvenna í atvinnurekstri og ParX viðskiptaráðgjöf. Síðan tækninefndin tók til starfa hafa þó einhverjar breytingar orðið hvað varðar þá aðila sem eiga fulltrúa í nefndinni. Tækninefndin starfar í samræmi við evrópskar starfsreglur um tækninefndir staðlaráða. Ljóst er að samning staðalsins er mun tímafrekara verkefni en upphaflega var gert ráð fyrir og enn liggur ekki fyrir hvenær lokið verður við gerð staðalsins.

Í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 var meðal annars sagt frá því að fjármálaráðherra hefði árið 2007 skipað starfshóp er hefði fengið það verkefni að fjalla um launamun kynjanna á opinberum markaði. Var hópnun annars vegar ætlað að setja fram áætlun um hvernig minnka mætti óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði með það að markmiði að hann minnkaði um helming á kjörtímabili þáverandi ríkisstjórnar og hins vegar að gera tillögur um það hvernig endurmeta mætti sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur væru í miklum meirihluta. Starfshópurinn birti skýrslu sína í mars 2009 um launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði. Með skýrslunni er þannig haldið til haga á einum stað upplýsingum og yfirliti yfir gögn sem hópurinn hafði nýtt við vinnu sína. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði hafi verið rannsakaður töluvert á undanförunum árum. Allar rannsóknirnar sýni fram á óútskýrðan launamun, en mismikinn þó, auk þess sem skoðun á launum karla og kvenna hjá hinu opinbera leiði það sama í ljós. Jafnframt kemur fram að til að ná því markmiði að helminga launamun kynjanna á opinberum markaði þurfi fyrst að komast að því hve mikill launamunur kynjanna raunverulega sé.



Starfshópurinn telur að kynjaskiptur íslenskur vinnumarkaðar sé í raun helsta ástæða kynbundins launamunar og að prósentuhækkningar í kjarasamningum hafi gert það að verkum að launabil milli hópa hafi haldist að mestu óbreytt. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að samkvæmt könnunum á launamun hjá opinberum starfsmönnum sé minni munur á grunnlaunum en heildarlaunum sem bendi aftur til þess að karlar fái frekar en konur ýmis konar viðbótargreiðslur. Með öðrum orðum að ekki sé verið að mismuna kynjunum við sjálfa launasetninguna (röðun í launaflokk) en greiðslur umfram kjarasamningsbundin laun fari í meira mæli til karla. Að mati starfshópsins ráði samkeppnisstaða og aðstæður á vinnumarkaði eðlilega miklu um laun. Hið opinbera sé nánast eini vinnuveitandi margra kvennastétta og þess vegna verði launaþróun þeirra önnur en hópa sem geti borið sig saman við starfssystkin á almennum vinnumarkaði. Fram kemur að hlutfall kvenna meðal forstöðumanna hjá ríkinu sé 25% og því sé ljóst að það séu mun fleiri karlar en konur sem komi að launaákvörðunum hjá ríkisstofnunum. Jafnframt kemur fram í skýrslu hópsins að hjá meirihluta stofnana sé í gildi skrifleg starfsmannastefna sem innihaldi jafnréttisákvæði en í einungis þremur af hverjum tíu tilvikum sé þar fjallað um launamál. Hópurinn telur að því megi gera að því skóna að markviss launastefna þar sem sérstaklega er horft til jafnréttissjónarmiða hjálpi til við að draga úr launamun kynjanna.

Þá kemur fram í skýrslu hópsins að rannsóknir sem gerðar hafa verið á þróun launa í stærstu sveitarfélögum landsins staðfesti að starfsmat dragi úr kynbundnum launamun. Þau sveitarfélög sem náð hafa bestum árangri hvað varðar launajafnrétti kynjanna hafi jafnframt gripið til sértækra aðgerða sem aðallega hafi beinst að því að skoða greiðslur fyrir yfirvinnu og aðrar aukagreiðslur. Í skýrslunni er Akureyrarkaupstaður nefndur sem dæmi þar sem farin hafi verið þessi leið auk þess sem fram kemur að samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri hafi gert á árinu 2007 hafi ekki verið marktækur munur á launum karla og kvenna hjá sveitarfélaginu. Enn fremur kemur fram að hjá Akureyrarkaupstað sé ákveðið hámark á fjölda yfirvinnustunda og einungis sé greitt fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók. Þá eru í skýrslunni birtar þær þrjár leiðir sem starfshópurinn telur einkum færar til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Um sé að ræða fyrrnefnda starfsmatsleið þar sem ólík störf séu metin með kerfisbundnum, samræmdum hætti ásamt því að forsendur og rökstuðningur launaákvæðana séu gerð skýr og gegnsæ. Enn fremur sé um að ræða svokallaða vottunarleið sem hefði það markmið að sjá til þess að fyrirtæki og stofnanir geti komið sér upp ferlum sem tryggi að málsmeðferð og ákvarðanatataka í launa-, ráðninga- og framgangsmálum feli ekki í sér kynbundna mismun. Þá nefnir starfshópurinn það sem hugsanlega leið til að eyða kynbundnum launamun að framkvæmdar verði reglubundnar skoðanir á launum allra starfsmanna hverrar stofnunar eða sveitarfélags.

Umræddur starfshópur fjármálaráðherra um launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði lagði jafnframt í desember 2008 spurningalista um starfsmannamál,



jafnrétti og launamun kynjanna fyrir forstöðumenn stofnana á vegum ríkisins fyrir utan forstöðumenn þeirra stofnana sem teljast til æðstu yfirstjórnar ríkisins, svo sem Hæstaréttar Íslands og umboðsmanns Alþingis. Karlkyns svarendur voru rúmlega 74% og hlutfall kvenkyns svarenda því um 26%. Í niðurstöðunum kom meðal annars fram að starfsaldur kvenna sem stjórnendur var að meðaltali styttri en karla þar sem tæplega 57% kvenna sem svöruðu voru með innan við tíu ára starfsaldur. Í hópi karla sem svöruðu voru hins vegar rúmlega 80% með meira en tíu ára starfsreynslu sem stjórnendur. Meðal helstu niðurstaðna sem fram komu í könnuninni var að meiri ábyrgð kvenna á barnauppleidi og heimilisstörfum sem og kynskipt náms- og starfsval skýrði helst kynbundinn launamun á Íslandi að mati þeirra sem svöruðu. Einungis 24% karlanna voru ósammála fullyrðingu þess efnis að karlar bæru frekar ábyrgð á því að afla tekna en tæplega 60% kvennanna voru ósammála fullyrðingunni. Flestir eða um 65% þeirra sem svöruðu töldu kynbundinn launamun verða til við ákvörðun annarra launa en grunnlauna og um 80% svarenda litu á stofnanasamninga og starfsmannasamtöl sem verkfæri til að tryggja launajafnrétti kynjanna. Þá sögðust hlutfallslega fleiri karlar en konur reglulega skoða launamál á þeirri stofnun er þeir færu með forstöðu fyrir með tilliti til kynbundins launamunar eða 56% á móti 46% kvenna. Enn fremur kom fram að karlarnir höfðu minni trú en konurnar á því að jafnlaunavottun og starfsmat stuðluðu að launajafnrétti kynjanna.

Í febrúar 2010 birti Hagstofan niðurstöður nýrrar rannsóknar á launamun kynjanna á almenna vinnumarkaðinum á árunum 2000–2007. Rannsóknin var mjög viðamikil og staðfestir enn á ný að konur hafa almennt lægri laun en karlar en hlutfallslegur launamunur kynjanna lækkaði þó á tímabilinu. Fram kemur að á árinu 2000 voru konur með 24,8% lægra reglulegt tímakaup en karlar en munurinn var kominn í 15,9% á árinu 2007. Þegar litið er til heildartímakaups voru konur með 24,9% lægra heildartímakaup en karlar árið 2000 en sjö árum síðar eða árið 2007 var munurinn kominn í 18,5%. Ýmsir þættir geta skýrt launamun kynjanna að hluta til en þegar sérfræðingar Hagstofunnar sundurliða launamuninn með svonefndri aðhvarfsgreiningu stendur eftir 7,3% óútskýrður launamunur. Þetta er sá munur sem ekki verður skýrður með mismunandi menntun, starfsaldri eða á annan hátt en sem kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum. Þess ber þó að gæta að rannsókn þessi náði að stórum hluta til aðeins til höfuðborgarsvæðisins. Þegar skoðuð eru áhrif ólíkra skýringarþátta á laun kvenna og karla hvert í sínu lagi virðist sem öflun háskólaprófs hafi meiri áhrif til hækkunar launa karla en launa kvenna. Þá hefur fjöldi barna á heimili jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð áhrif á laun kvenna og því yngri sem börnin eru þeim mun neikvæðari áhrif virðast þau hafa á reglulegt tímakaup kvenna.

Í júlí 2010 birti Reykjavíkurborg úttekt á kynbundnum launamun hjá borginni. Úttektin var unnin í samvinnu mannauðsskrifstofu borgarinnar og RIKK-rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Meginniðurstöður úttektarinnar benda til þess að launamunur kynjanna hjá Reykjavíkurborg felist fyrst og fremst í aksturs- og



yfirvinnugreiðslum. Séu niðurstöður úttektarinnar bornar saman við upplýsingar frá fyrri árum sé þó ljóst að dregið hefur úr launamun kynjanna hjá borginni. Í úttektinni kemur meðal annars fram að þegar reiknaður sé út hlutfallsmunur launa allra starfsmanna borgarinnar, óháð starfshlutfalli, séu karlar með 3% hærri dagvinnulaun en konur sem og 17% hærri heildarlaun. Rúmlega 22% karla sem vinna hjá Reykjavíkurborg fá akstursgreiðslur á meðan 9,7% kvenna sem eru í starfi hjá Reykjavíkurborg fá akstursgreiðslur. Konur í fullu starfi fá 37% af þeim akstursgreiðslum sem karlar í fullu starfi fá. Árið 1999 fengu konur í fullu starfi hins vegar 20% af þeim akstursgreiðslum sem karlarnir fengu. Á tíu ára tímabili jókst því hlutfall af akstursgreiðslum til kvenna í fullu starfi hjá Reykjavíkurborg um 17%. Í þeim störfum hjá Reykjavíkurborg þar sem greitt er fyrir akstur fá konur að meðaltali 85% af akstursgreiðslum karla. Á skipulags- og byggingarsviði borgarinnar fá konur 67% af akstursgreiðslum karla og í Ráðhúsi 81%.

Hjá Reykjavíkurborg eru konur með 53% af yfirvinnu karla í hópi þeirra sem eru í fullu starfi. Í niðurstöðum úttektarinnar kemur fram að þegar breytilegum yfirvinnutímum karla fækkar þá aukast föstu yfirvinnutímarnir. Þegar meðalfjöldi breytilegra og fastra yfirvinnutíma eru lagðir saman fyrir árið 2009 kemur í ljós að þeir voru 24,97 hjá konum en 41,11 hjá körlum. Sé október 2009 skoðaður sérstaklega kemur í ljós að breytilegu og föstu yfirvinnutímarnir hjá konum voru að meðaltali 10,85 en 20,83 hjá körlum að meðaltali. Í lok úttektarinnar eru birtar tillögur til úrbóta en þar er lagt til að rýnt verði í akstursgreiðslur og séð til þess að konur og karlar í sambærilegum störfum hjá Reykjavíkurborg sem krefjast aksturs fái sömu akstursgreiðslur. Jafnframt er lagt til að skoðað verði hvort kynskekkja sé til staðar í tengslum við akstursgreiðslur til þeirra sem á annað borð fá slíkar greiðslur. Þá er lagt til að rýnt verði í fasta yfirvinnu kynjanna þar sem föst yfirvinna yrði metin og jafnframt skoðað hvort einhver málefnaleg ástæða væri fyrir því að konur fái einungis 46% af fastri yfirvinnu karla hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt þyrfti að rýna í launalista hjá þeim sviðum borgarinnar sem sýndu launamun milli kynja í dagvinnulaunum og leiðréttu þyrfti þann mun þar sem þess gerðist þörf. Auk þess þyrfti að skrá menntun innan launakerfisins þannig að unnt yrði að skoða leiðréttan launamun út frá menntun. Loks þyrfti að gera nýja úttekt á launamun kynjanna eftir að rýni og leiðréttingar í kjölfar hennar hefðu farið fram.

Samkvæmt launakönnun VR hélst launamunur kynjanna óbreyttur milli áranna 2009 og 2010 en samkvæmt könnuninni er munur á heildarlaunum 15,5% miðað við fullt starf þar sem hallar á konur. Heildarlaun karla voru rúmlega 466.000 krónur að meðaltali samkvæmt launakönnun VR en heildarlaun kvenna tæpar 394.000 krónur sem er 15,5% lægra. Samkvæmt launakönnun VR árið 2009 var munurinn á heildarlaunum kynjanna hins vegar 14,7%. Samkvæmt könnunni er kynbundinn launamunur 10,1% sem er sá sami og í launakönnun VR árið 2009. Ef kannanirnar tvær eru bornar saman kemur í ljós að laun karla hækkuðu meira en laun kvenna á milli ára eða um 5,4% á móti 4,2% hækkunar á launum kvenna. Kynbundinn launamunur er 10,1%



eða nákvæmlega sá sami og milli árunna 2008 og 2009. Að mati þeirra sem stóðu að könnuninni skýra mismiklar launahækkunir eftir starfsstéttum það að kynbundinn launamunur er óbreyttur þrátt fyrir að munur á heildarlaunum kynjanna hafi aukist á milli ára en kvennastéttir virðist síður hafa sótt eða fengið launahækkun á milli ára. Fram kemur að laun fyrir störf þar sem konur eru í meirihluta (70% eða meira af starfsfólki) hækkuðu um 4% á milli árunna 2009 og 2010 en laun fyrir störf þar sem karlar eru í meirihluta hækkuðu um rúmlega 6% á sama tímabili. Fram kemur að þessu hafi verið öfugt farið árið 2009 þar sem þá hafi laun í karlastörfum lækkað um tæplega 2% frá árinu 2008 en laun í kvennastörfum hækkað um 5% á sama tímabili. Enn fremur kemur fram að karlar staðsetja sig frekar í hópi stjórnenda en konur eða 55% karla á móti 33% kvenna, en þar eru launin 511.000 krónur að meðaltali á mánuði samanborið við 370.000 krónur að meðaltali hjá sérhæfðu starfsfólki þar sem 35% kvenna staðsetja sig. Jafnframt kemur fram að konur fóru síður í launaviðtöl á árinu 2009 en karlar eða 18% kvenna á móti 22% karla. Það hallaði líka á konur árin 2009 og 2008 hvað þetta varðar en munurinn er meiri nú en þá. Þeir sem fara í launa- eða starfsmannaviðtal eru með marktækt hærri laun en þeir sem ekki fara í viðtal. Munur á heildarlaunum kynjanna var umtalsvert minni samkvæmt launakönnun VR hjá þeim sem höfðu lokið mastersnámi eða lengra námi á háskólastigi en í öðrum menntahópum. Að meðaltali var munur á heildarlaunum kynjanna eftir menntun frá 15% meðal þeirra sem lokið hafa BA- eða BS-prófi til 18% meðal svarenda sem hafa grunnskólapróf eða minni menntun. Launamunur karla og kvenna sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi, svo sem MA, MS eða doktorsnámi, er hins vegar mun minni eða 4%. Minnstur var munur á heildarlaunum kynjanna hjá yngsta aldurshópnum, félagsmönnum yngri en 25 ára en það var munurinn 11%. Hjá næsta aldurshópi, félagsmönnum á aldrinum 25–29 ára, var munurinn hins vegar mestur eða tæplega 18%, meðallaun kvenna í þessum aldurshópi voru 339.000 krónur á meðan meðallaun karla voru 411.000 krónur.

iv. Kynbundið náms- og starfsval.

Líkt og kom fram í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 er íslenskur vinnumarkaður enn mjög kynskiptur, bæði hvað varðar hlutfall kynjanna innan ólíkra starfsgreina og að því er varðar hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum. Í töflu 6 er að finna upplýsingar um hlutfall kynjanna innan einstakra starfsgreina árin 2008 og 2009.



Tafla 6. Starfandi eftir starfsstéttum og kyni 2008–2009.

	2008	2009
Stjórnendur og embættismenn	17.200	16.900
Karlar	11.500	11.200
Konur	5.700	5.700
Sérfræðingar	35.600	34.800
Karlar	17.300	15.700
Konur	18.300	19.100
Sérmenntað starfsfólk	29.400	29.500
Karlar	11.200	11.400
Konur	18.200	18.100
Skrifstofufólk	10.600	9.300
Karlar	2.200	1.700
Konur	8.400	7.600
Þjónustu- og verslunarfólk	35.400	32.600
Karlar	14.000	13.100
Konur	21.400	19.500
Bændur og sjómenn	6.700	6.600
Karlar	5.300	5.400
Konur	1.400	1.200
Iðnaðarmenn	22.100	19.100
Karlar	20.400	17.200
Konur	1.700	1.800
Véla- og vélgæslustarfsfólk	9.200	8.400
Karlar	8.600	7.600
Konur	700	900
Ösérhæft starfsfólk	12.400	10.500
Karlar	6.600	5.100
Konur	5.800	5.400

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Í töflunni má sjá að hlutfall karla í hópi stjórnenda og embættismanna lækkaði lítillega eða um 2,6% á milli ára. Fjöldi kvenna var óbreyttur og voru þær áfram í miklum minnihluta eða tæp 34% árið 2009. Konum fjölgaði í hópi sérfræðinga úr 18.300 árið 2008 í 19.100 árið 2009 eða um tæp 4,4% og eru þær í meirihluta eða 54,9%. Körlum fækkaði aftur á móti í sama hópi úr 17.300 árið 2008 í 15.700 árið 2009. Fjöldi kvenna í hópi iðnaðarmanna hefur jafnframt aukist úr 1.700 árið 2008 í 1.800 árið 2009 eða um 5,8%. Hins vegar hefur fjöldi karla í sama hópi fækkað úr 20.400 árið 2008 í 17.200 árið 2009 eða um 18,6%. Þá hefur konum fjölgað í hópi véla- og vélgæslustarfsfólks úr 700 árið 2008 í 900 árið 2009 eða um 28,6% en körlum fækkað úr 8.600 árið 2008 í 7.600 árið 2009 eða um 11,6%. Bæði konum og körlum fækkaði á milli ára í hópi þjónustu- og verslunarfólks en fjöldi karla í hópnum hafði fjölgað úr 11.000 í 14.000 á árunum 2005 til 2007.

Eins og áður hefur komið fram fór Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Ein af þeim ráðstefnum sem haldin var í tengslum við formennskuár Íslands var haldin 21. og 22. september 2009 og fjallaði hún um jafnrétti í skólum. Á ráðstefnunni voru níu fyrirlestrar sem allir fjölleuðu á einn eða annan



hátt um jafnrétti í skólum en að þeim loknum voru haldnar þrjár málstofur. Fyrsta málstofan bar yfirskriftina: *Kynjaskipting í skólustarfi – okkar leið í jafnréttismálum*, önnur málstofan var um *Kynbundið nám- og starfsval* og sú þriðja var um *Kynjafræði og kennaramenntun*. Í málstofunum var meðal annars rætt um mikilvægi þess að flétta kynjafræði inn í kennaranám til að kennarar framtíðarinnar gætu betur undirbúið nemendur undir líf og störf í jafnréttissamfélagi þar sem íslensk könnun meðal kennaranema hefði bent til takmarkaðrar vitundar þeirra um kynjasjónarmið í uppeldi barna. Þá hafi reynt erfitt að fylgja eftir ákvæðum jafnréttislaga á þessum sviðum þar sem kynjasjónarmið hafi ekki verið samþætt löggjöf á menntasviði. Einnig kom fram að kynjaskipting vinnuarkaðarins virtist endurspeglast í náms- og starfsvali ungs fólks. Í góðæri virtust ungir karlar freistast af vel launuðum störfum en konur veldu að halda áfram námi í von um að styrkja stöðu sína á vinnuarkaði. Fram kom að kynjaskipting í skólustarfi væri ekki ný af nálinni hérlendis en spurning væri hvort hún væri kennsluform framtíðarinnar á leið okkar til aukins jafnréttis. Þrettán skólar vinna nú í anda Hjallastefnunnar þar sem skólustarf er kynjaskipt til þess að tryggja báðum kynjum jöfn tækifæri til náms.

Eins og fram kom í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 gerðu félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og fimm sveitarfélög með sér samstarfssamning um þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* í þeim tilgangi að gefa ungu fólki aukin tækifæri til að taka eigin ákvarðanir varðandi framtíð sína, þar á meðal val á námi og starfi í samræmi við áhugasvið sitt. Lokaskýrsla verkefnisins var kynnt í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 19. mars 2010. Í máli menntamálaráðherra sem ávarpaði samkomuna kom meðal annars fram að mikilvægt væri að sérstaklega yrði hugað að jafnréttisstarfi í skólum og því væri ekki verið að kynna lokaskýrslu heldur áfangaskýrslu. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að svo virðist sem verkefnið hefði styrkt viðhorf nemenda sem þátt tóku í verkefnum grunnskólanna ef frá eru talin viðhorf þeirra til verkaskiptinga hjóna inni á heimilum þar sem stúlkurnar virtust almennt jafnréttissinnaðri en drengirnir auk þess sem viðhorf nemenda til jafnréttis voru breytileg eftir skólum. Jafnframt kemur fram að í tengslum við verkefnið hafi komið í ljós að verulega skortir á kynjafræðipækkingu kennara en ætla megi að forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum séu vel menntaðir kennarar á þessu sviði og því þyrfti kynjafræðin að vera skyldunámsgrein í kennaramenntun auk þess að koma sterkar inn í endurmenntun kennara.

Meginmarkmið verkefnisins voru eftirfarandi:

1. Að efla jafnréttisfræðslu í skólum.
2. Að samþætta kynjasjónarmið í kennslu.
3. Að auka samvinnu *milli* sveitarfélaga um jafnréttismál á sviði skólamála.
4. Að auka samvinnu *innan* sveitarfélags um jafnréttismál almennt.
5. Að auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu.
6. Að búa til vettvang þar sem miðlað er af reynslu. Þannig að kennarar og aðrir geti nýtt sér hugmyndir og verkefni sem gefið hafa góða raun.



Í skýrslunni kemur meðal annars fram að kynbundið náms- og starfsval sé talið geta hindrað einstaklinginn í að takast á við það nám og starf sem hann hefur áhuga á og hæfileika til. Það geti leitt til þess að ekki verði allar leiðir íhugaðar og sumar leiðir fyrir fram útilokaðar því þær séu ekki taldar hæfa viðkomandi kyni. Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu sé unnt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka eigin ákvarðanir varðandi framtíð sína. Meðal tillagna sem komu fram var að gera kynjafræði að skyldunámsgrein í menntun kennara auk þess sem hún yrði hluti af endurmenntun kennara. Áhersla var lögð á að menntamálaráðuneytið sinnti eftirlitshlutverki sínu með jafnréttisfræðslu og skólastjórnendur leggðu áherslu á að jafnréttisfræðsla ætti sér stað í skólum. Samhliða þyrfti að tryggja gæðin á jafnréttisfræðslunámsefni. Kynna þyrfti verkefnið og afrakstur þess sem víðast ásamt því að tryggja fleiri sveitarfélögum þátttöku. Enn fremur þyrfti að efla vægi jafnréttisfræðslu í námskrám þegar endurskoðun færi fram og gæta þess að draga ekki úr vægi kynjajafnréttis í jafnréttisumræðunni.

Á árinu 2009 tók Jafnréttisstofa þátt í átaki á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en markmið átaksins var að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum alls staðar í Evrópu að auka framleiðni með því að segja skilið við staðalímyndir kynjanna og hámarka getu starfsmanna. Í tengslum við átakið birtist frétt á vefsíðu Jafnréttisstofu 8. september 2009 þar sem meðal annars kom fram að á Íslandi eru einungis 18,5% forstjóra konur. Jafnframt kemur fram að arðsemi eiginfjár hjá fyrirtækjum sem stjórnað er af konum sé 34,8% en sé hins vegar 29,3% hjá fyrirtækjum sem stjórnað sé af körlum. Enn fremur kemur fram að á vinnumarkaði á Íslandi séu nærri því 80% skrifstofufólks konur en 90% iðnaðarmanna og fólks í sambærilegum störfum séu karlar. Þá kemur fram að árið 2007 hafi konur verið 90% þeirra sem voru með háskólapróf í heilbrigðis- og velferðargeiranum en aðeins rúmlega 30% þeirra sem höfðu lokið námi í verkfræði, framleiðslu og byggingarfræði. Í tengslum við átakið stóð Evrópusambandið fyrir þýðingu á námsefni, meðal annars á íslensku, sem miðar sérstaklega að því að fræða atvinnurekendur um gildi þess fyrir atvinnulífið að segja skilið við staðalímyndir kynjanna innan fyrirtækja. Jafnréttisstofa stýrði átakinu hér á landi en meðal annars voru haldin þrjú námskeið hérlandis. Samkvæmt upplýsingum Jafnréttisstofu hefur stofan hug á að nýta sér þýdda námsefnið enn frekar með því meðal annars að standa fyrir frekari námskeiðum þrátt fyrir að átakinu sé formlega lokið.

Á undanförunum árum hefur Jafnréttisstofa staðið fyrir útgáfu dagatals þar sem áhersla hefur verið lögð á hin ýmsu málefni sem öll tengjast þó jafnrétti kynjanna á einhvern hátt. Þessum dagatölum hefur meðal annars verið dreift í alla skóla landsins sem og til stofnana og skrifstofa sveitarfélaga. Ein af megináherslum norræns samstarfs í jafnréttismálum árið 2011 verður afnám staðalímynda á vinnumarkaði en í því skyni að vekja athygli á nauðsyn þess að rjúfa staðalímyndir kynjanna á vinnumarkaði hefur Jafnréttisstofa gefið út dagatal fyrir árið 2011 með myndum af konum og körlum í óhefðbundnum störfum sem ættu að vera góðar fyrirmyndir fyrir ungt fólk þegar kemur að náms- eða starfsvali.



v. Staða kvenna og karla innan opinberrar stjórnýslu.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 178.600 einstaklingar starfandi á innlendum vinnumarkaði á árinu 2008 en þar af voru 9.600 starfandi við opinbera stjórnýslu eða tæplega 5,4% af heildarfjölda starfandi á innlendum vinnumarkaði. Af þeim sem störfuðu við opinbera stjórnýslu á árinu 2008 voru 4.700 karlar og 4.800 konur. Á árinu 2009 voru hins vegar 167.800 einstaklingar starfandi á innlendum vinnumarkaði en þar af voru 9.200 starfandi við opinbera stjórnýslu eða 5,5%. Af þessum 9.200 einstaklingum voru 4.400 karlar og 4.800 konur. Fram kemur í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 að árið 2007 hafi 9.000 einstaklingar starfað við opinbera stjórnýslu þar af 4.500 karlar og 4.500 konur. Frá árinu 2007 til ársins 2009 hafði starfsmönnum stjórnýslunnar því fjölgað um 200, enda þótt þeim hefði fækkað milli árána 2008 og 2009. Konum fjölgaði um 300 á milli 2007 og 2008 en körlum fjölgaði um 200. Körlum fækkaði síðan um 300 á árunum 2008 til 2009 en fjöldi kvenna var óbreyttur.

Í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands frá því í desember 2010 kemur meðal annars fram að í september 2010 hafi sex af hverjum tíu starfsmönnum Stjórnarráðsins verið konur en á sama tíma hafi konur verið tvær af hverjum þremur starfsmönnum hjá ríkinu í heild.

Tafla 7. Starfsmenn ráðuneyta Stjórnarráðsins eftir kynjum í september 2010.

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Samtals
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	28	12	40
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	14	11	25
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	36	15	51
Fjármálaráðuneyti	29	34	63
Forsætisráðuneyti	17	17	34
Heilbrigðisráðuneyti	42	19	61
Iðnaðarráðuneyti	15	8	23
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	59	32	91
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	17	17	34
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	27	17	44
Umhverfissráðuneyti	21	12	33
Utánríkisráðuneyti	48	46	94
Samtals	353	240	593

Í fyrrnefndri skýrslu kemur jafnframt fram að sé kynjaskipting eftir flokkum starfa innan Stjórnarráðsins skoðuð komi í ljós að í september 2010 hafi konur verið rúmlega 80% starfsmanna í öðrum störfum en þeim sem krefjast háskólamenntunar og 56% háskólamenntaðra sérfræðinga sem er sama hlutfall og á árinu 2007. Þrátt fyrir þetta hafi þær einungis verið þriðjungur þeirra starfsmanna innan Stjórnarráðsins sem gegnt hafi stöðu skrifstofustjóra en í september 2010 hafi hlutfall kvenna meðal skrifstofustjóra innan Stjórnarráðsins einungis verið 33%. Er þá miðað við þá þrjá flokka sem Kjararáð miðar við eða skrifstofustjóra 1 án mannaforða, skrifstofustjóra 2 með mannaforráð og skrifstofustjóra 3 sem er staðgengill ráðuneytisstjóra. Fram kemur í skýrslunni að á þessum tíma hafi flestir þeirra sem gegndu stöðu skrifstofustjóra án mannaforráða



verið karlar eða fimmfalt fleiri en konurnar sem gegndu stöðu skrifstofustjóra án mannaforráða (sjá töflu 8).

Tafla 8. Skipting skrifstofustjóra eftir flokkum, kyni og meðalaldri í september 2010

Staða	Meðalaldur kvenna (fjöldi)	Meðalaldur karla (fjöldi)
Skrifstofustjóri 1 (án mannaforráða)	50,3 ár (4)	56,8 (19)
Skrifstofustjóri 2 (með mannaforráð)	53,3 ár (18)	49,9 (30)
Skrifstofustjóri 3 (staðgengill ráðuneytisstjóra)	48,5 ár (6)	59,0 (6)
Ráðuneytisstjóri	52,4 ár (5)	55,0 ár (7)

Heimild: Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands.

Hlutfall kvenna sem gegndu stöðu skrifstofustjóra og höfðu mannaforráð var 44%. Fram kemur í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 að árið 2007 hafi 27% skrifstofustjóra hjá ráðuneytum verið konur á móti 73% karla og er þá miðað við að til skrifstofustjóra teljist sendiherrar, skrifstofustjórar og sendifulltrúar sem stjórnar skrifstofum.

Frá og með 1. janúar 2011 varð hlutfall kvenna og karla í embætti ráðuneytisstjóra jafnt eða fimm karlar og fimm konur. Í lok árs 2008 gegndu fjórar konur slíku embætti eða 33% en á þeim tíma voru starfandi samtals tólf ráðuneytisstjórar. Frá og með 1. janúar 2011 varð hlutfall kvenna og karla enn fremur jafnt meðal þeirra sem gegna því hlutverki að vera staðgenglar ráðuneytisstjóra.

Tafla 9. Háskólamenntaðir starfsmenn Stjórnarráðsins eftir kyni og störfum í september 2010.

Störf	Konur	Hlutfall af háskólamenntuðum konum	Karlar	Hlutfall af háskólamenntuðum körlum	Samtal
Ráðuneytisstjórar	5	2%	7	3%	12
Skrifstofustjórar	28	13%	57	27%	85
Háskólamenntaðir sérfræðingar	183	85%	144	69%	327
Samtal	216	100%	208	100%	424

Heimild: Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands.

Tafla 9 sýnir að 30% háskólamenntaðra karla innan Stjórnarráðsins gegndu einhvers konar stjórnunarstöðum á móti 15% háskólamenntaðra kvenna innan Stjórnarráðsins. Háskólamenntun viðist því hafa skilað konum litlu þegar kemur að stöðum skrifstofustjóra en einungis 13% þeirra voru skrifstofustjórar í september 2010 á meðan 27% karla með háskólamenntun gegndu slíku starfi. Þá gegndu 85% háskólamenntaðra kvenna í sérfræðingsstöðum á móti um það bil 70% karla. Þess ber að geta að með þeim breytingum á Stjórnarráðinu sem tóku gildi í upphafi árs 2011 varð tala kvenna og karla sem gegna embættum ráðuneytisstjóra jöfn, fimm konur og fimm karlar.



Sendiherrar voru 40 talsins í árslok 2008 en þar af voru 32 karlar sem gegndu stöðu sendiherra eða 80% á meðan konur sem gegndu stöðu sendiherra voru átta talsins eða 20%. Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins fækkaði sendiherrum úr 40 í 34 á árunum 2009 til 2010. Í byrjun árs 2011 voru því 34 sem gegndu stöðu sendiherra en þar af voru 25 karlar eða 73,5% og níu konur eða 26,5%. Við fækkun sendiherra hefur því fækkað í hópi karla sem gegna slíkri stöðu á meðan fjölgun hefur orðið meðal kvenna. Þá voru í byrjun árs 2011 starfandi 17 sendifulltrúar innan utanríkisþjónustunnar en þar af var ein kona og hefur konum sem gegna slíkri stöðu því fækkað um eina frá árslokum 2008 er tvær konur voru starfandi sem sendifulltrúar. Kynjahlutfallið er jafnt þegar kemur að sendiráðunautum þar sem 13 konur og 13 karlar gegndu slíku embætti í janúar 2011 en í árslok 2008 voru konur 47% sendiráðunauta. Þá voru þrír karlar og sjö konur starfandi sem sendiráðsritarar í janúar 2011 og var hlutfall kvenna því 70% en var 52% í árslok 2008. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður þó að hafa í huga að samkvæmt þeim upplýsingum frá utanríkisráðuneyti sem aflað var við gerð þessarar skýrslu eru jafnframt starfandi innan utanríkisþjónustunnar níu karlar og níu konur sem bera engan af fyrrnefndum titlum þar sem í ráðuneytinu hefur verið ákveðið að diplómátskir titlar verði eingöngu notaðir þegar fólk er við störf erlendis.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands sem byggjast á lista yfir ríkisstofnarnir og forstöðumenn þeirra sem birtur var á vefsíðu fjármálaráðuneytis í nóvember 2008 voru forstöðumenn ríkisstofnana samtals 207 talsins á þeim tíma. Þar af voru 50 konur eða rétt um 24% en karlkyns forstöðumenn voru 157 talsins eða um 76%. Litlar breytingar hafa því orðið á milli áranna 2007 og 2008 þar sem 77% af forstöðumönnum ríkisstofnana voru karlar árið 2007. Frá árinu 2008 hefur orðið fækkun í hópi forstöðumanna ríkisstofnana en samkvæmt vefsíðun *Félags forstöðumanna ríkisstofnana* voru í árslok 2010 starfandi 188 forstöðumenn ríkisstofnana en þar af var 131 karl eða tæplega 70% og 57 konur eða rúmlega 30%. Af þessu er ljóst að frá Körlum í hópi forstöðumanna ríkisstofnana hefur því fækkað um 26 frá árinu 2008 en konum hefur fjölgað um sjö.

Samkvæmt upplýsingum á vef sýslumanna voru 24 sýslumenn starfandi um miðjan janúar 2011 en þar af voru sex konur og eru þær því 25% starfandi sýslumanna. Er þetta sama hlutfall kvenna og var í byrjun janúar 2009, sbr. síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009. Þess ber þó að geta að ein af þessum konum sem voru starfandi sýslumenn um miðjan janúar 2011 starfaði sem settur sýslumaður í stað karlmanns sem skipaður hafði verið í embættið. Því má segja að konum sem gegna embætti sýslumanna hafi fækkað um eina frá því í byrjun janúar 2009.

Samkvæmt upplýsingum ríkislögreglustjóra voru 722 lögreglumenn starfandi í janúar 2011 en þar af voru 66 konur eða um 9% og 656 karlar eða tæplega 91%. Lögreglumönnum hefur því fækkað um 117 frá því í febrúar 2007 þegar 839 lögreglumenn voru starfandi. Af þessum 117 lögreglumönnum voru fleiri karlar sem hættu störfum eða 81 sem svarar til 70% af þeim sem hættu. Engu síður hættu hlutfallslega fleiri konur eða 36 en starfandi lögreglukonur voru 102 talsins í febrúar 2007. Í janúar 2011 gegndi engin kona embætti yfirlögregluþjóns líkt og í febrúar



2007. Hins vegar var ein kona starfandi aðstoðaryfirlögregluþjónn í janúar 2011 en alls voru þá starfandi 30 aðstoðaryfirlögregluþjónnar. Í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 kemur fram að í febrúar 2007 hafi ein kona verið starfandi sem aðstoðaryfirlögregluþjónn á mótí 26 körlum. Engin kona hefur því bæst í hóp aðstoðaryfirlögregluþjónna þrátt fyrir að í heild hafi þeim fjölgað um þrjá frá því í febrúar 2007 til janúar 2011. Ein kona var aðalvarðstjóri í febrúar 2007 sem og í janúar 2011 en aðalvarðstjórum hefur fækkað á þessu tímabili um níu eða úr 46 í 37. Þá voru í janúar 2011 starfandi 142 varðstjórar en þar af voru átta konur eða rúmlega 5,5%. Í febrúar 2007 var hlutfall kvenna meðal varðstjóra 4,2%. Í janúar 2011 voru jafn margir lögreglustjórar og í árslok 2008 eða 15 talsins. Af þessum 15 voru þrjár konur í árslok 2008 eða 20% en þeim hafði fækkað um eina í janúar 2011 eða í rúmlega 13%.

vi. Staða karla og kvenna hjá dómstólum.

Samkvæmt upplýsingum dómstólaráðs var lögbundinn fjöldi héraðsdómara 38 en frá 15. maí 2010 var þeim fjölgað í 43. Í nóvember 2010 voru því samtals 43 starfandi héraðsdómarar við átta héraðsdómstóla og er þá miðað við þá sem skipaðir höfðu verið í embætti. Af þessum 43 starfandi héraðsdómurum voru 28 karlar eða rétt rúmlega 65% en 15 konur eða tæplega 35%. Héraðsdómurum hefur því verið fjölgað um fimm frá árinu 2008 en af þessum fimm eru tveir karlar og þrjár konur sem allar bættust í hóp héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í heildina hefur hlutur kvenna meðal héraðsdómara því aukist frá því sem var árið 2008 þegar 32% héraðsdómara voru konur. Flestar þeirra kvenna sem skipaðar hafa verið héraðsdómarar störfuðu við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Reykjaness í nóvember 2010 eða 14 en einungis ein var starfandi við héraðsdómstól á landsbyggðinni. Fimm dómstólar á landsbyggðinni eru því einungis skipaðir körlum. Flestir karlar sem skipaðir hafa verið í embætti héraðsdómara starfa líkt og konurnar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness eða samtals 19 en annar þeirra sem bættist við frá og með 15. maí 2010 hóf störf hjá Héraðsdómi Reykjaness en hinn hjá héraðsdómi á landsbyggðinni. Við hvern héraðsdómstól starfar einn dómstjóri og í nóvember 2010 voru þeir allir karlar líkt og var í árslok 2008. Samkvæmt vefsíðu héraðsdómstólanna voru aðstoðarmenn héraðsdómara 15 talsins í janúar 2011 en þar af voru ellefu konur og fjórir karlar.

Samkvæmt vefsíðu Hæstaréttar Íslands störfuðu við dóminn í janúar 2011 níu dómarar en þar af voru átta karlar og ein kona. Í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 kemur fram að í lok árs 2008 hafi tvær konur og sjö karlar verið starfandi sem dómarar við Hæstarétt Íslands. Konum hafði því fækkað um eina í hópi dómara við Hæstarétt á meðan körlum hafði fjölgað um einn frá árslokum 2008. Aðstoðarmenn hæstaréttardómara voru fjórir í janúar 2011 sem og í árslok 2008. Árið 2008 voru aðstoðarmennirnir allir konur en árið 2011 voru þrír aðstoðarmenn konur og einn aðstoðarmaður karl. Í janúar 2011 var skrifstofustjóri Hæstaréttar karl líkt og í árslok 2008.



vii. Kyn og völd.

Í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, sem vikið verður nánar að hér á eftir, var ráðstefna haldin í nóvember árið 2009 undir yfirskriftinni *Kyn og Völd* þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknarverkefnis sem unnið var af Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnuninni (NIKK) og breiðum hópi norrænna fræðimanna, að ósk Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Kirsti Niskanen stýrði rannsókninni en hún var tvíþætt. Annars vegar var safnað saman upplýsingum um kyn og völd í stjórnámum og þær greindar, en hins vegar var valdakerfi atvinnulífsins skoðað út frá kynjasjónarmiði. Á ráðstefnunni voru helstu niðurstöður kynntar og fjallað var um niðurstöður kosninga til þjóðþinga og í sveitastjórnir. Greind voru hlutföll kvenna og karla í ríkisstjórnnum og stjórnmalaflokkum sem og stjórnir fyrirtækja skráð í kauphöllum og einnig var hlutur kynjanna í sætum stjórnarformanna fyrirtækja skoðaður. Skýrsla um rannsóknina og greinasafn hefur verið gefið út og er hvort tveggja aðgengilegt á heimasíðu NIKK (www.nikk.no) og Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is). Á ráðstefnunni voru flutt átta erindi þar sem greind var staðan innan stjórnála- og atvinnulífs Norðurlandanna sem og innan sjálfstjórnarsvæðanna þriggja. Erindi Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, prófessors við Háskóla Íslands, fjallaði um *Kyn og efnahagsleg völd á Íslandi*, þar sem farið var yfir helstu niðurstöður úr rannsóknum hennar á hlut kvenna í stjórnnum einka- og opinberra fyrirtækja en rannsóknin nær yfir árin 1999–2009 og náði hún því yfir 10 ára tímabil. Í samantekt Guðbjargar kom fram að kynjahlutfall væri orðið nokkuð jafnt í stjórnnum opinberra fyrirtækja en hlutfall kvenna meðal stjórnarformanna og æðstu stjórnenda hefði lítið aukist í opinberum fyrirtækjum á því tímabili sem könnunin náði til. Þá hefði hlutfall kvenna í stjórnnum einkafyrirtækja lítið aukist en sú hlutfallslega aukning kvenna í stjórnnum einkafyrirtækja sem komið hafi fram í rannsóknum hennar væri tilkomin vegna nýrra fyrirtækja. Að lokum velti Guðbjörg þeirri spurningu upp hvort lausnin til að auka hlut kvenna við stjórnun fyrirtækja væri fólgin í kynjakvóta. Á ráðstefnunni fjallaði dr. Auður Styrkárstöttir, stjórnmalafraeðingur og forstöðumaður Kvennasögusafnsins, um kyn og völd í íslenskum stjórnámum í erindi sínu er bar sama heiti. Þar fór hún yfir niðurstöður sínar úr íslenska hluta rannsóknarinnar um kyn og völd í stjórnámum, en ítarlega er fjallað um þátttöku kvenna í stjórnámum í sérkafla í þessari skýrslu.

Meðal ályktana sem Jafnréttisráð sendi frá sér á starfsárinu 2010 var ályktun sem snéri að hlutdeild kvenna í stjórnun íslensks atvinnulífs þar sem skorað var á Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskipatráð Íslands og Samtök atvinnulífsins að beita áhrifum sínum til þess að ná sem fyrst fram markmiðum sínum um 40% hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja sem sett voru fram í samstarfssamningi. Jafnframt sendi Jafnréttisráð frá sér ályktun sem beindist að stjórn og trúnaðarmannaráði VR en þar var því fagnað að niðurstöður kosninga innan félagsins hafi leitt til jöfnunar kynjahlutfalls kjörinna fulltrúa í stjórn og trúnaðarmannaráð VR. Í ályktuninni kemur meðal annars fram að Jafnréttisráð vonist til að kosningin verði félagsmönnum öllum til heilla og öðrum til eftirbreytni.



viii. Konur í forystu fyrirtækja.

Með lögum nr. 13/2010 var lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, breytt á þann veg að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórn er skipuð fleiri en þremur mönnum skuli tryggt að hlutfall annars kyns sé ekki lægra en 40%. Í frumvarpi því er varð að fyrrnefndum lögum nr. 13/2010 kemur meðal annars fram að markmið lagabreytingarinnar hafi verið að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gegnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum. Enn fremur kemur fram að rétt hafi þótt að takmarka upplýsingaskyldu um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins við félög með tilteknum lágmarksstarfsmannafjölda. Þá kemur fram að ut anumhald grundvallarupplýsinga af þessu tagi um starfsemi hvers félags um sig sé fyrirhafnarlítið og með einföldum hætti sé unnt að tryggja virkt eftirlit með því að upplýsingarnar skili sér til hlutafélagaskrár en tilkynna skal um stjórnir til hlutafélagaskrár, sbr. 2. gr. laganna en ákvæðið tekur gildi 1. september 2013.

Hlutur kvenna á íslenskum vinnumarkaði var tæplega 46% árið 2008 en var rúmlega 47% árið 2009 og tæp 48% árið 2010 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Hlutfall kvenna í stöðu framkvæmdastjóra íslenskra fyrirtækja árin 2008 og 2009 var 19% sem svarar til 2.172 kvenna á móti 9.003 körlum eða 81%. Hlutfall kvenna meðal framkvæmdastjóra hefur því lítið breyst undanfarin ár en árið 2005 voru 18% framkvæmdastjóra konur og fimm árum fyrr eða árið 2000 voru 16% framkvæmdastjóra íslenskra fyrirtækja konur. Konum sem gegna stöðu framkvæmdastjóra hjá íslenskum fyrirtækjum hefur fjölgað um 1.005 frá árinu 2000 til ársins 2009 en á sama tímabili hefur körlum sem gegna stöðu framkvæmdastjóra fjölgað um 2.922. Konur voru 21% framkvæmdastjóra nýskráðra fyrirtækja árið 2009 en þær höfðu verið 23% framkvæmdastjóra nýskráðra fyrirtækja árið 2007.

Tafla 10. Hlutfall kynjanna meðal framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og stjórnarmanna fyrirtækja árin 2008 og 2009.

	2008		2009	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Framkvæmdastjórar	81%	19%	81%	19%
Stjórnarformenn	78%	22%	77%	23%
Stjórnarmenn	77%	23%	77%	23%

Hagstofa Íslands hefur tekið saman kyngreindar upplýsingar um framkvæmdastjóra eftir atvinnugreinum. Samkvæmt þeim upplýsingum voru hlutfallslega flestar konur starfandi sem framkvæmdastjórar félagasamtaka eða annarrar þjónustustarfsemi árið 2009 eða 60% sem samsvarar 190 konum auk þess sem konur voru 45% framkvæmdastjóra fyrirtækja sem sinntu fræðslustarfsemi árið 2009. Konur voru enn fremur um 30% framkvæmdastjóra veitinga- og gististaða sem og framkvæmdastjórar

35% fyrirtækja sem sinntu heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þá voru konur 36% þeirra sem gegndu stöðu framkvæmdastjóra í ýmis konar menningar-, íþrótt- og tótmundastarfsemi. Einungis 13% framkvæmdastjóra fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi árið 2009 voru konur eða 45 konur en karlkyns framkvæmdastjórar slíkra fyrirtækja voru á sama tíma 297 talsins. Árið 2009 voru flestar konur í hópi þeirra sem gegndu stöðu framkvæmdastjóra í heild- og smávöruverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum eða 479 konur sem svarar til 24% framkvæmdastjóra í þeirri atvinnugrein en það er sama hlutfall kvenna og var árið 2007. Árið 2009 voru tiltölulega fáar konur starfandi sem framkvæmdastjórar stærri fyrirtækja. Þannig voru alls 8 konur eða 12% starfandi sem framkvæmdastjórar í fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri árið 2009 en 58 karlmenn störfuðu á sama tíma sem framkvæmdastjórar fyrirtækja með 250 starfsmenn eða fleiri. Sami fjöldi kvenna var framkvæmdastjóri í fyrirtækjum með 100–249 starfsmenn eða átta konur á móti 81 karli. Til samanburðar störfuðu 15 konur sem framkvæmdastjórar í fyrirtækjum með 100 eða fleiri starfsmenn árið 2007 á móti 150 körlum. Konum sem gegna slíkum stöðum hefur því fækkað en tölur allt frá árinu 1999 sína að fram til ársins 2007 hafði konum er gegna slíkum stöðum farið hægt fjölgandi.

Konur gegndu störfum stjórnarformanna í fyrirtækjum á innlendum vinnumarkaði í 23% tilvika árið 2009 auk þess sem 23% stjórnarmanna þessara fyrirtækja voru konur samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Konur voru hlutfallslega flestar sem stjórnarformenn í sömu atvinnugreinum og þær voru hlutfallslega flestar sem framkvæmdastjórar. Þannig voru hlutfallslega flestar konur stjórnarformenn í stjórnum félagsamtaka eða fyrirtækja sem störfuðu við aðra þjónustustarfsemi eða 55% sem svarar til 204 kvenna. Einnig voru 45% stjórnarformanna fyrirtækja er sinntu fræðslustarfsemi konur og konur voru enn fremur 33% stjórnarformanna í fyrirtækjum sem störfuðu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Flestar konur voru hins vegar stjórnarformenn í fyrirtækjum er störfuðu við heild- og smávöruverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum eða 673 konur sem svarar til 30% stjórnarformanna í þessari atvinnugrein. Þá voru 11 konur í hópi stjórnarformanna fyrirtækja með 100–249 starfsmenn á árinu 2009 sem svarar til 13% á móti 75 körlum eða 87%. Í stjórnum fyrirtækja sem höfðu 250 eða fleiri starfsmenn á árinu 2009 voru stjórnarformenn konur í 9% tilvika sem svarar til 5 kvenna á móti 50 körlum eða 91%. Til samanburðar þá voru 15 konur stjórnarformenn í fyrirtækjum með 100 eða fleiri starfsmenn árið 2007 sem svaraði til 9,6% stjórnarformann í slíkum fyrirtækjum það árið.

Það hefur því orðið lítil breyting á hlutfalli kvenna í hópi framkvæmdastjóra fyrirtækja sem og stjórnarformanna. Hið sama á við þegar kemur að fulltrúum í stjórnum fyrirtækja en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var 5.001 kona stjórnarmaður í íslenskum fyrirtækjum árið 2009 sem svarar til 23% á móti 16.364 körlum eða 77%. Til samanburðar voru konur 22% stjórnarmanna bæði árið 2005 og árið 2007 og því hefur lítil breyting orðið þar á en konum hefur þó fjölgað í hópi stjórnarmanna um 103 frá árinu 2007. Á sama tíma hefur körlum í hópi stjórnarmanna fækkað um 510. Þessar



breytingar hafa leitt til þess að árið 2009 hafði hlutfall kvenna aukist um 1% frá því sem var árið 2007 á sama tíma og hlutfall karla hafði lækkað um 1%. Þá sátu 45 konur í stjórnnum fyrirtækja með 100–249 starfsmenn árið 2009 konur eða 14% á móti 86% karla sem svarar til 265 karla. Enn fremur voru 48 konur stjórnarmenn í fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri árið 2009 sem svarar til 20% á móti 196 körlum. Til samanburðar var 11,5% konur í stjórnnum fyrirtækja með hundrað starfsmenn eða fleiri árið 2007.

Hjá Hagstofu Íslands er jafnframt unnt að nálgast upplýsingar um skiptingu kynjanna í stjórnnum stærstu lífeyrissjóðanna. Fram kemur í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 að árið 2006 hafi samtals 31 kona verið í stjórnnum stærstu lífeyrissjóðanna og hafði þeim þá fjölgað um 13 frá árinu 2004. Frá árinu 2006 hefur þeim haldið áfram að fjölga þar sem 34 konur voru í stjórnnum stærstu lífeyrissjóðanna á árinu 2009 á móti 85 körlum og hafði þeim fækkað úr 114 á árinu 2004. Hlutfall kvenna í stjórnnum stærstu lífeyrissjóðanna var því komið í 29% árið 2009 á móti 14% árið 2004 á meðan hlutfall karla lækkaði úr 86% árið 2004 í 71% árið 2009.

Frá árinu 1991 hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið, síðar velferðarráðuneytið, úthlutað styrkjum til kvenna sem talið er að hafi góðar viðskiptahugmyndir. Markmið styrkjanna er að draga úr atvinnuleysi, efla atvinnulíf og auðvelda aðgengi kvenna að fjármagni í því skyni að hrinda í framkvæmd nýjum viðskiptahugmyndum. Þessir styrkir hafa í mörgum tilfellum skipt sköpum fyrir viðkomandi styrkþega og gert þeim kleift að hefja fyrirtækjarekstur í tengslum við viðskiptahugmyndir sínar. Árið 2009 hafði ráðuneytið til umráða 25 milljónir í þessu skyni en alls bárust 261 umsóknir um styrki það árið. Öllum er hljóta styrk ber að skila skýrslu til ráðuneytisins um framgang verkefnisins. Í enda nóvember og byrjun desember árið 2009 skiluðu styrkþegar á árinu 2008 lokaskýrslum sínum til ráðuneytisins. Á vefsíðunni www.atvinnumalkvenna.is má finna stutta samantekt sem ráðuneytið hefur unnið upp úr lokaskýrslunum vegna verkefna sem hlutu styrki árið 2008 en í samantektinni er verkefnunum meðal annars lýst og staða þeirra metin.

D. STJÓRN MÁLAÞÁTTTAKA KVENNA OG KARLA.

i. Alþingi.

Alþingiskosningar voru haldnar 25. apríl 2009. Boðnir voru fram 42 framboðslistar á landinu öllu samanborið við 36 lista í kosningunum 2007. Frambjóðendur voru samtals 882 í kosningunum 2009 en þar á meðal voru 517 karlar (58,6%) og 365 konur (41,4%). Fleiri karlar en konur voru í framboði í öllum sex kjördæmum landsins en hlutfall karla var á bilinu 56–63%. Þegar litið er til framboða einstakra stjórnmalasamtaka voru fleiri konur en karlar í framboði hjá Samfylkingu og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði þar sem hlutur kvenna var tæpur 52%. Konur voru 49% af frambjóðendum á listum Framsóknarflokks en hlutfall kvenna var lægst meðal frambjóðenda hjá Lýðræðishreyfingunni eða 20%.

Þegar litið er til röðunar framboðenda á framboðslistum 2009 kemur fram að fleiri karlar (61,9%) röðuðu sér í fyrstu þrjú sætin en konur (38,1%). Þegar litið er til einstakra stjórnmálasamtaka voru flestar konur í 1.–3. sæti á listum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs eða 56%. Kynjaskipting framboðenda í fyrstu þrjú efstu sæti framboðslista Samfylkingarinnar var jöfn þar sem jafn margar konur og karlar röðuðu sér í þessi sæti. Þegar litið er til allra framboðslista voru einungis í einu kjördæmi, Suðvesturkjördæmi, fleiri konur en karlar í þremur efstu sætum listanna. Mestur var kynjamunurinn í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi þar sem 71% þriggja efstu framboðenda voru karlar. Hlutfall kvenna í þremur efstu sætum listanna var á bilinu 33–44% hjá öðrum stjórnmálasamtökum en Samfylkingu og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði nema Lýðræðishreyfingunni þar sem hlutfall kvenna var tæp 6%.

Í alþingiskosningunum 2009 náðu 36 karlar (57,1%) og 27 konur (42,9%) kjöri og fjölgaði um sjö konur meðal þingmanna frá kosningunum 2007. Verður að líta á þetta sem góðan áfangasigur að því markmiði að ná jöfnu hlutfalli kynjanna meðal kjörinna þingmanna Alþingis. Hafa ekki fyrr jafnmargar konur verið kjörnar sem aðalmenn á þing en áður hafði hlutfall kjörinna kvenna farið mest í 35% eftir niðurstöðu kosninga vorið 1999. Enn fremur var hlutfall kvenna meðal kjörinna þingmanna í fyrsta skipti hærra en hlutfall þeirra var meðal framboðenda í heild. Þegar litið er til kjörinna þingmanna eftir kjördæmum eftir kosningarnar 2009 var kynjaskipting þingmanna jöfn í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi og tiltölulega jöfn í Reykjavíkurborgkjördæmi norður. Má geta þess að árangur í Suðurkjördæmi í átt að kynjajafnrétti var mikill en á árinu 2007 náði einungis ein kona kjöri eða 10% þingmanna úr því kjördæmi. Konur voru í ríflegum meirihluta þingmanna í Reykjavíkurborgkjördæmi suður en karlar voru í miklum meirihluta þingmanna í Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi. Engu síður náðist árangur í átt að jafnrétti kynja í Norðvesturkjördæmi er tvær konur náðu þar kjöri en engin kona náði kjöri úr því kjördæmi á árinu 2007. Þaðan sitja níu þingmenn á Alþingi.

Kynjaskiptingin meðal varaþingmanna var á annan veg en meðal aðalmanna en í þeim hópi voru konur í meirihluta eða 36 (57,1%) og 27 karlar (42,9%). Var kynjaskipting meðal varaþingmanna jöfn í tveimur kjördæmum en í hinum fjórum voru ávallt fleiri konur en karlar varaþingmenn. Þrátt fyrir þessa kynjaskiptingu meðal varaþingmanna hafði konum fækkað um eina á Alþingi í janúar 2011 frá kosningunum 2009 þegar konur sátu í 41,3% þingsæta.

Athyglisvert er að allt frá þingkosningum árið 1995 hefur kosningaþátttaka ávallt verið örlítið meiri meðal kvenna en karla en fyrir þann tíma var þátttaka karla ætíð meiri en kvenna. Við alþingiskosningarnar 2009 greiddu samtals 193.975 kjósendur atkvæði eða 85,1% allra kosningabærra manna. Er þetta meiri kosningaþátttaka en árið 2007. Þátttaka kvenna á landsvísu var 85,8% en 84,5% karla nýttu atkvæðisrétt sinn. Þegar litið er til kosningaþátttöku í einstökum kjördæmum var hlutfall kvenna sem tóku þátt í kosningunum hærra en karla í öllum kjördæmum nema einu, Norðausturkjördæmi. Enn fremur mættu fleiri konur en karlar á kjörstaði í 53 af 78 sveitarfélögum.



Ný ríkisstjórn tók við 1. febrúar 2009 undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur sem er fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra á Íslandi. Enn fremur var þetta fyrsta ríkisstjórnin sem skipuð var jafn mörgum konum og körlum þegar fimm konur og fimm karlar gegndu embættum ráðherra. Eftir kosningarnar vorið 2009 var skipuð ný ríkisstjórn undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur en þá gegndu fjórar konur (42%) embætti ráðherra og sjö karlar (58%). Breytingar urðu á ráðherraskipan innan ríkisstjórnarinnar 1. október 2009 þannig að kynjahlutföllin urðu jöfn er sex konur og sex karlar gegndu embætti ráðherra. Enn urðu breytingar á ríkisstjórninni 2. september 2010 er ráðherrum var fækkað úr tólf í tíu ráðherra en þá gegndu fjórar konur (40%) og sex karlar (60%) embætti ráðherra.

Þrátt fyrir að kynjahlutföllin á Alþingi hafi aldrei verið jafnari náðist 40% lágmarkshlutfall kynjanna einungis í fimm af tólf fastanefndum Alþingis í maí 2009. Það voru allsherjarnefnd, félags- og tryggingamálanefnd, iðnaðarnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd. Í öðrum fastanefndum hallaði talsvert á annað hvort kynið. Þannig voru einungis tvær konur í fjárlaganefnd Alþingis en níu karlar og einn af níu fulltrúum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd var kona. Enginn karl sat í forsætisnefnd þingsins og í viðskiptanefnd sátu tveir karlar og sjö konur. Í október 2010 fjölgaði konum í fjárlaganefnd þingsins um eina konu og varð kona jafnframt formaður nefndarinnar í fyrsta skipti. Í desember 2010 gegndu konur formennsku í fjórum af tólf nefndum Alþingis og varaformennsku í átta nefndum. Körlum fjölgaði í viðskiptanefnd þingsins og urðu fleiri (5) en konur (4) enda þótt kynjahlutfallið yrði engu síður jafnara en áður var.

ii. Sveitarstjórnir.

Í október lögðu þingmennirnir Siv Friðleifsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir og Magnús Stefánsson fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum á Alþingi. Þar var lagt til að Alþingi ályktaði að félagsmálaráðherra fæli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Í greinargerð við tillöguna kom meðal annars fram að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga væri mikilvægt að beitt yrði markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Þar kemur einnig fram að þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni væri ljóst að enn vantaði töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnnum gæti talist eðlilegur. Tillagan var samþykkt á Alþingi í lok mars 2009.

Þegar í kjölfarið fól félags- og tryggingamálaráðherra Jafnréttisstofa verkefnið en jafnframt var lögð áhersla á að haft yrði samráð við samgönguráðuneytið sem fór með sveitarstjórnarmál. Þá þegar hafði samgönguráðherra skipað starfshóp sem hafði það hlutverk að leggja fram tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnnum við næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Jafnréttisstofa hafði aðkomu að þeim starfshópi sem og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Starfshópurinn lagði meðal annars til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skipulegði kynningar-



og hvatningarátak til að ýta undir jafna þátttöku kvenna og karla í störfum sveitarstjórna. Enn fremur var lagt til að ráðuneytið byði til samráðs við stjórnmalaflokka þar sem hvatt yrði til jafnræðis meðal kynjanna í efstu sætum framboðslista og að haldin yrðu námskeið fyrir konur um þátttöku í sveitarstjórnarstarfi. Í greinargerð starfshópsins var jafnframt bent á þann möguleika að ekki yrði heimilt að setja fram framboðslista nema jafnt hlutfall væri milli milli kynja sem og einnig að taka þyrfti tillit til fjölskyldufólks við skipulagningu funda.

Þátttaka kvenna í sveitarstjórnnum var aðalræðuefni landsfundar jafnréttisnefnda sveitarfélaga sem haldinn var á Ísafirði haustið 2009. Á fundinum var samþykkt ályktun þess efnis að stjórnmalaflokkum og öðrum framboðum yrði bent á að þeir væru sjálfir ábyrgir fyrir því að jafnrétti kynja næðist á listum sem lagðir yrðu fram í nafni þeirra í sveitarstjórnarkosningunum þá um vorið. Skoraði fundurinn meðal annars á stjórnmalaflokka og önnur framboð að tryggja jöfn hlutföll kynjanna í efstu sætum á framboðslistum. Enn fremur sendi Jafnréttisstofa formönnum, varaformönnum og framkvæmdastjórum stjórnmalaflokkanna bréf þar sem þeir voru sérstaklega hvattir til aðgerða innan sinna vébanda.

Í janúar 2010 kom út bæklingurinn *Eflum lýðræðið – konur í sveitarstjórn* í samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Jafnréttisstofu. Þar komu fram tíu heilræði fyrir stjórnmalaflokka og önnur tíu heilræði fyrir konur svo auka mætti hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Jafnframt lýstu átta konur úr öllum stjórnmalaflokkum viðhorfum sínum til þátttöku í sveitarstjórnarstörfum og hvöttu þær konur til að láta sig varða slík störf. Enn fremur voru haldnir fundir með forystumönnum stjórnmalaflokka og fulltrúum ungliðasamtaka þeirra þar sem konur voru sérstaklega hvattar til að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum. Þá efndi Jafnréttisstofa til auglýsingaátaks í Ríkissjónvarpinu til að hvetja konur til þátttöku, stjórnmalaflokka til að setja konur á lista og kjósendur til að styðja konur.

Sveitarstjórnarkosningarnar fóru fram 29. maí 2010 og náðu þær til allra 76 sveitarfélaganna á landinu. Samkvæmt upplýsingum úr Hagtíðindum Hagstofu Íslands voru 112.233 karlar á kjörskrá (49,7%) og 113.622 konur (50,3%). Í 58 sveitarfélögum var bundin hlutfallskosning en þar komu fram 185 framboðslistar. Sjálfkjörið var í fjórum þessara sveitarfélaga þar sem einungis var einn listi í boði. Fjöldi frambjóðenda í þessum 58 sveitarfélögum var 2.846 en þar á meðal voru 1.513 karlar (53,2%) og 1.333 konur (46,8%). Kynjaskipting frambjóðenda eftir framboðslistum var á heildina litið jafnari árið 2010 en áður en hlutur kvenna á framboðum stjórnmalaflokkanna var 46–51% og 46% hjá öðrum listum. Hefur hlutfall kvenna meðal frambjóðenda ekki áður verið hærra en konur voru 43,8% frambjóðenda í kosningunum árið 2006.

Karlar og konur voru í framboði í öllum 59 sveitarfélögum þar sem fram fór bundin hlutfallskosning. Í níu sveitarfélögum voru jafnmargir karlar og konur á framboðslistum á móti átta sveitarfélögum árið 2006. Þegar eingöngu er litið til framboðslistanna óháð því í hvaða sveitarfélagi þeir voru boðnir fram voru jafnmargar



konur og karlar á 56 listum (30,3%) árið 2010 en eingöngu á 15 listum í kosningunum 2006. Karlar voru fleiri en konur í framboði í 41 sveitarfélagi en þar var hlutfall kvenna í framboði 40–49% í 37 þeirra og 30–39% í hinum fjórum. Fleiri konur en karlar voru í framboði í átta sveitarfélögum. Fleiri konur en karlar skipuðu sætin á 34 framboðslistum (18,4%) en fleiri karlar en konur á 95 listum (51,6%). Röðun frambjóðenda á lista í sveitarstjórnarkosningunum 2010 var þannig að karlar skipuðu fyrsta sætið á 139 listum (75%) og konur á 46 listum (25%). Hins vegar skipuðu fleiri konur en karlar annað sætið eða á 115 listum (62%) en karlar á 70 listum (38%).

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2010 voru kjörnir samtals 512 aðalmenn í sveitarstjórnir en þar á meðal voru 308 karlar (60,2%) og 204 konur (39,8%). Konur hafa ekki áður verið jafn margar meðal sveitarstjórnarmanna en hlutfall þeirra var 35,9% árið 2006. Þegar litið er til sveitarfélaga eftir íbúafjölda þeirra kemur í ljós að hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum er hæst (45%) í sveitarfélögum með 300–999 íbúa þar sem bundin hlutfallskosning var. Í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri eru 39% sveitarstjórnarmanna konur og 34% í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri.

Hlutfall kjörinna kvenna var hærra í bundnum en óbundnum kosningum árið 2010. Í þeim 59 sveitarfélögum þar sem fram fór bundin hlutfallskosning voru karlar 59,1% sveitarstjórnarmanna og konur 40,9%. Kosning var óbundin í 18 sveitarfélögum þar sem rúm 1% kjósenda var á kjörskrá. Samtals voru 94 sveitarstjórnarmenn kosnir í óbundinni kosningu en þar á meðal voru 61 karl (64,9%) og 33 konur (35,1%). Hlutfall karla af kjörnum fulltrúum var jafnframt hæst í sveitarfélögum með 299 eða færri íbúa þar sem fram fór óbundin kosning eða 67,1%.

Þegar litið er til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru samtals kjörnir 70 sveitarstjórnarmenn, 44 karlar (62,9%) og 26 konur (37,1%). Hlutfall kjörinna kvenna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var hæst 47% í Reykjavík en lægst 14% í Sveitarfélaginu Álfanesi. Á landsbyggðinni voru kjörnir 442 fulltrúar, þar af voru karlar 264 (59,7%) og konur 178 (40,3%). Engin kona hlaut kosningu í einu sveitarfélagi, Akrahreppi, en það sama átti við um fimm sveitarfélög í kosningunum 2006 og tíu í kosningunum 2002. Fleiri konur en karlar voru kosnar í sextán sveitarstjórnir. Munaði um einn fulltrúa í öllum tilvikum. Í ellefu sveitarfélögum var kosningin bundin hlutfallskosningu, óbundin í fjórum og sjálfkjörin í einu.

Sama þróun hefur átt sér stað í kosningaþátttöku kvenna í sveitarstjórnarkosningum frá árinu 1984 og öðrum kosningum þar sem kosningaþátttaka kvenna hefur ávallt verið meiri en karla. Kosningaþátttaka karla var 73,0% (78,1% árið 2006) og kvenna 74,0% (79,4% árið 2006) en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var þátttakan í kosningunum 2010 ein sú dræmasta í sveitarstjórnarkosningum til þessa. Var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla á öllum landsvæðum, hvort sem um var að ræða bundna hlutfallskosningu eða óbundna kosningu. Hins vegar nýttu fleiri karlar en konur sér heimild til að kjósa utan kjörfundar.



iii. Stjórnlagabæing.

Forseti Íslands skal í samráði við stjórnlagabæing boða til ráðgefandi stjórnlagabæings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 90/2010, um stjórnlagabæing. Kosningar til stjórnlagabæings fóru fram 27. nóvember 2010 og skal þingið koma saman í febrúar 2011. Þingið á að standa í tvo til fjóra mánuði og er skipað 25 þjóðkjörnum fulltrúum. Þingfulltrúar voru kosnir persónukosningu og var landið eitt kjördæmi við kosninguna. Stjórnlagabæinginu er ætlað að undirbúa frumvarp að endurbættri stjórnarskrá og hafa til hliðsjónar við þá vinnu niðurstöður þjóðfundar um stjórnarskrá sem haldinn var 6. nóvember 2010. Þjóðfundinn sóttu 950 einstaklingar af öllu landinu, frá 18 til 91 árs að aldri og var kynjaskipting nánast jöfn. Frumvarp stjórnlagabæingsins er lagt fyrir sjálft stjórnlagabæingið til samþykktar og að því loknu skal það sent Alþingi til meðferðar.

Stjórnlagabæingið skal vera skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúum þar sem heimilt er samkvæmt lögnum að fjölga fulltrúum þingsins ef hallar verulega á annað kynið í kosningunum. Til þess kom þó ekki. Samtals buðu 522 einstaklingar sig fram til stjórnlagabæings fyrir kosningarnar í nóvember 2010. Karlar voru 364 (70%) og konur 159 (30%). Meðalaldur allra frambjóðenda var 47 ár og hann var sá sami hjá körlum og konum. Elsti karlinn var áttræður og sá yngsti 19 ára. Elsta konan var 66 ára og sú yngsta 22 ára. Niðurstaða kosninganna varð sú að 15 karlar (60%) náðu kjöri og tíu konur (40%).

E. AÐGERÐIR GEGN KYNBUNDNU OFBELDI.

i. Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Eins og fram kemur í síðustu skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 var samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum endurskipuð árið 2007 og var skipunartími nefndarinnar frá 26. nóvember 2007 til 31. desember 2010. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Helsta verkefni nefndarinnar fólst í að fylgja eftir í framkvæmd aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis eftir í framkvæmd.

ii. Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að annast gerð rannsóknar á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum, en undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í ráðuneytinu með sérfræðiráðgjöf afbrotufræðings. Rannsóknin skiptist í sex rannsóknarverkefni. Fyrsta verkefnið fól í sér símakönnun en síðan voru gerðar rannsóknir hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd, leik- og grunnskóla, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og frjáls félagasamtök.



1. Símakönnun.

Hin viðamikla símakönnun veitir mikilvægar upplýsingar um umfang og eðli ofbeldis karla gegn konum, sem og hvaða úrræði konur sem verða fyrir slíku ofbeldi nota og hvernig þau hafi reynst þeim, svo og upplýsingar um ofbeldismennina. Gert er ráð fyrir að byggt verði á niðurstöðum rannsóknarinnar í frekari aðgerðum af hálfu stjórnvalda á þessum vettvangi.

Í skýrslu um niðurstöður símakönnunarinnar kemur fram að markmið rannsóknarinnar hafi verið að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum. Tekið var 3.000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára en efri aldursmörkin voru ákveðin með hliðsjón af mikilvægi þess að ná til eldri kvenna. Fram kom að við gerð rannsóknarinnar hafi verið byggt á spurningalista sem notaður hafi verið við rannsókn sem Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæði að en spurningalistinn nefnist Alþjóðleg könnun um ofbeldi gegn konum (e. *the International Violence against Women Survey*).

Rætt var við konurnar í síma á tímabilinu 22. september til 7. desember 2008 og var svarhlutfallið 73%. Niðurstöður liggja nú fyrir í viðamikilli skýrslu Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að rúm 22% kvennanna sem tóku þátt í könnuninni sögðust hafa verið beitt ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þetta jafngildir því að á bilinu 23.000–27.000 konur á Íslandi hafi orðið fyrir slíku ofbeldi á lífsleiðinni. Um 20% kvennanna sögðu ofbeldið hafa verið líkamlegt og rúm 6% kvennanna sögðu ofbeldið hafa verið kynferðislegt. Hlutfallslega fleiri konur sögðust hafa verið beittar ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (19%) en núverandi maka (7%). Hlutfallslega fleiri konur sem hafa verið beittar ofbeldi eru fráskildar í dag (51%) en þær sem eru giftar (17%) eða hvorki giftar né fráskildar (18%). Þetta skýrist af því að flestar konur sem beittar eru ofbeldi í nánum samböndum skilja eða fara úr ofbeldissamböndum. Hjá um 75% svarenda þjuggu börn á heimilinu við síðasta ofbeldisatvik og um 24% kvennanna töldu að börn hefðu orðið vitni að síðasta ofbeldisatviki. Milli 1 og 2% kvennanna sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi undangengna tólf mánuði. Þetta samsvarar því að á bilinu 1.200–2.300 konur búi við ofbeldi á ári hverju. Konurnar sem beittar höfðu verið ofbeldi kærðu fæstar ofbeldið til lögreglu (13%) en í 4% tilvika fékk lögreglan upplýsingar um ofbeldið á annan hátt. Af þeim konum sem kærðu voru 65% sáttt við hvernig lögreglan tók á málinu en um 35% kvennanna voru ósátt. Konurnar sem ekki kærðu til lögreglu nefndu fyrir því ýmsar ástæður. Flestar nefndu að þeim hafi fundist atvikið smávægilegt, ekki nógu alvarlegt eða ekki hugsað út í að kæra (44%), um 20% sögðust hafa tekist á við þetta sjálf, 9,5% að þeim hafi fundist málið skammarlegt/vandræðalegt eða kennt sjálfu sér um og 7,3% nefndu ótta við ofbeldismanninn eða ótta við hefnd.

2. Rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd.

Niðurstöður þessa hluta rannsóknarinnar þykja veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum koma til kasta félagsþjónustu sveitarfélaga, þar á meðal til barnaverndar, og hver úrræðin eru. Vonast er til að þessar upplýsingar kunni síðar að nýtast sem grundvöllur að frekari aðgerðum félagsþjónustu og barnaverndar.

Í helstu niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að börn virðast oftast vera ástæða fyrir beiðni um aðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga en fátítt sé að barnlausar konur leiti sér aðstoðar. Jafnframt kemur fram að tilvist barna á heimili sé einnig ástæða tilkynninga í þessum málaflokki. Þá kemur fram að skráningu mála er varða heimilisofbeldi sé ábótavant og því ekki unnt að kalla fram upplýsingar um fjölda kvenna sem leita aðstoðar. Enn fremur liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna, þ.e. eldri konum, konum af erlendum uppruna og fötludum konum. Enn fremur kemur fram að Kvennaathvarfið sé talið mikilvægasti samstarfsaðili félagsþjónustu sveitarfélaga í málum sem tengjast heimilisofbeldi og að mikið traust borið sé til starfsmanna þess. Einnig að talið sé að andlegt ofbeldi í garð kvenna hafi aukist á síðustu árum en erfitt geti verið að nálgast þau mál og veita konunum nauðsynlega aðstoð. Sérstakt tillit sé tekið til stöðu barna á heimili þegar mál sem tengjast heimilisofbeldi komi upp og meðal annars sé þeim veittur stuðningur. Þá kemur fram að margir viðmælenda telji að þegar leitað sé aðstoðar vegna heimilisofbeldis tengist það í flestum tilvikum áfengisneyslu. Þörf sé á aukinni þekkingu og fræðslu um heimilisofbeldi bæði til starfsmanna sem sinna ráðgjöf hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd en einnig hjá starfsmönnum heimaþjónustu og heimahjúkrunar auk samstarfsaðila eins og starfsmanna leikskóla og lögreglu.

3. Rannsókn hjá grunnskólum.

Niðurstöður rannsóknarinnar þykja veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum koma til kasta skólastjóra grunnskólanna og hvaða starfsaðferðum er þar beitt í kjölfarið. Upplýsingarnar geta síðar orðið að frekari aðgerðum yfirvalda í grunnskólum á þessum vettvangi.

Í helstu niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að þekking skólastjóra á ofbeldi gegn mæðrum nemenda sé lítil. Skólastjórar tilkynni til barnaverndar/félagsþjónustu sveitarfélaga fáir upplýsingar um ofbeldi á heimilum nemenda. Jafnframt að hlutverk skólans sé óljóst í þessu sambandi. Fræðslu- og uppeldishlutverk virðist togast á og skiptar skoðanir meðal skólastjórna. Enn fremur sé hlutverk einstakra starfsmanna óljóst komi upp mál er benda til þess að ofbeldi eigi sér stað á heimili nemenda. Þá kemur fram að auka þurfi umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólanna. Auka þurfi fræðslu um ofbeldi gegn konum meðal kennara og annars starfsfólks skóla en mikilvægt sé að fræðslan miði að því að kennarar átti sig á einkennum þess að nemandi búi við ofbeldi heima fyrir og að fræðslan breyti verklagi í skólanum. Loks kemur fram að sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar vanti inn í skólana og að tryggja þurfi þjónustu við nemendur þegar kemur að persónulegri ráðgjöf.



4. Rannsókn hjá heilbrigðisþjónustu.

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að skoða hver væru viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar gagnvart konum sem þangað leituðu og höfðu verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka.

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rætt var við starfsfólk heilbrigðisstofnana sem líklegast þótti til að hafa yfirlit yfir stöðu þessara mála á viðkomandi stofnun. Alls var rætt við 19 viðmælendur sem störfuðu á níu stofnunum. Þar af var rætt við átta starfsmenn í fimm viðtölum á Landspítalanum, einn á Sjúkrahúsinu Voggi og tvo starfsmenn sem starfa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Önnur viðtöl voru við starfsfólk á Heilsugæslu Seltjarnarness, Breiðholts, Ólafsvíkur, Eskifjarðar, Suðurlands og Akureyrar. Viðtölin voru frá 40 mínútum að einum og hálfum tíma að lengd.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að skráningar í heilbrigðiskerfinu geti ekki verið grundvöllur að mati á tíðni heimilisofbeldis eða hvort tilfellum fari fækkandi eða fjölgandi. Ekki séu fyrir hendi fastmótaðar leiðir varðandi það hvernig tekið sé á þeim tilfellum þar sem kona skýrir frá ofbeldi. Jafnframt kemur fram að almennt hafi viðmælendur kallað eftir meiri fræðslu á sviðinu og þá helst hver sé helstu einkennin, hvernig eigi að spyrja og hvað eigi að gera komi upp ofbeldisbeiting. Sú fræðsla þyrfti bæði að vera þáttur í grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks sem og hluti endurmenntunar. Þá hafi oft verið nefnt að mikilvægt væri að til staðar væri miðstöð sem gæti komið málum tengdum ofbeldi í réttan farveg.

5. Rannsókn hjá félagasamtökum.

Niðurstöður þessa hluta rannsóknarinnar veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum koma til kasta frjálsra félagasamtaka sem annars vegar hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur í ofbeldissamböndum og hins vegar félagasamtaka sem stundum aðstoða konur í sömu stöðu.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að þjónusta sé mest á höfuðborgarsvæðinu en Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfin séu í Reykjavík. Þjónustuþörfin sé fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna. Um helmingur kvenna sem dvaldi í Kvennaathvarfinu hafi farið aftur heim í óbreyttar aðstæður þegar dvöl þar lauk. Jafnframt kemur fram að fatlaðar, aldraðar og erlendar konur séu afskiptar hvað þjónustu varðar og auk þess sem sérstaða erlendra kvenna sé mikil. Enn fremur kemur fram að konur leiti ýmist sjálfar eftir aðstoð eða komi í fylgd annarra. Í niðurstöðunum er bent á að takmörkuð þjónusta sé í boði en aðeins eitt kvennaathvarf sé starfandi á landinu og það sé í Reykjavík auk þess sem Kvennaráðgjöfin sé í Reykjavík. Allir viðmælendur tóku fram að túlkþjónusta sé verulega ábótavant og oft sé hún ekki í boði. Þá kemur fram að viðhorf fagfólks skipti verulegu máli. Þegar fagfólk sé upplýst og vakandi fyrir einkennum ofbeldis verði ofbeldið sýnilegra. Vandaðri læknisvottorð skili gleggri sýn á ofbeldið. Loks kemur fram að fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum sé ábótavant.



6. Rannsókn hjá lögreglu.

Rannsóknin fólst í því að afla þekkingar á því hver séu afskipti og ákvarðanir lögreglu þegar tilkynningar um ofbeldi karla gegn konum berast lögreglunni. Rætt var við lögreglustjóra eða aðra starfandi lögglumenn við fimm löggluembætti landsins, þ.e. á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði, Suðurlandi og Suðurnesjum. Einnig var rætt við félagsfræðinga hjá embætti ríkislögglustjóra og embætti lögglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og við skólastjóra og kennara við Löggluskólann.

Leitað var svara við sex meginatriðum sem varða fyrirkomulag á skráningu þessara mála, verklag lögglunnar, sérhæfingu, samvinnu við stofnanir, mat lögglu á því hvort hún hafi næg úrræði til að fást við ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum og loks mat viðmælenda á kennslu í Löggluskólanum hvað þessi brot varðar. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að skráning og meðferð mála hafi batnað eftir að ríkislögglustjóri gaf út sérstakar verklagsreglur. Engu síður sé ekki unnt að nota opinbera afbrotafraði lögglunnar til að meta umfang vandans eða hvort brotum fjölgi eða fækki. Fram kemur að meirihluti þeirra ofbeldisbrota sem lögglan skráir eru minniháttar í lagalegum skilningi og kærur fátíðar. Hjá embætti lögglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur verið byggð upp nokkur sérhæfing í meðferð heimilisofbeldis og kynferðisbrota þar sem sérstök deild sér um málaflokkinn og lögglumenn eru þjálfaðir sérstaklega. Annars staðar er reynt að sjá til þess að sömu menn sinni sem oftast málum af þessum toga. Að mati viðmælenda hefur þetta gefist vel. Eins kemur fram ánægja með þá kennslu sem veitt er í Löggluskólanum varðandi meðferð mála af þessum toga. Í niðurstöðum er talið ljóst að þau úrræði sem best myndu duga til að ná árangri séu að mestu utan verkswiðs lögglunnar þar sem í flestum tilfellum sé þörf fyrir félagslegar og sálfræðilegar lausnir.

iii. Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi 2011–2015.

Þann 13. júlí 2010 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra nefnd í tengslum við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011 til 2015. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skal sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu ásamt því að móta afstöðu til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins í málaflökknum og endurskilgreina verkefni með hliðsjón af honum.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti (nú velferðarráðuneyti), dóms- og kirkjumálaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti), mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jafnréttisstofu, ríkissaksóknara, embætti lögglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum.

iv. Verkefnið Karlar til ábyrgðar.

Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* var endurvakið í maí 2006. Um er að ræða sérhæft meðferðartilboð fyrir karla sem beita maka sinn ofbeldi hér á landi. Reynslan af slíku meðferðarstarfi er góð bæði hérlendis og erlendis. Sálfræðingar annast meðferðarstarfið



en markmið verkefnisins er að veita körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi meðferð og aðstoð séu þeir reiðubúnir að leita sér hjálpar. Áhersla er lögð á að gerendur komi sjálfviljugir í meðferð og axli sjálfir ábyrgð á ofbeldinu. Meðferðin byggist á einstaklingsviðtölum og getur staðið frá sex mánuðum til tveggja ára. Samhliða meðferðarstarfinu er starfandi sérstök verkefnisstjórn um verkefnið með þátttöku Jafnréttisstofu og Samtaka um kvennaathvarf en fulltrúi Jafnréttisstofu er verkefnisstjóri. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að skilgreina þróun verkefnisins til framtíðar í samráði við meðferðaraðila, fylgjast með daglegri starfsemi og standa fyrir mati á árangri verkefnisins.

Frá því að verkefnið var endurvakið í maí 2006 hafa 108 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Á tímabilinu janúar til ágúst 2010 komu 25 nýir karlar í viðtöl auk þess sem 13 héldu áfram í viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Tólf makar komu í viðtöl á þessu tímabili. Þá hefur verið fullskipað í hópmeðferð allt árið 2010 og tveir karlar bíða eftir að komast að.

v. Mansal.

Að tillögu þáverandi félagsmálaráðherra og dómismálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands að ráðast í gerð fyrstu íslensku aðgerðaáætlunarinnar gegn mansali og var áætlunin samþykkt 17. mars 2009 og gildir hún til ársloka 2012. Áætlunin inniheldur 25 aðgerðir sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir mansal hér á landi, efla rannsóknir í mansalsmálum, veita ætluðum fórnarlömbum stuðning og vernd sem og að efla fræðslu um mansal.

Ábyrgð á málaflokknum fluttist 1. október 2009 frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu (velferðarráðuneytinu) til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneytis) og skipaði dóms- og mannréttindaráðherra sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal 21. október 2009. Hlutverk teymisins er viðtækt en því er meðal annars ætlað að tryggja yfirsýn og þekkingu á mansalsmálum á Íslandi, fylgja eftir vísbendingum um mansal, bera kennsl á möguleg fórnarlömb þess og tryggja þeim vernd og aðstoð. Jafnframt er teyminu ætlað að sinna skráningu ætlaðra mansalsmála, veita fræðslu um mansalsmál, hafa eftirlit með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar og vera stjórnvöldum til ráðgjafar í mansalsmálum.

Á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun teymisins hefur það fjallað um mál nú ætlaðra þolenda mansals, sjö kvenna og tveggja karla. Sjö mál hafa snúist um mansal með kynferðislega misnotkun að markmiði en tvö þeirra um grun á mansali með nauðungarvinnu að markmiði. Þessi mál eru mjög breytileg og hafa kallað á ólíkar tegundir af aðgerðum, svo sem að aðstoða fórnarlamb við að komast í stuðningsúrræði í fyrra dvalarlandi fyrir milligöngu Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar og veita umfangsmikla félagslega aðstoð og heilbrigðisþjónustu í endurhæfingarskyni. Í einhverjum tilfellum var tilboði um aðstoð hafnað. Á þessum tíma hefur einn dómur fallið þar sem sakkfellt var fyrir mansalsbrot en í tveimur málum var sýknað af ákæru um mansal.



Meðal þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn mansali er fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölbjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókunar við hann um mansal frá árinu 2000 (Palermóbókunin). Samningurinn var fullgiltur af hálfu Íslands 13. maí 2010 og bókunin 22. júní sama ár. Í aðdraganda fullgildingarinnar var 227. gr. a almennra hegningarlaga breytt þannig að skilgreining á mansali var færð til samræmis við skilgreiningu í Palermóbókuninni. Þá var tveimur nýjum flokkum dvalarleyfa bætt við lög nr. 96/2002, um útlendinga, með lögum nr. 115/2010 sem samþykkt voru á Alþingi 9. september 2010. Þessum nýju dvalarleyfisflokkum er ætlað að tryggja hagsmunum fórnarlamba mansals í samræmi við samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá árinu 2005. Er þar annars vegar um að ræða sex mánaða dvalarleyfi í umþóttunarskyni og hins vegar eins árs endurnýjanlegt dvalarleyfi. Vonir eru bundnar við að unnt verði að fullgilda Evrópuráðssamninginn fljótlega.

Mikill meirihluti aðgerða í áætluninni hefur komist til framkvæmda eða eru í undirbúningi. Sérfræði- og samhæfingarteyminu var tryggt fjárveitingu að fjárhæð 10 milljóna króna vegna ársins 2011 en áætlað er að þeim fjármunum verði að mestu leyti varið í útgáfu- og fræðslustarf.

vi. Breytingar á almennum hegningarlögum í tengslum við kynbundið ofbeldi.

1. Kaup á vændi gerð ólögleg.

Með lögum nr. 54/2009 bættust tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., við 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og eru þær svohljóðandi:

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögnum kemur fram að ekki skipti máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta. Þá er ekki áskilið að greiðslan eða loforð um hana renni til þess sem veitir þjónustuna enda sé háttsemi milligöngumanns refsiverð skv. 4. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Að sama skapi er athæfið saknæmt ef vændið er keypt fyrir þriðja aðila.

Svívar riðu á vaðið við að gera kaup á vændi refsiverð með lögum nr. 408/1998, um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, sem heita á frummálinu *lov om forbud mot køb af sexuella tjänster* en þar er lögð refsing við kaupum á vændi. Löggjöf af þessu tagi er því oft nefnd sænska leiðin, en hún gengur út frá því að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannlíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það



sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki enda staða hans í langflestum tilvikum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna. Svíar gerðu breytingar á kynferðisbrotakafla sænsku hegningarlaganna (*Brottsbalk 1962:700*) árið 2005 og settu inn refsíþyngingarákvæði þannig að kaup á kynlífsþjónustu (s. *köp af sexuell tjänst*) með barni sætti fangelsi allt að tveimur árum. Í lok síðasta árs var sænska leiðin lögfest í Noregi með lögum nr. 104/2008, um breytingar á hegningalögum 1902 og sakamálalögum (refsivæðing á kaupum á kynlífsþjónustu eða viðskipti o.fl.) sem heita á frummálinu *lov om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven (kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller handling mv.)* en þar voru kaup á vændi gerð refsiverð. Norðmenn lögfestu þar sömu reglu og Svíar hvað varðar kaup á vændi barna undir 18 ára aldri þannig að það varði helmingi þyngri refsingu en ef um fullorðinn einstakling er að ræða.

Í 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga var þegar kveðið á um að sá sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skuli sæta allt að tveggja ára fangelsi. Ákvæðið var lögfest með lögum frá árinu 2002 og í athugasemdum með frumvarpi því er varð að þeim lögum segir meðal annars að refsináemi brots sé bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þá segir jafnframt að engu breyti um refsináemi verknaðar hvort gerandi eða þriðji maður greiði endurgjaldið. Ákvæðið náði þó ekki til þeirra sem greiddu öðrum aðila fyrir samræði eða kynferðismök með barni undir 18 ára aldri. Af þessum sökum var lagt til að lögfest yrði sérstakt ákvæði um refsináemi þess að kaupa vændi barns. Þó var ekki lögð til breyting á 202. gr. laganna þar sem hún tekur heildstætt á kynferðisbrotum gegn börnum og þótti þetta ákvæði betur eiga heima í þeirri lagagrein sem fjallar um vændi.

Þess má geta að víðtækur stuðningur hafði verið meðal kvennahreyfingarinnar við það að kaup á vændi yrðu gerð refsiverð. Haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Í greinargerð með áskoruninni var lögð áhersla á tengsl klámiðnaðar og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Það að gera kaup á vændi refsiverð væri virk leið til varnar.

Með lögum nr. 54/2009 var 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga jafnframt felld brott. Í umfjöllun allsherjarnefndar um frumvarpið kom fram að í 202. gr. almennra hegningarlaga og í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins til nýju laganna væri fjallað efnislega um það sama, þ.e. um refsináemi þess að greiða barni undir 18 ára aldri endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Ákvæði frumvarpsins gekk þó lengra þar sem það náði einnig til þess þegar þriðja aðila væri greitt fyrir slíkt. Meirihluti nefndarinnar taldi að þegar litið væri til efnis ákvæðanna að öðru leyti, þ.e. í 202. gr. væru ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum en 206. gr. er almennt ákvæði um vændi. Þá væri ákvæði frumvarpsins eðlileg viðbót við þá síðarnefndu og var því 4. mgr. 202. gr. felld brott þar sem hún varð óþörf.

2. Nektarsýningar bannaðar með öllu.

Með lögum nr. 18/2010 um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, var felld brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Eftir stendur fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að eins og málsmeðferð og samfélagsumræðan um þau rekstrarleyfi sem sótt hafi verið um gefi til kynna þá ríki mikil óvissa um túlkun undanþáguheimildar 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007. Nauðsynlegt sé að vilji löggjafans sé skýr í þessum efnum sem öðrum og því sé lagt til að undanþáguákvæði 4. gr. verði felld brott.

vii. Kvennaathvarf.

Kvennaathvarfið hefur verið rekið í Reykjavík af Samtökum um kvennaathvarf frá árinu 1982. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins 2009 segir að markmið Kvennaathvarfsins sé að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum sé þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra auk þess að reka athvarf fyrir konur sem verða fyrir nauðgun. Jafnframt sé markmið athvarfsins að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, meðal annars til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess, og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir, verndi og aðstoði þau er slíkt ofbeldi þola.

Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um komur í Kvennaathvarfið á árunum 2003 til 2009:

Tafla 11. Komur í Kvennaathvarfið 2003–2009.

Ár	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarfjöldi heimsókna	388	531	557	712	470	549	605
Viðtöl	315	443	465	613	368	419	487
Fjöldi kvenna í dvöl	73	88	92	99	101	130	118
Fjöldi barna	59	55	76	57	68	77	60
Símtöl í neyðarsíma	1402	1612	1855	-- *	--*	--*	--*

*Upplýsingar um símtöl í neyðarsíma er ekki til vegna árána 2006–2009.

Heimild: Ársskýrsla Kvennaathvarfsins 2009

Fjöldi heimsókna náði hámarki 2006 en þá voru þær 712 talsins en 2009 voru heimsóknir alls 605. Margar konur koma oftast en einu sinni í athvarfið, sér í lagi þær sem koma í viðtöl, en alls leituðu 319 konur til athvarfsins 2009. Mikil aukning varð á fjölda kvenna sem dvöldu í athvarfinu frá 2007 til 2008 en þeim fækkaði talsvert á milli 2008 og 2009 eða úr 130 í 118 og börnum sem dvöldu í athvarfinu fækkaði úr 77 í 60. Á sama tíma dvöldu konur að meðaltali í 11 daga eða sjö dögum skemur en árið á undan. Börn dvöldust að meðaltali tíu daga í athvarfinu. Að jafnaði dvöldust sex einstaklingar í athvarfinu á dag, fjórar konur og tvö börn.



Við rannsókn á umfangi kynbundins ofbeldis á Íslandi er ekki unnt að líta til þess fjölda kvenna sem leitar til Kvennaathvarfsins. Af honum má frekar ráða hvort konur séu meðvitaðar um athvarfið og hvort þær séu reiðubúnar að leita þangað. Líkt og fram kemur í ársskýrslu Kvennaathvarfsins 2009 benda rannsóknir til þess að umfang ofbeldisins sé mun meira en það sem birtist í tölfræði Kvennaathvarfsins.

Í Kvennaathvarfinu er boðið upp á viðtalsþjónustu og hefur þjónustan farið vaxandi með hverju ári. Árið 2009 voru tekin 487 viðtöl við 201 konu fyrir utan viðtöl sem tekin eru við konur sem dvöldust í athvarfinu en þær fengu að lágmarki vikuleg viðtöl. Margar koma oftar í viðtöl og sumar daglega á meðan þær dveljast í athvarfinu. Viðtalsþjónusta Kvennaathvarfsins hefur fest sig í sessi en í stuðningsviðtöl leita konur sem búa við ofbeldi ásamt konum sem eru að vinna úr afleiðingum þess að hafa áður verið beittar ofbeldi.

Auk þess að bjóða upp á dvöl og stuðningsþjónustu er neyðarsími Kvennaathvarfsins opinn allan sólarhringinn allan ársins hring. Þá eiga konur kost á að ganga í sjálfshjálparhópa þar sem konur sem beittar hafa verið ofbeldi vinna saman í því að takast á við afleiðingar þess.

viii. Stígamót.

Stígamót voru stofnuð árið 1990 en þau eru ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir þá sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Á vefsíðu Stígamóta kemur meðal annars fram að vinna innan samtakanna felst í því að „gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldi í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta.“

Samtals hafa 2.087 einstaklingar leitað til Stígamóta á árunum 2006–2009; 474 árið 2006, en þar af voru 266 sem leituðu til samtakanna í fyrsta skipti. Árið 2007 leituðu 527 einstaklingar til Stígamóta og af þeim leituðu 277 sér aðstoðar í fyrsta skipti. Árið 2008 leituðu 547 einstaklingar til samtakanna og 253 gerðu það í fyrsta skipti. Á árinu 2009 leituðu 539 einstaklingar til Stígamóta en af þeim leituðu 210 einstaklingar aðstoðar í fyrsta skipti. Þá leituðu 39 aðstandendur til Stígamóta en 21 þeirra var með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir.

Í töflu 12 má sjá skiptingu einstaklinga eftir kyni sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti:

Tafla 12. Skipting einstaklinga eftir kyni sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2005–2009.

	2005		2006		2007		2008*		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Konur	223	89.6%	240	90%	251	90.6%	210	89%	191	91.4%
Karlar	26	10.4%	26	10%	26	9.4%	26	11%	18	8.6%

* Heildarfjöldi nýrra mála árið 2008 var 253 en 17 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar.

Heimild: Ársskýrsla Stígamóta 2009.



Margar ástæður liggja að baki því að einstaklingar leita til Stígamóta, svo sem afleiðingar nauðgunar, vændis, sífjaspella sem og kynferðislegrar áreitni. Samtals höfðu 99 einstaklingar samband við Stígamót árið 2009 vegna sífjaspella og 64 vegna kynferðislegrar áreitni. Fimm einstaklingar leituðu til Stígamóta vegna vændis og sextán vegna kláms. Vegna gruns um nauðgun og sífjaspell höfðu samanlagt nítján einstaklingar samband árið 2009. Sé litið til aldursdreifingar einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2009 kemur fram að í 54,8% tilfella er um einstaklinga á aldrinum 18–29 ára að ræða.

ix. Starfsemi Neyðarmóttöku á Landspítala.

Neyðarmóttaka fyrir þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi er starfrækt á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Þar er veitt þjónusta hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og lækna. Enn fremur er starfandi teymi lögfræðinga sem veitir þolendum kynferðislegs ofbeldis lögfræðiaðstoð og aðstoðar þá í samskiptum við lögreglu og dómara. Samtals leituðu 145 einstaklingar til Neyðarmóttökunnar árið 2006, 136 einstaklingar árið 2007, 118 einstaklingar árið 2008 og 130 árið 2009.

Frá því að Neyðarmóttakan var opnuð árið 1993 og til loka árs 2009 höfðu alls 1.813 einstaklingar leitað til hennar eftir að hafa orðið fyrir nauðgun. Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu og mynd er fjölmennasti hópurinn (689 einstaklingar) á aldrinum 18–25 ára.

Tafla 13 og mynd 1. Aldur og fjöldi þolenda nauðgunar sem leituðu til Neyðarmóttökunnar 1993–2009.

ÁR	10–15 ára	16–17 ára	18–25 ára	26–35 ára	36–45 ára	46–55 ára	>55 ára	Fjöldi á ári
1993	10	10	12	9	4	1	0	46
1994	2	15	29	7	10	2	0	66 *
1995	6	14	20	14	16	4	2	76
1996	11	15	27	12	11	2	2	80
1997	16	18	38	19	13	3	0	107
1998	18	14	33	16	13	7	1	102
1999	16	15	26	21	21	3	1	103
2000	15	21	45	9	4	1	2	97
2001	17	21	55	18	15	9	0	135
2002	19	14	46	18	16	4	2	119
2003	16	16	48	17	12	6	4	119
2004	14	13	50	12	12	1	2	104
2005	24	19	47	17	17	4	1	130 *
2006	14	23	65	22	15	5	1	145
2007	13	19	53	35	12	2	2	136
2008	17	28	45	18	4	4	2	118
2009	26	19	50	14	12	7	2	130
Fjöldi í aldurshópum	254	294	689	278	207	65	24	1813

* Vantar kt. eins brotþola


10–17 ára 30,5 % (548)

18–25 ára 38 % (689)

10–25 ára 68,2 % (1237)

Heimild: Neyðarmóttaka Landspítala.





Heimild: Neyðarmóttaka Landspítala.

Á eftirfarandi mynd má sjá hlutfall mála sem kærð hafa verið til lögreglunnar, en eins og sjá má er innan við helmingur mála kærður.


Mynd 2. Fjöldi kærðra mála á Neyðarmóttöku 1993-2009.



Heimild: Neyðarmóttaka Landspítala.

Á mynd 3 má sjá kynjahlutfall einstaklinga sem leita til Neyðarmóttöku og eru konur í miklum meirihluta eða um 97%.

Mynd 3. Kynjahlutfall á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar 1993–2009.



Heimild: Neyðarmóttaka Landspítala.

x. Fjöldi mála vegna brota á ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála frá því í janúar 2009 barst 71 mál til embættis ríkissaksóknara árið 2007 vegna brota gegn ákvæðum 194.–199. gr. almennra hegningarlaga (hgl.). Samtals voru 49 mál felld niður en í nítján málum var ákært. Í tveimur málanna var sýknað í héraðsdómi en sakfelld í sautján þeirra. Ellefu málum var áfrýjað til Hæstaréttar sem sýknaði í einu máli en sakfelldi í tíu. Á árinu 2008 bárust 46 mál til embættis ríkissaksóknara og af þeim leiddu fjórtán til ákæru. Sakfelld var í sjö þeirra í héraðsdómi. Sjö málum var áfrýjað til Hæstaréttar og sýknaði Hæstiréttur í þremur málanna. Á árinu 2009 bárust 42 mál til embættis ríkissaksóknara og var ákært í fjórtán þeirra. Ekki er öllum málunum lokið en héraðsdómur hefur sakfelld í sex málum og sýknað í þremur málum. Hæstiréttur hefur eingöngu dæmt í einu máli frá árinu 2009 en sakfelld var í því máli.

F. HEILBRIGÐISMÁL.

i. Barneignir á Íslandi.

Þrátt fyrir efnahagsþrengingar hefur fæðingum fjölgað hér á landi ár frá ári. Á árinu 2007 fæddust 4.560 lifandi börn samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands en á árinu 2008 fæddust 4.835 lifandi börn og fjölgaði þeim enn frekar á árinu 2009 er 5.027 börn fæddust lifandi. Á árinu 2009 voru flestar fæðingar á Landspítalanum eða um 70% en næst flestar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eða um 10% fæðinga. Heimafæðingar voru 89 á árinu 2009.

Fæðingartíðni meðal kvenna hér á landi hefur lækkað um helming frá því um 1960 þegar hún var hvað hæst. Þá eignaðist hver kona að meðaltali fjögur börn á ævinni.

Árið 2003 eignaðist hver kona tvö börn að meðaltali og hélst sú fæðingartíðni stöðug fram til ársins 2005. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var fæðingartíðnin 2,1 barn á hverja konu á árunum 2005 til 2008 en á árinu 2009 var fæðingartíðnin 2,2 börn á hverja konu. Einnig má geta þess að samkvæmt upplýsingum úr Landshögum 2009 var ungbarnadauði hvergi í heiminum fátíðari en á Íslandi á árinu 2007 eða 1,5 af 1.000 lifandi fæddum.

Meðalaldur mæðra hefur lítið breyst undanfarin ár en hann mældist 29,4 ár á árunum 2001–2007 en var 29,7 ár á árinu 2009. Meðalaldur feðra hefur ekki breyst síðustu tíu ár en hann er 32,2 ár. Hið sama á við um meðalaldur kvenna sem fæða sitt fyrsta barn sem er 26,6 ár en meðalaldur karla við fæðingu fyrsta barn lækkaði lítillega frá því að vera 29,4 á árunum 2001–2007 í að vera 29,3 ár.

ii. Fóstureyðingar.

Í gildandi lögum nr. 25/1975, um fóstureyðingar, er kveðið á um að fóstureyðing sé heimil af læknisfræðilegum og félagslegum ástæðum eingöngu eða hvort tveggja og að fóstureyðing skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngutímanum, helst innan tólf vikna meðgöngu. Eftir sextánda viku er fóstureyðing eingöngu heimiluð af læknisfræðilegum ástæðum. Samkvæmt upplýsingum Landlæknisembættisins hefur fóstureyðingum farið fjölgandi hér á landi frá árinu 2004 en þá hafði þeim fækkað frá árunum á undan. Fæstar voru fóstureyðingar á árinu 2005 er þær voru 868 en á árinu 2008 voru framkvæmdar 957 fóstureyðingar og 971 fóstureyðing á árinu 2009. Til samanburðar má geta þess að á árunum 2002 voru framkvæmdar 900 fóstureyðingar og 955 fóstureyðingar á árinu 2003. Á árunum 2007–2009 voru flestar fóstureyðingar framkvæmdar hjá konum á aldrinum 20–29 ára eða um helmingur fóstureyðinga. Í aldurshópnum 15 ára og yngri voru fimm fóstureyðingar framkvæmdar á árinu 2007, engin á árinu 2008 og ein á árinu 2009. Flestar fóstureyðingar eru framkvæmdar fyrir níundu viku meðgöngu og eru flestar gerðar á félagslegum forsendum.

iii. Tæknifrjóvgun.

Í samræmi við breytta samfélagsgerð og aðstæður kvenna hér á landi fengu einhleypar konur rétt til tæknifrjóvgunar á árinu 2008 en áður var eingöngu konum sem voru í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð heimilt að gangast undir tæknifrjóvgunarmedferð. Höfðu einhleypar konur bæði í Danmörku og Finnlandi öðlast þennan rétt fyrir árið 2008. Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 54/2008 þar sem kveðið var á fyrrnefndar breytingar var meðal annars vísað til mikilla breytinga á fjölskyldumynstri á undanförunum áratugum þar sem einstæðum foreldrum hafði fjölgað. Samhliða fjölgun einstæðra foreldra og jafnari stöðu kynjanna hefði skapast ákveðin sátt um þetta fjölskylduform í þjóðfélaginu. Ýmsum hliðum málsins var velt upp í frumvarpinu en þar á meðal kemur fram að sérstaða þeirra einhleypu kvenna sem gangast undir tæknifrjóvgun sé aðallega sú að barn þeirra á einungis eitt skilgreint foreldri að lögum.



iv. Bólusetning gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2011 lagði fjárlaganefnd Alþingis til að veitt yrði 50 milljóna króna framlag til þess að undirbúa og hefja á miðju ári 2011 bólusetningu allra tólf ára stúlkna gegn HPV sýkingum og leghálskrabbameini í samræmi við ályktun Alþingis frá 10. júní 2010. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að bólusetningin sé talin koma í veg fyrir um 1,7 dauðsföll á ári og að hún vinni alls um 16,9 lífsgæðavegin lífár. Enn fremur er bent á að á verðlagi ársins 2006 hafi árlegur kostnaður við bólusetningu verið um 47 milljónir króna og sparnaður verið um 17 milljónir króna vegna fækkunar leghálskrabbameins og forstiga þess. Þá segir að HPV-bólusetning virðist vera kostnaðarhagkvæm miðað við aðstæður hér á landi og út frá ákveðnum forsendum. Jafnframt hafi rannsóknir sýnt að aukaverkanir séu vægar.

v. Lífsvenjur og heilsa.

Þegar skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands um reykingar kemur fram að af 2.598 einstaklingum (1.244 karlar og 1.354 konur), sem spurðir voru um reykingavenjur sínar árið 2009, sögðust 47,4% karla aldrei hafa reykt en 49,6% kvenna. Jafnframt sögðust 15,7% karla reykja daglega en 15,2% kvenna. Til samanburðar má nefna að árið 2007 reyktu 18,2% kvenna og 20,7% karla. Reykingar virðast því smám saman fara minnkandi á meðal þeirra sem eru búsettir hér á landi.

Ljóst er að skráðum tilvikum kynsjúkdóma fer fjölgandi með ári hverju. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2009 greindust 896 karlar eða 38,6% með klamydíu en 1.369 konur eða 58,9%. Í þessu samhengi er fróðlegt að nefna að árið 2003 greindust 614 karlar eða 37,5% með klamydíu en 962 konur eða 58,7%. Hlutföll kynjanna hafa því haldist nokkuð jöfn í gegnum árin þegar kemur að skráðum tilfellum klamydíu og eru konur í meirihluta. Árið 2007 greindust 15 karlar eða 71,4% með lekanda en fimm konur eða 23,8% en árið 2009 dró heldur saman með kynjunum þegar 24 karlar greindust með lekanda en 23 konur.

Þegar litið er til talna frá Hagstofu Íslands um HIV-smitaða einstaklinga kemur í ljós að tíðni HIV-smits er nokkuð mismunandi milli karla og kvenna. Á árunum 1996 til 2008 voru karlar oftast í meirihluta en á árinu 2009 voru HIV-smitaðir einstaklingar alls 13 á landinu, þrír karlar og tíu konur.

Talsverður munur er á hlutfalli karla og kvenna þegar kemur að tilteknum dánarorsökum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2009 létust 77 karlar á móti 56 konur af völdum kransæðastíflu. Þá létust 127 karlar vegna annarra kransæðasjúkdóma en 90 konur. Hlutfall karla sem létust vegna annarra dánarorsaka er yfirleitt hærra en hlutfall kvenna á árinu 2009 að undanskildum óhappaföllum en á því ári má rekja dauða fjórtán kvenna til þeirra en ellefu karla.




G. FORSJÁ BARNNA VIÐ SKILNAÐ FORELDRA.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur frá árinu 2002 verið algengast að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað en það varð fyrst mögulegt árið 1992. Fram að því var algengast að móðir færi ein með forsjána. Á árinu 2007 var forsjá 1.135 barna ákveðin eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra. Sameiginleg forsjá var ákveðin í tæplega 82% tilvika eða vegna 925 barna. Sama ár nutu 180 börn einungis forsjár móður og 13 börn forsjár föður. Sífelld fleiri foreldrar velja sameiginlega forsjá en á árinu 2008 var ákveðið að foreldrar færu sameiginlega með forsjá barna sinna í 86% tilvika eftir skilnað eða sambúðarslit. Á sama tíma var mæðrum ákveðin forsjá 152 barna og feðrum var ákveðin forsjá tólf barna en samtals áttu 1.183 börn hlut að máli. Eingöngu bráðabirgðatölur liggja fyrir vegna ársins 2009 en þá var forsjá 1.213 barna ákveðin eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra þeirra. Foreldrar 1.079 barna eða tæp 90% af heildarfjölda barnanna ákváðu að hafa forsjána sameiginlega eftir skilnað eða sambúðarslit. Mæðrum var ákveðin forsjá barna sinna í 115 tilvikum en þrettán feðrum var ákveðin forsjá barna sinna á árinu 2009. Í einhverjum tilvikum var öðrum en foreldrum falin forsjá barnanna.

Athyglisvert er að foreldrar ákveða oft að hafa sameiginlega forsjá barna sinna eftir slit á óvígðri sambúð samanborið við forsjá barna eftir að hjón hafa óskað eftir lögskilnaði enda þótt í báðum tilvikum verði sífelld algengara að foreldrar ákveði sameiginlega forsjá barna sinna.


Mynd 4. Þróun forsjár barna úr lögskilnuðum á árunum 1994–2008.



Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Á árinu 2007 ákváðu foreldrar að hafa sameiginlega forsjá barna sinna vegna 428 barna eða í 75% tilvika þar sem börnum var ákveðin forsjá eftir lögskilnað foreldra þeirra. Til samanburðar ákváðu foreldrar sameiginlega forsjá í 88% tilvika er 497 börnum var ákveðin forsjá eftir sambúðarslit á sama tíma. Árið eftir ákvað herra hlutfall foreldra í báðum tilvikum sameiginlega forsjá barna sinna. Eftir lögskilnað ákváðu foreldrar í 81,1% tilvika að fara sameiginlega með forsjá á árinu 2008 en í 91% tilvika þegar börnum var ákveðin forsjá eftir sambúðarslit. Á árinu 2009 ákváðu foreldrar 487 barna (85,1%) sameiginlega forsjá barna sinn eftir lögskilnað þeirra en foreldrar 592 barna (92%) ákváðu sameiginlega forsjár barna sinna eftir sambúðarslit.³

Mynd 5. Þróun forsjár barna úr sambúðarslitum 1994–2008.



Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

H. MENNTAMÁL, FJÖLMIÐLAR OG RANNSÓKNIR Í KYNJAFRÆÐUM.

i. Menntamál.

Tölur um fjölda barna í leikskólum eftir aldri hafa verið teknar saman frá árinu 1981 en á þeim tíma hefur mikil breyting átt sér stað. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru 9% barna á aldrinum 0–2 ára á leikskólum á árinu 1981, 39% á árinu 2004 en 44% árið 2009. Í aldurshópnum 3–5 ára jókst hlutfallið úr 52% í 94% árið 2006 og í 95% árið 2009. Mikilvægt er að fylgjast með þessari þróun en gott framboð dagvistarúrræða fyrir foreldra er talið vera eitt af lykilatriðum þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og fjárhagslegu sjálfstæði.

Kynjaskipting nemenda í framhaldsskólum hefur verið svo til jöfn frá árinu 1975 enda þótt kynjahlutföllin hafi snúist við. Samkvæmt heimildum Hagstofu Íslands fyrir árið 1975 var 51% nemenda karlar en 49% konur en síðar hafa konur orðið fjölmennari hópur. Haustið 2010 voru konur 51,9% nemenda á framhaldsskólastigi sem er örlítill fækkun frá árinu áður er konur voru 52,3% skráðra nemenda á framhaldsskólastigi.

³ Rétt er að taka fram að forsjárúrskurðir varða eingöngu þau börn sem foreldrar eiga saman eða hafa ættleitt þegar þeir skilja eða slíta sambúð, önnur börn eru ekki talin með.



Einnig hafa átt sér stað verulegar breytingar á háskólastigi á síðustu áratugum samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Hlutfall kvenna sem fara í háskólanám hefur aukist töluvert eða úr 48% nemenda árið 1975 í 63% árið 2009. Konum fækkar lítillega milli árana 2009 og 2010 en haustið 2010 voru 62,3% nemenda á háskólastigi konur. Hluttur kvenna í hópi brautskráðra á háskólastigi var 24% árið 1975 en var komið í 50% árið 1985. Skólaárið 1995–1996 voru konur komnar í meirihluta brautskráðra, eða 59%, og skólaárið 2008–2009 voru þær 66%. Á skólaárinu 2008–2009 kemur fram að af útskrifuðum nemendum með fyrstu prófgráðu voru konur í talsverðum meirihluta eða 66% en karlar 33%. Ef litið er til framhaldsnáms í háskólum á árinu 2008–2009 kemur fram að samtals luku 524 konur meistarágráðu eða sem svarar 60% af heildarfjölda útskrifaðra. Þegar litið er til einstaklinga sem útskrifuðust með doktorspróf skólaárið 2008–2009 kemur fram að samtals útskrifuðust 28 einstaklingar með doktorsgráðu samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, fimmtán konur og þrettán karlar.

Haustið 2009 voru nemendur skráðir til náms á 262 námsbrautir og voru konur fleiri en karlar á 61,4% námsbrautanna samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Námsval er talsvert kynbundið. Á sumum brautum er eingöngu nemendur af öðru kyninu skráðir til náms en það á til dæmis við um brautir í vélvirkjun, vélifráði, múraraiðn og fiskeldi þar sem eingöngu karlar eru skráðir og snyrtifræði, braut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum, tanntæknaþraut, ljósmóðurfræði og talmeinafræði þar sem eru eingöngu konur. Þá eru konur mikill meirihluti skráðra nemenda (88,5%) á námsbrautum sem flokkast undir heilbrigði og velferð en í minnihluta (16,9–33,4%) á námsbrautum sem teljast til raunvísinda, verkfræði og mannvirkjagerðar hvers konar. Boðið er upp á nám í hagnýtri jafnréttisfræði við Háskóla Íslands en um er að ræða 30 eininga diplómanám sem veitir nemendum hagnýta þekkingu til að starfa að jafnréttismálum. Miðað er við að nemendur hafi áður lokið BA- eða BS-prófi eða sambærilegu prófi. Í náminu er veittur hagnýtur undirbúningur að því að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í stefnumótun og ákvarðanir á öllum sviðum samfélagsins sem og önnur verkefni á sviði jafnréttis kynja. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti stundað fjarnám svo námið geti einnig nýst fólki á landsbyggðinni. Þess má geta að árið 2009 varð Gyða Margrét Pétursdóttir fyrst til að verja doktorsritgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands. Hún heitir *Within the aura of gender equality, Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility: a holistic approach*.

ii. Kynin í fjölmiðlum.

Fleiri karlar en konur eru félagar annars vegar í Bláðamannafélagi Íslands og hins vegar í félagi Fréttamanna. Konum hefur þó fjölgað í báðum þessum félögum frá árinu 2001. Í Bláðamannafélagi Íslands voru 157 konur árið 2001 eða 34,6% félagsmanna en árið 2007 voru þær 215 eða 35,9%. Árið 2009 hafði þeim fækkað aftur og voru þá orðnar 185 talsins eða 34,7%. Körlum fjölgaði einnig sem félagsmönnum Bláðamannafélagi Íslands á þessu tímabili úr 297 í 347. Árið 2001 voru 15 konur félagar í Félagi fréttamanna eða 25,4% félagsmanna en árið 2009 voru þær orðnar 26 eða 39%. Karlönnum fækkaði hins vegar í félaginu á þessu tímabili, eða úr 44 árið 2001 í 40 árið 2009.



Á vegum *Global Media Monitoring Project* (GMMP) var framkvæmd rannsókn á hlut kynjanna í fréttamiðlum heims samtímis einn tiltekinn dag. Samtals tóku 108 lönd þátt og voru fréttamiðlar vaktaðir 10. nóvember 2009. Niðurstöður rannsóknarinnar á Íslandi voru kynntar í október 2010 og af þeim verður ráðið að konur séu í minnihluta, eða 27%, í fjölmiðlum þegar litið er til þeirra sem starfa á fjölmiðlum og þeirra sem fjölmiðlar fjalla um eða ræða við. Samkvæmt rannsókninni koma kynin mismunandi oft við sögu í hinum ýmsu fréttaflokkum. Konur eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 15–28% fréttu eftir því hvaða fréttaflokkar eiga í hlut. Hlutfallið er hæst í fréttum um félagsmál en lægst í fréttum um vísindi og heilsu. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að fréttakonur séu mun færri en fréttakarlar en þó virðist ekki vera mikil kynjaskipting þannig að konur fjalli síður en karlar um svokölluð hörð fréttamál eins og pólitík, efnahagsmál og afbrot. Þá kemur fram að jafnvel þó hlutfall kynja í tilteknum fréttaflokki sé svipað, til dæmis í fréttaflokknum íþróttir, listir, frægt fólk og fjölmiðlar, sé innihald fréttanna um kynin mjög ólíkt. Umfjöllun um konur í flokknum fræga fólk sé mjög kynjuð og fréttirnar fjalli lítið um frammistöðu kvennanna í starfi en meira um útlit þeirra og aldur. Myndefnið sé gjarnan líkamar þeirra og dæmi séu um mjög kynferðislegt yfirbragð. Kynjahlutföll segi því ekki alla söguna. Loks kemur fram að jafnvel þegar töluleg hlutföll í fréttaflokknum séu svipuð geti inntak umfjöllunar verið með þeim hætti að staðalímyndum kynjanna sé viðhaldið.⁴

iii. Rannsóknir.

1. Hagskýrslugerð hjá Hagstofu Íslands.

Samkvæmt 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum greint milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því. Í starfi Hagstofu Íslands er þess ávallt gætt að farið sé eftir ákvæði þessu þannig að greint sé á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu niðurstaðna, þegar því verður við komið, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Einnig hefur Hagstofa Íslands gefið út Hagtiðindi sérstaklega með tölum um karla og konur.

Á árunum 2007–2010 stóð félags- og tryggingamálaráðuneytið, í samvinnu við Jafnréttisstofu og Hagstofu Íslands, fyrir útgáfu upplýsingabæklings undir heitinu *Konur og karlar á Íslandi*. Í bæklingnum er að finna samantekt á helstu tölum um hlutföll kynjanna í ýmsum málaflokkum, svo sem upplýsingar um mannfjölda, fjölskyldugerð, töku fæðingarorlofs og stöðu kynjanna á vinnumarkaði sem og í menntakerfinu. Bæklingurinn var einnig gefinn út á ensku.

2. Öndvegissetrið EDDA.

Öndvegissetrið EDDA er nýr vettvangur fyrir gagnrýnar samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á kynjajafnrétti og margbreytileika. Verkefnið var eitt af þremur öndvegisverkefnum sem styrkt voru

4 Skýrslu um rannsóknina eftir Eygló Árnadóttur, Valgerði Önnu Jóhannsdóttur og dr. Þorgerði Einarsdóttur er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://skemman.is/stream/get/1946/6832/18594/1/35-45_EyglóArnáD_FELMANbok.pdf



á grundvelli markáætlunar Vísinda- og tækniráðs árið 2009. Irma Erlingsdóttir er framkvæmdastjóri Öndvegissætursins EDDU en hún hefur unnið að því að þróa, skipuleggja og ýta verkefninu úr vör ásamt samstarfsmönnum sínum, Sigríði Þorgeirsdóttur, prófessor í heimspeki, og Val Ingimundarsyni, prófessor í samtímasögu. Markmið öndvegissætra eins og EDDU, sem reist er á markáætlun Vísinda- og tækniráðs, er að styrkja rannsóknir og tengslanet á tilteknu sviði sem síðan leiða til fræðilegrar þekkingarsköpunar og skila ávinningi fyrir samfélagið eins og til dæmis með áhrifum á stefnu stjórnvalda. Á fyrsta starfsári Öndvegissætursins EDDU var megináherslan lögð á rannsóknir á áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og bankahrunsins á menningu, stjórnsmál og félagskerfi hér á landi.

I. KYN OG LOFTSLAGSMÁL.

Eitt nýjasta viðfangsefnið á sviði kynjaumræðunnar er kyn og loftslagsmál. Í ljós hefur komið að fáar konur koma að stefnumótun í umhverfismálum en þau snerta framtíð alls mannkyns. Konur stýra að miklu leyti neyslu heimilanna og vestrænar konur eru miklir neytendur. Þær geta því haft mikil áhrif við að draga úr mengun, orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Karlar eru aftur á móti í meirihluta þeirra sem nota einkabíla (til dæmis 70% í Svíþjóð) en konur nýta almenningssamgöngur í ríkari mæli. Karlar gætu því lagt mikið af mörkum við að draga úr kolefnislosun með því að keyra minna. Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem farast af völdum náttúruhamfara en það er staðreynd sem þarf að taka mið af í öllum forvarnar- og viðbragðsáætlunum. Það er því brýnt að koma kynjasjónarhorni inn í stefnumótun og aðgerðaáætlanir í umhverfismálum. Í desember 2009 var haldin loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn (*COP15*) þar sem til stóð að semja um frekari takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Norðurlöndin stóðu fyrir sérstökum hliðarviðburði á ráðstefnunni um kyn og loftslagsmál þar sem tillögur Norðurlandanna voru kynntar. Í mars 2009 voru tillögurnar einnig kynntar á hliðarviðburði á 53. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York ásamt því sem stutt heimildamynd var sýnd. Áhugi er fyrir því að Ísland láti meira til sín taka á þessum vettvangi en íslensk stjórnvöld voru í forystu hvað varðar að koma kynjasjónarhorni inn í samningstextann á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn og voru þau sérstaklega heiðruð fyrir það.

J. ERLENT SAMSTARF Á SVIÐI JAFNRÉTTISMÁLA.

i. Sameinuðu þjóðirnar.

1. Kvennanefndin.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (*Commission on the Status of Women*) var sett á fót árið 1946 sem ein af undirnefndum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (*ECOSOC*). Nefndinni var fengið það verkefni að útbúa tilmæli og skýrslur til efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um eflingu borgaralegra, stjórnsmálalegra,

efnahagslegra og félagslegra réttinda kvenna. Meginmarkmið nefndarinnar hefur verið að jafna rétt kynjanna. Eftir fjórðu kvennaráðstefnuna sem haldin var í Peking 1995 veitti allsherjarþingið nefndinni umboð til að takast á hendur eftirfylgni við yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun Peking-ráðstefnunnar. Viðamikil endurskoðun fór fram í tengslum við fimm ára afmæli Peking-ráðstefnunnar á 23. aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 þar sem samþykkt voru frekari markmið hvað varðar jafnrétti kynjanna.

Ísland var í fyrsta skipti kosið í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna vorið 2004 og tók formlega sæti í nefndinni árið 2005. Með 52. fundi kvennanefndarinnar árið 2008 lauk því fjögurra ára setu Íslands í nefndinni. Fulltrúar 45 ríkja sitja í nefndinni sem kosnir eru eftir ákveðnu skipulagi þar sem landfræðilegrar dreifingar er gætt en hvert kjörtímabil stendur yfir í fjögur ár. Norðurlöndin hafa gert með sér óformlegt samkomulag um að eitt þeirra eigi ávallt sæti í nefndinni og var það Svíþjóð sem tók við keflinu af Íslandi. Seta Íslands í nefndinni var samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis (nú velferðarráðuneytis) og utanríkisráðuneytisins. Áhersla er lögð á samstarf við frjáls félagasamtök, svo sem UNIFEM, Kvenréttindafélag Íslands og Stígamót, en fulltrúar þeirra hafa átt sæti í sendinefd Íslands á fundum kvennanefndarinnar og innt af hendi mikilvægt framlag til starfsins. Staða jafnréttismála á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum hefur vakið athygli og hlotið jákvæða umfjöllun innan nefndarinnar. Finna má upplýsingar um störf nefndarinnar og niðurstöður á heimasíðu hennar: <http://www.un.org/womenwatch/daw/csw>.

Á 53. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2009 var meginumræðuefnið jöfn ábyrgð kynjanna á umönnun með sérstöku tilliti til alnæmis. Var þar meðal annars fjallað um ólaunaða og ósýnilega vinnu kvenna inni á heimilum sem mjög oft er vanmetin. Þessi vinna kvenna er ekki mæld eða metin og því verður til ósýnilegt kerfi sem er þó mjög mikilvægt til að mæta ýmsum vandamálum, svo sem umönnun alnæmissjúklinga, en hún lendir oft en ekki á herðum kvenna. Skerðir það líf skjör þeirra auk þess sem möguleikar þeirra til að mennta sig og afla sér viðurværis á vinnumarkaði minnka. Einnig var fjallað um konur og loftslagsbreytingar en könnun leiðir í ljós að fáar konur koma að stefnumótun og ákvarðanatöku í umhverfismálum. Enn fremur virðist sem mun fleiri konur en karlar láti lífið í náttúruhamförum.

Norðurlöndin stóðu fyrir hliðarviðburði á fundinum sem fjallaði um umönnun frá vöggu til grafar. Þar var sjónum beint að fæðingarorlofi en þar standa Íslendingar fremstir í flokki varðandi töku karla á fæðingarorlofi. Rætt var um aukna þátttöku karla í umönnun og hvort tilefni væri til að taka upp fleiri tegundir orlofs, til dæmis vegna veikinda foreldra.

54. fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2010 var helgaður 15 ára afmæli yfirlýsingarinnar og framkvæmdaráætlunarinnar sem samþykkt var á Peking-ráðstefnunni. Meginumræðuefnið var völd kvenna á öllum sviðum auk þess sem kynbundið ofbeldi var mikið rætt og árangur tíundaður hvað varðar lagasetningu og aðgerðir. Þá var mikið fjallað um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á jafnréttisstarfi



Sameinuðu þjóðanna en til stendur að sameina í eina stofnun þær stofnanir og skrifstofur sem nú annast þau mál.

Norðurlöndin stóðu fyrir tveimur hliðarviðburðum á fundinum. Á öðrum þeirra ræddu ráðherrar ríkjana sem fara með jafnréttismál um árangur síðustu fimmtán ára og hvað væri framundan. Hinn viðburðurinn var sérfræðingafundur þar sem löndin skiptu með sér verkum við að ræða hvaða mál væru brýnust. Rætt var um kyn og völd, kyn og loftslagsbreytingar og ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið, öryggi og kynbundið ofbeldi.

2. Samningurinn um afnám allrar mismununar gegn konum.

Árið 2009 voru 30 ár síðan samningurinn um afnám allrar mismununar gegn konum var lagður fram til undirritunar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar undirrituðu sáttmálann á annarri kvennaráðstefnunni í Kaupmannahöfn árið 1980 en hann var þó ekki staðfestur fyrr en 1985. Í tilefni af 30 ára afmæli hans var sáttmállinn gefinn út í sérútgáfu árið 2010. Var útgáfan samvinnuverkefni Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisstofu og fleiri aðila. Auk þess var haldin ráðstefna um sáttmálann 27. mars 2009.

Sérfræðinganefndin sem starfar á grundvelli samningsins um afnám allrar mismununar gegn konum hefur boðið íslenskum stjórnvöldum að skila sjöundu og áttundu skýrslu um framkvæmd samningsins hér á landi í sameiginlegri skýrslu árið 2014.

ii. Samstarf á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópuráðsins.

1. Almenn.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið starfar nefnd sem fylgist með stöðu jafnréttismála innan Evrópusambandsins. Ísland fer nú með formennsku í nefndinni sem hittist að jafnaði tvisvar á ári. Nefndin fer yfir nýjar gerðir Evrópusambandsins sem og þær sem eru í undirbúningi auk þess að kynna sér viðburði og umræður á sviði jafnréttismála á vettvangi Evrópusambandsins. Nýlega var samþykkt að víkka út starfssvið nefndarinnar þannig að hún muni hér eftir fylgjast með gerðum og starfi sem snýr að öðrum tegundum mismununar en kynjamisrétti, til dæmis vegna uppruna, kynhneigðar og fötlunar.

Ísland á áheyrnarfulltrúa í ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál (*Advisory Committee on Gender Equality*). Sú nefnd fær tillögur að gerðum til umsagnar auk þess að taka þátt í mótun jafnréttisstefnu Evrópusambandsins og veita því aðhald. Endurskoðun á jafnréttisstefnunni (*A Roadmap for Equality between Women and Men*) lauk á síðasta ári en ný áætlun um jafnrétti milli kvenna og karla (*Strategy for equality between women and men 2010–2015*) var samþykkt 21. september 2010. Megináherslur í nýju áætluninni eru efnahagslegt jafnrétti, launajafnrétti, jafnrétti við ákvarðanatöku, virðing, friðhelgi, barátta gegn kynbundnu ofbeldi og að ýta undir kynjajafnrétti utan Evrópusambandsins.



Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins (*European Institute for Gender Equality*) var stofnuð í Vínús í Litháen 20. desember 2006 en framkvæmdastjóri hennar var ráðinn 16. apríl 2009. EES/EFTA-ríkin höfðu mikinn áhuga á að gerst fullgildir aðilar að stofnuninni en ekki tókst að komast að niðurstöðu um aðkomu þeirra að stjórn stofnunarinnar. Að lokum drógu EES/EFTA-ríkin til baka ósk sína um þátttöku í stofnuninni. Var það einkum gert með hliðsjón af því að þátttaka á þeim forsendum að EFTA-ríkin fengju ekki rétt til setu í stjórn á sömu forsendum og Evrópusambandsríkin, að undanskildum atkvæðisrétti, skapaði nýtt fordæmi varðandi þátttöku EES/EFTA-ríkjana í stofnunum Evrópusambandsins.

Ísland á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins. Á vettvangi hennar hefur sjónum einkum verið beint að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Árið 2008 lauk mikilli herferð gegn ofbeldi í nánum samböndum og var gerð viðamikil könnun í aðildarríkjum ráðsins. Í ljós kom að Íslendingar eiga langt í land á ýmsum sviðum, sérstaklega hvað varðar aðstoð og vernd fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.

2. *Progress-áætlunin.*

Progress er jafnréttis- og vinnumálaáætlun Evrópusambandsins sem tók gildi árið 2007 og stendur til ársins 2013. Fjórar af fyrri áætlunum sambandsins voru sameinaðar í eina en í þessari áætlun er sjónum einkum beint að vinnumálum, jafnrétti kynjana, félagsvernd, samfélagi án aðgreiningar og vinnuvernd. Í öllum verkefnum sem njóta styrkja á vegum *Progress* skal taka mið af samþættingu kynjasjónarmiða. Á árunum 2008 til 2009 voru veittir styrkir í verkefni á sviði jafnréttismála fyrir 3,46 milljarða króna til þeirra landa sem taka þátt í *Progress*. Jafnréttisstofa hefur sótt um í sjóðinn frá upphafi hans og hefur fengið styrki fyrir samanlagt 47,85 milljónir króna frá árinu 2008. Þar á meðal eru verkefni er fjalla um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Einnig hefur verið sótt um styrki til verkefna sem fjalla almennt um mismunun. Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur haft umsjón með slíkum verkefnum en fjöldi samstarfaðila hafa tekið þátt í þeim verkefnum í gegnum árin og má þar nefna félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fjölmenningarsetrið, Háskóla Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Rauða krossdeild Akraness, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Samráðsvettvang trúarbragða og Öryrkjabandalag Íslands. Sem dæmi um verkefni sem hafa hlotið styrk á vegum *Progress*-áætlunarinnar er útgáfa bæklingisins *Réttur þinn, Mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi*. Jafnréttisstofa hlaut tvönnu styrki árið 2010 úr *Progress*-áætluninni að andvirði rúmlega 10 milljónum króna. Samstarfsverkefni í umsjón Mannréttindaskrifstofu Íslands hlaut styrk fyrir árið 2011 að fjárhæð 39,8 milljónir króna.

3. *Daphne III.*

Daphne-áætlunin er meðal þeirra Evrópusambandsáætlana sem Ísland tekur þátt í. Hlutverk áætlunarinnar er að styðja við verkefni sem vinna gegn ofbeldi gegn konum, börnum og ungmennum. Meginmarkmiðið er að hvetja til og koma á fót skammtíma-



og langtímaverkefnum sem ætlað er að vernda þessa hópa fyrir hvers kyns ofbeldi. Árið 2008 var meðal annars lögð áhersla á verkefni gegn mansali og kynferðislegri misnotkun, ofbeldi sem tengist ákveðnum hefðum og má þar nefnda umskurð kvenna og heiðursmorð, sem og verkefni gegn ofbeldi á konum og börnum innan heimilis og í skólum. Á árunum 1997 til 2006 hefur *Daphne*-áætlunin styrkt yfir 470 verkefni víðs vegar um Evrópu. Á tímabilinu 1997–2004 tók Ísland þátt í átta verkefnum. Má þar nefna samstarfsverkefnið *Child Pornography – Internet Hotline Providers in Europe* sem Barnaheill tók þátt í ásamt þátttakendum frá ellefu öðrum löndum og samstarfsverkefnið *Minority Women Victimised by Repeat Perpetrators* sem Stígamót tók þátt í ásamt þátttakendum frá fimm öðrum löndum.

iii. Norðurlandasamstarf á sviði jafnréttismála.

Jafnréttisráðherrar Norðurlandanna hafa starfað saman frá árinu 1974 um sameiginleg hagsmunamál á sínu sviði. Þeirri meginreglu er fylgt í norrænu samstarfi að miða við norrænt notagildi. Norrænu jafnréttisstarfi er stjórnað í samvinnu ráðherranefndarinnar fyrir jafnrétti (*MR-JÄM*) og embættismannanefndarinnar fyrir jafnrétti (*ÅK-JÄM*). Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009 og stóð meðal annars fyrir fjórum ráðstefnum tengdum jafnréttismálum. Haldin var tveggja daga námstefna í Þórshöfn í Færeyjum til að leggja áherslu á samvinnu landanna sem tilheyra *Vestnorden*, þ.e. Færeyja, Grænlands og Íslands. Fyrri daginn var fjallað um jafnrétti í skólastarfi og þann síðari um jafnréttislög og jafnréttisáætlanir. Jafnframt var haldin fyrrnefnd ráðstefna um jafnrétti í skólastarfi þar sem meðal annars fór fram kynning á samantekt á norrænum skóla- og námsrannsóknnum. Íslenska verkefnið *Jafnrétti í leik- og grunnskólum* var kynnt sérstaklega og fer nú fram víðtæk kynning á því sem meðal annars má lesa á heimasíðu þess: www.jafnrettiiskolum.is. Þá var haldin ráðstefna um foreldraorlof á Norðurlöndunum en miklar umræður eiga sér nú stað víða í Evrópu um foreldraorlof enda hefur dregið mikið úr barnsfæðingum og ljóst að ekki tekst að snúa þróuninni við jafnframt því að auka atvinnuþátttöku kvenna öðruvísi en að komið verði til móts við fjölskyldur með bættri þjónustu. Fæðingar- og foreldraorlof á Norðurlöndum hefur því vakið mikla athygli víða um lönd, ekki síst fæðingarorlof feðra á Íslandi. Loks var fyrrnefnd ráðstefna, *Kyn og völd*, haldin.

Norrænu jafnréttisráðherrarnir samþykktu í október 2010 nýja samstarfsáætlun fyrir árin 2011 til 2014 sem ber heitið *Jafnrétti skapar sjálfbært þjóðfélag*. Virk þátttaka karla og stráka og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verða áhersluatriði norræns jafnréttisstarfs á næstu fjórum árum. Jafnréttisráðherrarnir leggja mikla áherslu á að vinna gegn ofbeldi í nánnum samböndum og er sú barátta leiðarstef í samstarfsáætluninni. Í samstarfsáætluninni skipar jafnréttissamstarf við ráðherra Eistlands, Lettlands, Litháen og Norðvestur-Rússlands einnig mikilvægan sess. Almenn forgangsmál í norrænu jafnréttissamstarfi eru jafnrétti á vinnumarkaði, jafnrétti í menntun, kyn, uppruni og jafnrétti og að útrýma kynbundnu ofbeldi.



Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (*NIKK*) sem fjármögnuð er af ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar á sviði jafnréttismála hrindir í framkvæmd, styður og samhæfir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndunum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda norrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við nágrannalöndin innan Evrópu-sambandsins, Eistland, Lettland og Litháen, byggist á samstarfsáætlun Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um jafnréttismál sem var samþykkt af jafnréttisráðherrum landanna árið 1998 og var tíu ára afmæli samkomulagsins fagnað á sameiginlegum ráðherrafundi ríkjanna átta í Eistlandi í maí 2008. Ákveðið var að halda samstarfinu áfram og er mansal eitt af meginþemum þess. Markmið jafnréttissamstarfsins við hin baltnesku löndin er að vinna áfram að samþættingu jafnréttis innan pólitískrar ákvarðanatöku á staðbundnum, svæðisbundnum og þjóðlegum vettvangi og miðla upplýsingum um árangursríkar aðferðir.

Á vegum norræna samstarfsins hefur verið unnið að fjölmörgum viðfangsefnum með rannsóknnum, ráðstefnum og útgáfu skýrslna. Sérstök áhersla hefur verið undanfarið á loftslagsmál og jafnrétti.

iv. Jafnréttisskólinn.

Alþjóðlegur jafnréttisskóli (*GET-Programme*) var settur á fót í nóvember árið 2009 eftir tveggja ára undirbúningsferli. Jafnréttisskólinn er byggður upp að fyrirmynd Jarðhitaskóla, Sjávarútvegsskóla og Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sem allir eru reknir hér á landi og eru liður í þróunarsamvinnu Íslands. Skólinn býður styrkþegum frá þróunarríkjum og átakasvæðum þjálfun og hagnýta ráðgjöf um aðgerðir og leiðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Jafnréttisskólinn stefnir að því að sækja um aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Skólastjóri er Dr. Annadís G. Rúdólfsdóttir. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafraeðum við Háskóla Íslands er samstarfsaðili skólans og hýsir þróunarverkefnið sem nýtur fjárhagsstuðnings utanríkisráðuneytisins.

K. KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA.

Á árinu 2009 bárust 11 mál til kæruneftndar jafnréttismála. Tvö erindanna vörðuðu uppsögn úr starfi, tvö vörðuðu launakjör, fjögur vörðuðu ráðningu í starf, eitt varðaði aðgengi fyrir hjólastóla, eitt varðaði stöðu nema í framhaldsnám og loks varðaði eitt erindanna reglur um málsmeðferð. Í fimm málum var ekki talið að um brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið að ræða, í einu máli var niðurstaðan sú að um brot hefði verið að ræða. Í tveimur málanna var erindunum vísað frá og tvö mál voru afturkölluð.

Fimm erindi bárust til kæruneftndar jafnréttismála árið 2010. Fjögur þeirra vörðuðu ráðningu í starf og eitt varðaði kynferðislega áreitni. Í einu málanna var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri um brot gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að ræða, einu erindanna var vísað frá og það þriðja var ekki tekið til meðferðar. Tvö erindanna eru enn í vinnslu.



L. DÓMAR HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS Í JAFNRÉTTISMÁLUM.

Tveir dómur féllu í Hæstarétti í jafnréttismálum á tímabilinu 2008–2010. Þeir vörðuðu báðir stöðuveitingu og ekki var talið að um brot gegn þágildandi jafnréttislögum hefði verið að ræða í hvorugu málanna.

i. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 686/2008, frá 24. september 2009.

I var meðal 14 umsækjenda um stöðu rektors L sem auglýst var laus til umsóknar í júlí 2004. Háskólaráð L veitti umsögn um það hverjir af umsækjendum uppfylltu skilyrði laga til að gegna stöðu rektors og í kjölfarið voru allir umsækjendur boðaðir til starfsviðtals í landbúnaðarráðuneytinu. Landbúnaðarráðherra skipaði Á í stöðu rektors í ágúst sama ár og óskaði I eftir rökstuðningi ráðuneytisins. Kom þar meðal annars fram að Á hefði haft sterka sýn um framtíð íslensks landbúnaðar og stöðu L innan hans. I sendi kvörtun vegna stöðuveitingarinnar til umboðsmanns Alþingis og vísaði málinu jafnframt til kærunefndar jafnréttismála. I höfðaði síðan mál og krafðist þess að viðurkennt yrði að með ráðningu í stöðu rektors L hefði landbúnaðarráðherra brotið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þá krafðist hún jafnframt viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda gagnvart sér. Byggði L meðal annars á því að vegna menntunar sinnar og starfsreynslu hefði hún verið hæfari til að gegna starfi L en sá sem ráðinn var. Taldi hún að kynjasjónarmið lægju að baki stöðuveitingunni, þar sem ekki hefði verið unnt að útskýra með fullnægjandi hætti hvers vegna gengið hefði verið framhjá henni. Þá taldi hún að ef ekki yrði fallist á að hún hefði verið hæfari en sá sem ráðinn var yrði að miða við að hún hefði að minnsta kosti verið jafnhæf viðkomandi aðila og því hefði borið að skipa hana sem konu í stöðuna vegna þess lága hlutfalls kvenna sem væru í stjórnunarstöðum á vegum ráðuneytisins. Var talið að þegar litið væri til þeirra gagna sem fyrir lægju í málinu um störf og stjórnunarreynslu I og Á yrði að telja að samanburður á milli þeirra væri I óhagstæður. Þá lá fyrir að frammistaða Á í starfsviðtali hefði verið mun betri en I. Þótt starfsviðtölin hefðu haft verulegt vægi við mat á hæfni umsækjenda og þeirra hefði ekki verið getið sérstaklega í auglýsingu um stöðu rektors yrði ekki á það fallist að leiða mætti líkur að því að forsendur ráðherra við ráðninguna væru byggðar á ómálefnalegum ástæðum. Þá var ekki talið að sá annmarki, að þess hefði ekki verið gætt að skrá meginatriðin í svörum umsækjenda í starfsviðtali, hefði skipt máli varðandi skipun ráðherra í embættið. Var fallist á það með Í að Á hefði verið hæfari til að gegna starfinu en I og ekki hefðu verið leiddar líkur að því að um mismunun vegna kynferðis hefði verið að ræða. Var kröfum I hafnað. Staðfesti Hæstiréttur héraðsdóm með vísan til forsendna.

ii. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 25/2009, frá 10. október 2009.


A var ein fjögurra umsækjenda um starf lektors eða dósents í tölvunarfræði við tölvunarfræðiskor í verkfræðideild H sem auglýst var laust til umsóknar í október 2004. Að áliti dómnefndar voru tveir umsækjendur, A og K, taldir hæfir til að gegna stöðu



dósent. Verkfræðideild H fékk dómnefndarálitid til umfjöllunar og var það tekið fyrir á deildarfundi 8. júní 2005. Á fundinum var samþykkt að mæla með því að K yrði ráðinn í stöðuna og óskað eftir því að það yrði gert í bréfi deildarforseta til rektors 23. júní sama ár. Í bréfinu kom fram að mat meirihluta fundarmanna hefði verið að það sjónarmið sem vægi þyngst við ákvörðun um ráðstöfun starfsins væri þörf verkfræðideildar fyrir kennslu í grunnnámi, en að teknu tilliti til þess væri K hæfasti umsækjandinn í starfið. Af hálfu rektors var óskað eftir ítarlegri rökstuðningi fyrir þessu og var hann veittur á grundvelli samþykktar deildarfundar 14. október 2005. Að þessum rökstuðningi fengnum féllst rektor á tillögu deildarinnar. J höfðaði síðar mál fyrir hönd A og krafðist þess að viðurkennt yrði að með því að ganga fram hjá A við ráðningu í stöðuna hefði H brotið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þá var krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu H vegna fyrrgreindrar ráðningar og greiðslu miskabóta. Talið var að við mat á því hver af hæfum umsækjendum teldist hæfastur til að gegna starfi dósentis yrði að teljast lögmætt sjónarmið að leggja mesta áherslu á kennsluþáttinn, eins og gert hafi verið af hálfu verkfræðideildar. Deildarfundur hefði á þessum grunni metið K hæfari en A og bæri að hafna því að matið byggðist á ómálefnalegum forsendum eða væri bersýnilega rangt. Var hvorki fallist á að brotnar hefðu verið reglur stjórnáskýlulaga né að leiddar hefðu verið líkur að því að beinni eða óbeinni mismunun hefði verið beitt vegna kynferðis við ráðningu í starfið. Var því hafnað að brotið hefði verið gegn þágildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og H sýknaður af kröfum J.



Jafnrétti kynjanna í tölum




Mannfjöldi, íbúar og fjölskyldur

Liðskólar - Mannfjöldi á íbúum	Allt	Konur	Karlar
Mannfjöldi 1. janúar 2010	817,69	157,694	159,996
Mannfjöldi 2010 0-19, %	28,4	29	28,8
Mannfjöldi 2010 20-64, %	58,6	58,3	60,8
Mannfjöldi 2010 65+, %	13	13,1	10,9
Lifandi fæddir 2009	5,027	2,498	2,529
Fjórðarmáttudali 2009	3,2	-	-
Meðalsíður mæðra/fæðra - 311 börn fædd 2009	-	29,7	32,2
Meðalsíður mæðra/fæðra - fyrsta barn 2009	-	28,8	29,3
Hjónvegjur 2009	1,48	-	-
Hjónvegjur á 1.000 íbúa 2009	4,5	-	-
Meðalsíður brúðgjötra, fyrsta hjónvegja 2009	-	31,8	34,5
Lagabætur 2009	390	-	-
Lagabætur pr. 1.000 íbúa 2009	1,7	-	-
Einbætur mæðra/fæðra með börn 2010	12,805	11,703	11,182
Meðalsíðurlengi við fæðingu 2008, ár	-	83,3	79,7
Dánir árs 2009	1,002	509	1,003
Dánir á 1.000 íbúa 2009	6,3	6,1	6,4


Tafla 1 Mannfjöldatölur - yfirlit ára 2009 og 2010

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is






Mynd 2 Fjölskyldugerðir, ekki einstaklingar, árið 2010

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Heimild: Fæðingarorlofssjóður




Mynd 4 Brottfluttur frá Íslandi, án aðfluttra

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 5 Hjónavígslur og lögskilnaðir á Íslandi frá 1997 til 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Stjórnsmál




Mynd 6 Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir kyni 1983 til 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 7 Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni 1963 til 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 8 Kjörnir fulltruar í sveitarstjórn eftir kyni frá 1978 til 2010


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Áhrifastöður




Mynd 9 Framkvæmdarstjórar eftir kyni

Heimild: Hlutafélagaskrá, Ríkisskattstjóri




Mynd 10 Hlutfall kynja meðal stjórnarformanna 100 stærstu fyrirtækja landsins 2005 og 2007

Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan




Mynd 11 Hlutfall karla og kvenna meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu fyrirtækja landsins 2005 og 2007


Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan



Mynd 12 Hlutfall karla og kvenna meðal æðstu stjórnenda 100 stærstu fyrirtækja landsins 2005 og 2007


Heimild: Háskólinn á Bifröst, Jafnréttiskennitalan





Mynd 13 Konur og karlar í áhrifastöðum á Íslandi árin 2009 og 2010


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 14 Aðalmenn í bankaráði Seðlabanka Íslands 1991 til 2011


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Vinnumarkaðurinn




Mynd 15 Hlutfall kynja meðal starfsstétta árið 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 16 Hlutfall fyrirtækja með 25 starfsmenn og fleiri sem hafa jafnréttisáætlun 2008

Heimild: Tryggvi Hallgrímsson úrtakskönnun unnin fyrir Vinnumálastofnun




Mynd 17 Atvinnuþátttaka karla og kvenna á Íslandi

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 18 Heildarlaun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt og kyni 2009 mánaðarlaun í þúsundum króna

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 19 Þróun atvinnuleysis meðal karla og kvenna á Íslandi, frá september 2008 til september 2010

Heimild: mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði - Vinnumalastofnun




Mynd 20 Heildarlaun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir kyni á árunum 1999 til 2009. Niðurstöður byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands sem er úrtaksrannsókn. Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna.

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 21 Starfandi eftir starfsstéttum árið 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 22 Regluleg laun (meðaltal f. fullvinnandi) á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni árið 2009. Niðurstöður byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands sem er úrtaksrannsókn.

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 21 Starfandi eftir starfsstéttum árið 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 24 Forstöðumenn ríkisstofnana eftir ráðuneytum 2008


Byggt á lista yfir ríkisstofnanir og forstöðumenn þeirra sem birtur er á vef fjármálaráðuneytisins

Menntun




Mynd 25 Skráðir nemendur í skólum á háskólastigi eftir kyni 1980 til 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 26 Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði og kyni árið 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is





Mynd 27 Starfsfólk eftir starfsheiti við háskóla á Íslandi 2010


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 28 Menntun meðal 25 til 64 ára árið 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Heilbrigðismál




Mynd 29 Lífslíkur við fæðingu 1931 til 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 30 Meðalaldur Íslendinga 1940 til 2010, ar og kyn

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 31 Vismenn á stofnunum fyrir aldraða á Íslandi

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is




Mynd 32 Ófrjösemissaðgerðir karla og kvenna á Íslandi árin 1988 til 2009

Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 33 Fóstureyðingar 1983 til 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is



Mynd 34 Krufningar eftir kyni 1997 til 2009


Heimild: Hagstofa Íslands, sjá: hagstofa.is

Kynbundið ofbeldi




Mynd 35 Hlutfall íslenskra og erlendra kvenna af skjólstæðingum Kvænnaathvarfs


Heimild: Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir fyrir Velferðarvakt



Mynd 36 Komur á neyðarmóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss 2005 til 2010

Heimild: Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir fyrir Velferðarvakt





VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ